

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur ranibizumab* 10 mg. Hvert hettuglas inniheldur ranibizumab 2,3 mg í 0,23 ml lausn. Þetta er nægilegt magn til að gefa fullorðnum sjúklingum stakan 0,05 ml skammt sem inniheldur 0,5 mg af ranibizumabi og fyrirburum stakan 0,02 ml skammt sem inniheldur 0,2 mg af ranibizumabi.

*Ranibizumab er einstofna mannaaðlagður mótefnisbútur, framleiddur í *Escherichia coli* frumum með raðbrigða DNA tækni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.

Tær, litlaus til fólbrúngul vatnslausn.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Lucentis er ætlað fullorðnum:

- Til meðferðar við nýæðamyndandi (votri) aldurstengdri hrörnun í augnbotnum (AMD).
- Til meðferðar við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (diabetic macular oedema (DME)).
- Til meðferðar við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (proliferative diabetic retinopathy (PDR)).
- Til meðferðar við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu (retinal vein occlusion (RVO)) (lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch RVO) eða miðbláæðalokunar í sjónu (central RVO)).
- Til meðferðar við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu (CNV).

Lucentis er ætlað fyrirburum:

- Til meðferðar við sjónukvilla fyrirbura (retinopathy of prematurity (ROP)) á svæði I (stig 1+, 2+, 3 eða 3+), svæði II (stig 3+) eða ágengum afturlægum sjónukvilla fyrirbura (aggressive posterior ROP).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Einungis þar til hæfir augnlæknar með reynslu af inndælingu í glerhlaup mega gefa Lucentis.

Skammtar

Fullorðnir

Ráðlagður skammtur af Lucentis hjá fullorðnum er 0,5 mg, gefinn sem stök inndæling í glerhlaup. Þetta samsvarar 0,05 ml rúmmáli til inndælingar. Tími á milli tveggja skammta í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Meðferð hjá fullorðnum er hafin með einni inndælingu í mánuði þar til hámarkssjónskerpa næst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm, þ.e. engin breyting í sjónskerpu eða öðrum einkennum sjúkdómsins við áframhaldandi meðferð. Hjá sjúklingum með vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum (wet AMD), sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME), sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR) og bláæðalokun í sjónu (RVO) getur í upphafi þurft að gefa þrjár eða fleiri mánaðarlegar inndælingar í röð.

Síðan skal eftirlit og tími á milli meðferða ákveðinn af læknum og skal byggjast á virkni sjúkdómsins metið út frá sjónskerpu og/eða líffærafræðilegum þáttum.

Ef sjónrænir og líffærafræðilegir þættir benda, að mati læknisins, til þess að sjúklingurinn hafi ekki ávinning af áframhaldandi meðferð skal stöðva meðferð með Lucentis.

Eftirlit með virkni sjúkdómsins getur falist í klínískri skoðun, virkniprófunum eða myndgreiningu (t.d. sjónhinnusneiðmynd (optical coherence tomography) eða æðamyndatöku með flúrskímulausn).

Ef sjúklingar fá meðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils, þ.e. að þegar hámarkssjónskerpa hefur náðst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm má lengja tímann á milli meðferða í þrepum þar til sjúkdómseinkenni eða sjónskerðing kemur fram aftur. Í fyrstu skal ekki lengja tíma á milli meðferða um meira en tvær vikur í einu við vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum (wet AMD) en má lengja um einn mánuð í einu við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME). Við meðferð við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR) og bláæðalokun í sjónu má einnig lengja tímann milli meðferða smám saman, hins vegar liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn til að ákvarða lengd tímans milli meðferða. Ef virkni sjúkdóms kemur aftur skal stytta tímann milli meðferða til samræmis við það.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu á að ákveða einstaklingsbundið miðað við virkni sjúkdóms. Sumir sjúklingar gætu þurft aðeins eina inndælingu fyrstu 12 mánuðina en aðrir gætu þurft tíðari meðferð, þar með talið mánaðarlega inndælingu. Sem meðferð við nýæðamyndun í æðu vegna nærsýni þurfa margir hverjir aðeins eina eða tvær inndælingar fyrsta árið (sjá kafla 5.1).

Lucentis og lasermeðferð við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki og við bjúg í sjónudepli af völdum lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch retinal vein occlusion)

Einhver reynsla er af því að gefa Lucentis samhliða lasermeðferð (sjá kafla 5.1). Þegar Lucentis er gefið sama dag og lasermeðferð á að gefa það að minnsta kosti 30 mín. á eftir lasermeðferðinni. Gefa má sjúklingum Lucentis sem hafa áður verið meðhöndlaðir með laser.

Ljós næmis meðferð með Lucentis og verteporfíni við nýæðamyndun í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni

Engin reynsla er af samhliða meðferð með Lucentis og verteporfíni.

Fyrirburar

Ráðlagður skammtur af Lucentis hjá fyrirburum er 0,2 mg, gefinn sem inndæling í glerhlaup. Þetta samsvarar 0,02 ml rúmmáli til inndælingar. Meðferð við sjónukvilla fyrirbura hjá fyrirburum er hafin með einni inndælingu í hvort auga og það má gefa inndælingu í bæði augun sama dag. Í heildina má gefa allt að 3 inndælingar í hvort auga innan sex mánaða frá því að meðferðin er hafin ef það eru teikn um virkni sjúkdómsins. Flestir sjúklingar (78%) í 24 vikna klínísku rannsókninni RAINBOW fengu eina inndælingu í hvort auga. Sjúklingar sem fengu meðferð með 0,2 mg í klínísku rannsókninni þurftu ekki frekari meðferð í langtímaframhaldsrannsókn sem var gerð í kjölfarið þar sem sjúklingunum var fylgt eftir til fimm ára aldurs (sjá kafla 5.1). Gjöf á meira en 3 inndælingum í hvort auga hefur ekki verið rannsökuð. Tími á milli tveggja skammta í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Sérstakir sjúklingahópar

Skert lifrarstarfsemi

Notkun Lucentis hefur ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Hins vegar er engra sérstakra ráðstafana þörf varðandi þennan sjúklingahóp.

Skert nýrnastarfsemi

Ekki þarf að breyta skömmtum hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 5.2).

Aldraðir

Ekki þarf að breyta skömmtum handa öldruðum. Takmörkuð reynsla er hjá sjúklingum eldri en 75 ára sem eru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki.

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Lucentis hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára við öðrum ábendingum en sjónukvilla fyrirbura. Fyrirliggjandi upplýsingar um unglunga á aldrinum 12 til 17 ára með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu koma fram í kafla 5.1, en ekki er hægt að setja fram ráðleggingar um skammta.

Lyfjagjöf

Einnota hettuglas, eingöngu ætlað til notkunar í glerhlaup (intravitreal use).

Vegna þess að rúmmálið í hettuglasinu (0,23 ml) er meira en ráðlagður skammtur (0,05 ml fyrir fullorðna og 0,02 ml fyrir fyrirbura) verður að farga hluta af rúmmálinu í hettuglasinu fyrir notkun.

Skoða skal Lucentis fyrir notkun með tilliti til agna og mislitunar.

Sjá upplýsingar um undirbúning fyrir notkun Lucentis í kafla 6.6.

Inndælingin skal fara fram við smitgát, sem felur í sér sótthreinsun handa eins og fyrir skurðaðgerð, notkun sæfðra hanska, dúks og augnsperru (eða samsvarandi) og augnástunga við sæfðar aðstæður skal vera möguleg (ef þörf krefur). Leggja skal ítarlegt mat á sjúkrasögu sjúklingsins með tilliti til ofnæmis, áður en lyfið er gefið með inndælingu í glerhlaup (sjá kafla 4.4). Samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað skal gefa fullnægjandi deyfingu og breiðvirkt örverueyðandi augnlyf til að sótthreinsa húðina umhverfis augun, augnlokin og yfirborð augans áður en Lucentis er gefið með inndælingu.

Fullorðnir

Hjá fullorðnum skal færa nálina 3,5-4,0 mm aftur fyrir brún inn í glerhlaupsholið, framhjá lárétta lengdarbaugnum og í átt að miðju augnknattarins. Síðan skal gefa 0,05 ml með inndælingu. Við síðari inndælingar skal nota annan stungustað á augnhvítunni en þann sem síðast var notaður.

Börn

Við meðferð hjá fyrirburum á að nota nákvæmnisprautu fyrir lítið rúmmál sem kemur í VISISURE settinu ásamt nál (30G x ½") (sjá einnig kafla 6.6).

Hjá fyrirburum skal færa nálina inn í augað, 1,0 til 2,0 mm aftur fyrir brún, með nálina í átt að sjóntauginni. Síðan skal gefa 0,02 ml með inndælingu.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Sjúklingar með virka sýkingu eða grun um sýkingu í auga eða umhverfis auga.

Sjúklingar með virka alvarlega augnbólgu.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Viðbrögð sem tengjast inndælingu í glerhlaup

Inndæling í glerhlaup, þar með talið með Lucentis, hefur verið tengd innri augnknattarbólgu, augnbólgu, sjónulosi með rofi, rifu á sjónu og dreri vegna meðferðartengdra áverka (sjá kafla 4.8). Ávallt skal viðhafa viðeigandi smitgát þegar Lucentis er gefið með inndælingu. Að auki skal fylgjast með sjúklingunum vikuna eftir inndælingu til að hægt sé að hefja sem fyrst meðferð ef fram kemur sýking. Sjúklingum skal leiðbeint um að greina tafarlaust frá öllum einkennum sem bent geta til innri augnknattarbólgu eða einhvers framantalsins.

Aukning á augnþrýstingi

Hjá fullorðnum hefur komið fram tímabundin aukning á augnþrýstingi innan 60 mínútna eftir inndælingu Lucentis. Einnig hefur komið fram viðvarandi aukning á augnþrýstingi (sjá kafla 4.8). Hafa þarf eftirlit með bæði augnþrýstingi og blóðflæði um sjóntaugardoppu, og veita viðeigandi meðferð þegar þess gerist þörf.

Upplýsa skal sjúklinga um einkenni þessara mögulegu aukaverkana og ráðleggja þeim að láta lækinn vita ef þeir fá einkenni eins og augnverk eða aukin óþægindi, aukinn roða í augum, þokusjón eða skerta sjón, aukinn fjölda lítilla agna fyrir sjónum þeirra eða aukið ljósnæmi (sjá kafla 4.8).

Lyfið gefið í bæði augu

Takmarkaðar upplýsingar um notkun Lucentis í bæði augu (þar með talið gjöf samdægurs) benda ekki til aukinnar hættu á altækum (systemic) aukaverkunum samanborið við meðferð á öðru auganu.

Ónæmissvörun

Hætta er á ónæmissvörun í tengslum við notkun Lucentis. Þar sem möguleiki er á aukinni altækri (systemic) útsetningu hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki, er ekki hægt að útiloka aukna hættu á að fram komi ofnæmi hjá þessum sjúklingum. Einnig skal gefa sjúklingunum fyrirmæli um að láta vita af því ef augnbólga fer versnandi en slíkt getur verið klínískt einkenni myndunar mótefna í auganu.

Samhliða notkun annarra lyfja gegn VEGF (æðapelsvaxtarþætti)

Ekki skal nota Lucentis samhliða öðrum lyfjum gegn æðapelsvaxtarþætti (hvort sem þau eru notuð staðbundið eða ekki).

Notkun Lucentis frestað hjá fullorðnum

Sleppa skal skammti og ekki hefja meðferð að nýju fyrr en komið er að næsta fyrirhuguðum skammti ef:

- Besta leiðrétt sjónskerpa (BCVA) minnkar um ≥ 30 bókstafi samanborið við síðasta mat á sjónskerpu.
- Augnþrýstingur er ≥ 30 mmHg.
- Sjónurof á sér stað.
- Blæðing verður undir sjónu og nær til miðjudældar (fovea centralis) eða ef blæðingin er $\geq 50\%$ af samanlögðu skemmda svæðinu.
- Augnaðgerð hefur verið gerð á síðastliðnum 28 dögum eða er fyrirhuguð á næstu 28 dögum.

Rof á sjónulitþekjuvef

Áhættuþættir tengdir rofi á sjónulitþekjuvef (retinal pigment epithelial tear), eftir meðferð með lyfjum gegn æðapelsvaxtarþætti við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og hugsanlega öðrum tilbrigðum nýæðamyndunar í æðu eru m.a. víðfeðmt og/eða mikið sjónulitþekjulos. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með þessa áhættuþætti fyrir rofi sjónulitþekjuvefs þegar meðferð með ranibizumabi er hafin.

Sjónulos með rofi eða sjónudepilsgöt hjá fullorðnum

Hætta skal meðferð hjá þeim sem eru með sjónulos með rofi og hjá þeim sem eru með 3. eða 4. stigs sjónudepilsgöt.

Börn

Varnaðarorð og varúðarreglur fyrir fullorðna eiga einnig við fyrir fyrirbura með sjónukvilla fyrirbura. Langtímaöryggi hjá fyrirburum með sjónukvilla fyrirbura hefur verið rannsakað til fimm ára aldurs í RAINBOW framhaldsrannsókninni. Upplýsingar um öryggi ranibizumabs 0,2 mg úr framhaldsrannsókninni voru í samræmi við það sem kom fram eftir 24 vikur í kjarnarannsókninni (sjá kafla 4.8).

Sjúklingahópar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um

Einungis takmörkuð reynsla er af meðferð hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki af tegund I. Ekki hafa farið fram rannsóknir á meðferð með Lucentis hjá sjúklingum sem áður hafa fengið inndælingar í glerhlaup, hjá sjúklingum með virkar útbreiddar sýkingar eða hjá sjúklingum með annan augnsjúkdóm samtímis eins og sjónulos eða sjónudepilsgat. Takmörkuð reynsla er af meðferð með Lucentis hjá sjúklingum með sykursýki með HbA1c yfir 108 mmól/mól (12%) og engin reynsla hjá sjúklingum með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á. Við meðferð slíkra sjúklinga skal læknirinn hafa í huga þennan skort á upplýsingum.

Ekki eru fullnægjandi upplýsingar til staðar til að álykta um verkun Lucentis hjá sjúklingum með bláæðalokun í sjónu sem eru með óafturkræfa sjónskerðingu vegna blóðþurrðar.

Hjá sjúklingum með sjúkdómsbreytingar í augnbotni vegna nærsýni liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um verkun Lucentis hjá sjúklingum sem áður hafa gengist undir árangurslausa ljósnæmismeðferð með verteporfíni (vPDT). Einnig, þrátt fyrir að samræmi hafi komið fram varðandi verkun hjá einstaklingum með skemmdir undir miðjudæld (subfoveal) og við miðjudæld (juxtafoveal), eru upplýsingarnar ekki fullnægjandi til að álykta um verkun Lucentis hjá einstaklingum með sjúkdómsbreytingar í augnbotni vegna nærsýni sem eru með skemmdir utan miðjudældar (extrafoveal).

Altæk áhrif eftir notkun í glerhlaup

Greint hefur verið frá altækum aukaverkunum, þar með talið blæðingum sem ekki tengjast augum og slagæðasegareki, eftir inndælingu VEGF blokka í glerhlaup.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um öryggi meðferðar hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki, bjúg í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu eða sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni, og fyrri sögu um heilablóðfall eða skammvinn blóðþurrðarköst. Gæta skal varúðar við meðhöndlun slíkra sjúklinga (sjá kafla 4.8).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar formlegar rannsóknir á milliverkunum.

Sjá kafla 5.1 varðandi samhliða ljósnæmismeðferð með verteporfíni og meðferð með Lucentis við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og sjúkdómsbreytingar í augnbotni vegna nærsýni.

Varðandi samhliða notkun lasermeðferðar og Lucentis við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki og lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch RVO), sjá kafla 4.2 og 5.1.

Í klínískum rannsóknum á meðferð við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) kom fram að hjá sjúklingum sem fengu Lucentis hafði samhliða meðferð með thiazólídíndíon-lyffjum ekki áhrif á sjónskerpu eða miðlæga þykkun í undirlagi sjónu (central retinal subfield thickness).

Börn

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur á barneignaraldri/getnaðarvarnir kvenna

Konur á barneignaraldri ættu að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur.

Meðganga

Engar klínískar upplýsingar um notkun ranibizumabs á meðgöngu liggja fyrir. Rannsóknir á cynomolgus öpum benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á meðgöngu eða þroska fósturvísis/fósturs (sjá kafla 5.3). Altæk útsetning fyrir ranibizumabi er lítil eftir notkun í auga, en vegna þess hver verkunarmátinn er, verður að gera ráð fyrir að ranibizumab geti hugsanlega valdið vansköpun og eiturvekunum á fósturvísi/fóstur. Því má ekki nota ranibizumab á meðgöngu nema væntanlegur ávinningur vegi þyngra en hugsanleg áhætta fyrir fósturið. Konum sem vilja verða þungaðar og hafa fengið meðferð með ranibizumabi er ráðlagt að bíða í að minnsta kosti 3 mánuði eftir síðasta skammt af ranibizumabi áður en getnaður fer fram.

Brjóstagjöf

Samkvæmt mjög takmörkuðum upplýsingum getur ranibizumab skilist út í brjóstamjólk í litlu magni. Áhrif ranibizumabs á börn sem eru á brjósti eru ekki þekkt. Sem varúðarráðstöfun er ekki mælt með að barn sé haft á brjósti meðan á meðferð með Lucentis stendur.

Frjósemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um frjósemi.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Sú aðferð sem notuð er við gjöfina getur valdið tímabundnum sjóntruflunum, sem geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla (sjá kafla 4.8). Sjúklingar sem finna fyrir þessum einkennum mega hvorki stunda akstur né notkun véla þar til þessar tímabundnu sjóntruflanir eru liðnar hjá.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á upplýsingum um öryggi

Flestar aukaverkanir sem greint hefur verið frá eftir notkun Lucentis tengjast aðferðinni við inndælinguna í glerhlaup.

Algengustu aukaverkanirnar á augu sem greint hefur verið eftir inndælingu Lucentis eru: augnverkur, blóðsókn í auga, aukinn augnþrýstingur, glerhlaupsbólga, glærulos, blæðing í sjónu, sjóntruflanir, augngrugg, blæðing í táru, augnerting, tilfinning um korn í auga, aukin táraseyting, hvarmabólga, augnþurrkur og augnkláði.

Algengustu aukaverkanirnar sem greint hefur verið frá og ekki tengjast augum eru höfuðverkur, nefkoksbólga og liðverkir.

Sjaldgæfari en alvarlegri aukaverkanir eru innri augnknattarbólga, blindi, sjónulos, rifun á sjónu og drer vegna meðferðartengdra áverka (sjá kafla 4.4).

Aukaverkanir sem komu fram eftir notkun Lucentis í klínískum rannsóknum eru teknar saman í töflunni hér á eftir.

Aukaverkanir settar upp í töflu[#]

Aukaverkanirnar eru flokkaðar eftir líffærakerfi og tíðni sem hér segir: Mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra

Mjög algengar

Nefkoksbólga

Algengar

Þvagfærasýking*

Blóð og eitlar

Algengar

Blóðleysi

Ónæmiskerfi

Algengar

Ofnæmi

Geðræn vandamál

Algengar

Kvíði

Taugakerfi

Mjög algengar

Höfuðverkur

Augu

Mjög algengar

Glerhlaupsbólga, glærulos, blæðing í sjónu, sjóntruflanir, augnverkur, augngrugg, blæðing í táru, augnerting, tilfinning um korn í auga, aukin táraseyting, hvarmabólga, augnþurrkur, blóðsókn í auga, augnkláði.

<i>Algengar</i>	Hrörnun sjónu, sjónuröskun, sjónulos, rof sjónu, sjónulitþekjulos, rof sjónulitþekjuvefs, skert sjónskerpa, blæðing í glerhlaupi, glæruhlaupsröskun, æðahjúpsbólga, litubólga, litu- og brárkleggjabólga, drer, drer undir augasteinshýði, ógegnsæi bakhluta augasteinsins, depilglærubólga, skrámur á glæru, ertiroði í fremra augnhólfi, þokusýn, blæðing á stungustað, blæðing í auga, tárubólga, ofnæmistárubólga, útferð úr auga, blossasýn, ljósfælni, óþægindi í auga, bjúgur á augnlokum, verkur í augnlokum, blóðsókni í táru.
<i>Sjaldgæfar</i>	Blinda, innri augnknattarbólga, framhólfsgröftur, blæðing í framhólfi, glærukvilli, viðloðun lithimnu, útfellingar í glæru, glærubjúgur, rákir í glæru, verkur á stungustað, erting á stungustað, óeðlileg tilfinning í auga, erting í augnlokum.

Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti
Algengar

Hósti

Meltingarfæri
Algengar

Ógleði

Húð og undirhúð
Algengar

Ofnæmisviðbrögð (útbrot, ofsakláði, kláði, roði)

Stoðkerfi og bandvefur
Mjög algengar

Liðverkir

Rannsóknaniðurstöður
Mjög algengar

Hækkaður augnþrýstingur

Aukaverkanir voru skilgreindar sem aukaverkanir (hjá að minnsta kosti 0,5 prósentustigum sjúklinga) sem komu oftast fyrir (að minnsta kosti 2 prósentustigum) hjá sjúklingum á meðferð með Lucentis 0,5 mg en hjá þeim sem fengu samanburðarmeðferð (lyfleysu eða ljósnæmismeðferð með verteporfini)

*sást aðeins hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki

Aukaverkanir tengdar lyfjaflokki

Í III. stigs rannsóknunum á votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum kom fram smávægileg aukning á heildartíðni blæðinga, sem ekki tengdust augum, sem er aukaverkun sem hugsanlega tengist altækri (systemic) hömlun á VEGF (æðabelsvaxtarþætti), hjá sjúklingum sem fengu meðferð með ranibizumabi. Hinsvegar var ekkert samræmi milli mismunandi blæðinga. Fræðileg hætta á slagæðasegareki, þar með talið heillaslagi og hjartadrep, er fyrir hendi í kjölfar notkunar VEGF blokka í glerhlaup. Í klínískum rannsóknum á Lucentis var tíðni slagæðasegareka lág hjá sjúklingum með aldurstengda hrörnun í augnbotnum (AMD), bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME), sykursýkisjónukvilla með nýæðamyndun (PDR), bláæðalokun í sjónu (RVO) og nýæðamyndun í æðu (CNV) og ekki var mikill munur á tíðni milli hópanna sem fengu meðferð með ranibizumabi annars vegar og samanburðarlyfi hins vegar.

Börn

Öryggi Lucentis 0,2 mg var rannsakað í 6 mánaða klínískri rannsókn (RAINBOW), þar sem 73 fyrirburar með sjónukvilla fyrirbura voru meðhöndlaðir með ranibizumabi 0,2 mg (sjá kafla 5.1). Aukaverkanir í augum sem greint var frá hjá fleiri en einum sjúklingi sem var meðhöndlaður með ranibizumabi 0,2 mg voru blæðing í sjónu og blæðing í táru. Aukaverkanir sem ekki tengjast augum og greint var frá hjá fleiri en einum sjúklingi sem voru meðhöndlaðir með ranibizumabi 0,2 mg voru nefkoksbólga, blóðleysi, hósti, þvagfærasýking og ofnæmisviðbrögð. Aukaverkanir sem hafa komið

fram við ábendingar hjá fullorðnum eru einnig talðar eiga við hjá fyrirburum með sjónukvilla fyrirbura, þó svo að þær hafi ekki allar komið fram í RAINBOW rannsókninni.

Langtímaöryggi hjá fyrirburum með sjónukvilla fyrirbura hefur verið rannsakað til fimm ára aldurs í RAINBOW framhaldsrannsókninni og engin ný öryggisræsimerki (safety signals) komu fram. Upplýsingar um öryggi ranibizumabs 0,2 mg úr framhaldsrannsókninni voru í samræmi við það sem kom fram eftir 24 vikur í kjarnarannsókninni.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Greint hefur verið frá tilvikum um ofskömmtnun fyrir slysi í klínískum rannsóknum á votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og upplýsingum eftir markaðssetningu. Þær aukaverkanir sem tengdust þessum tilvikum sem greint var frá voru aukinn augnþrýstingur, tímabundin blindi, skert sjónskerpa, glærubjúgur, verkur í glæru og verkur í auga. Ef ofskömmtnun á sér stað skal fylgjast með augnþrýstingi og meðhöndla hann ef lækinn telur þess þörf.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Augnlyf, efni sem draga úr nýmyndun æða, ATC-flokkur: S01LA04.

Verkunarháttur

Ranibizumab er einstofna mannaaðlagður mótefnisbútur, framleiddur með raðbrigðatækni, sem beint er gegn æðapelsvaxtarþætti A í æðum manna (VEGF-A). Það binst með mikilli sækni við isoform VEGF-A (þ.e. VEGF₁₁₀, VEGF₁₂₁ og VEGF₁₆₅), og kemur þannig í veg fyrir að VEGF-A bindist viðtökum sínum VEGFR-1 og VEGFR-2. Binding VEGF-A við viðtaka sína leiðir til fjölgunar innanþekjufrumna og æðanýmyndunar, sem og æðaleka, en þetta er allt talið eiga þátt í framvindu nýæðamyndandi aldurstengdrar hrörnunar í augnbotnum, sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni (pathologic myopia) og nýæðamyndunar í æðu eða sjónskerðingar vegna annaðhvort bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki eða bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu hjá fullorðnum og sjónukvilla fyrirbura hjá fyrirburum.

Verkun og öryggi

Meðferð við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum

Klínískt öryggi og verkun Lucentis við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum hefur verið metið í þremur slembuðum, tvíblindum samanburðarrannsóknum með lyfleysu eða virku lyfi sem stóðu yfir í 24 mánuði, hjá sjúklingum með æðanýmyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum. Alls tóku 1.323 sjúklingar (879 fengu virkt efni og 444 fengu lyfleysu) þátt í þessum rannsóknum.

Í rannsókn FVF2598g (MARINA) var 716 sjúklingum með vægar klassískar skemmdir eða dulinn sjúkdóm án klassískra skemmda slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu mánaðarlega inndælingu með Lucentis 0,3 mg, Lucentis 0,5 mg eða lyfleysu.

Í rannsókn FVF2587g (ANCHOR) var 423 sjúklingum sem voru að stærstum hluta með klassíska nýæðamyndun í æðu slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu Lucentis 0,3 mg mánaðarlega, Lucentis 0,5 mg mánaðarlega eða ljósnæmismeðferð með verteporfíni (í upphafi og á 3 mánaða fresti eftir það ef æðamyndataka með flúrskímulausn sýndi þrálátan eða endurkominn æðaleka).


Helstu niðurstöður mælinga eru teknar saman í töflu 1 og mynd 1.

Tafla 1 Niðurstöður eftir 12 og 24 mánuði í FVF2598g (MARINA) rannsókninni og FVF2587g (ANCHOR) rannsókninni

Niðurstöður mælinga	Mánuður	FVF2598g (MARINA)		FVF2587g (ANCHOR)	
		Lyfleysa (n=238)	Lucentis 0,5 mg (n=240)	Verteporfín PDT (n=143)	Lucentis 0,5 mg (n=140)
Tap á sjónskerpu um <15 bókstafi (%) ^a (viðhald sjónar, aðalendapunktur)	12. mánuður	62%	95%	64%	96%
	24. mánuður	53%	90%	66%	90%
Aukning sjónskerpu um ≥15 bókstafi (%) ^a	12. mánuður	5%	34%	6%	40%
	24. mánuður	4%	33%	6%	41%
Meðalbreyting á sjón-skerpu (bókstafir) (staðalfrávik) ^a	12. mánuður	-10,5 (16,6)	+7,2 (14,4)	-9,5 (16,4)	+11,3 (14,6)
	24. mánuður	-14,9 (18,7)	+6,6 (16,5)	-9,8 (17,6)	+10,7 (16,5)

^a p<0,01

Mynd 1 Meðaltalsbreyting sjónskerpu á 24 mánuðum frá upphafi í rannsókn FVF2598g (MARINA) og í rannsókn FVF2587g (ANCHOR)



Niðurstöður úr báðum rannsóknunum bentu til þess að áframhaldandi meðferð með ranibizumabi geti einnig haft ávinning í för með sér hjá sjúklingum sem töpuðu ≥ 15 bókstöfum í bestu leiðréttri sjónskerpu á fyrsta ári meðferðar.

Fram kom tölfraðilega marktæk bæting á sjón samkvæmt því sem sjúklingarnir greindu frá í bæði MARINA og ANCHOR á meðferð með ranibizumabi miðað við samanburðarhóp samkvæmt NEI VFQ-25.

Í rannsókn FVF3192g (PIER) var 184 sjúklingum með allar tegundir nýæðamyndandi aldurstengdrar hrörnunar í augnbotnum slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu Lucentis 0,3 mg, Lucentis 0,5 mg eða inndælingu með lyfleysu einu sinni í mánuði, 3 mánuði í röð og síðan á 3 mánaða fresti. Frá 14. mánuði rannsóknarinnar var sjúklingum sem fengu lyfleysu leyft að fá meðferð með ranibizumabi og frá 19. mánuði var hægt að fá tíðari meðferð. Sjúklingar sem fengu meðferð með Lucentis í PIER fengu að meðaltali 10 heildarmeðferðir.

Eftir aukna sjónskerpu í upphafi (eftir mánaðarlega skammta), minnkaði sjónskerpa að meðaltali hjá sjúklingum sem fengu meðferð ársfjórðungslega og hafði fallið aftur að upphafsgildi eftir 12 mánuði og þessi áhrif voru enn til staðar í 24 mánuði hjá meirihluta sjúklinga sem fékk meðferð með ranibizumabi (82%). Takmarkaðar niðurstöður frá einstaklingum sem fengu lyfleysu en fengu síðar meðferð með ranibizumabi benda til þess að það að hefja meðferð sem fyrst sé árangursríkara til viðhalds sjónskerpu.

Niðurstöður úr tveimur rannsóknum (MONT BLANC, BPD952A2308 og DENALI, BPD952A2309) sem gerðar voru eftir að markaðsleyfi var gefið út staðfestu verkun Lucentis en sýndu ekki fram á viðbótaráhrif samhliðameðferðar með verteporfini (Visudyne ljósnæmismeðferð) og Lucentis samanborið við meðferð með Lucentis einu sér.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu af völdum breytinga í augnbotni vegna nærsýni

Öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni var metið út frá 12 mánaða upplýsingum úr tvíblindu lykilsamanburðarrannsókninni F2301 (RADIANCE). Í rannsókninni var 277 sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 2:2:1 í eftirtalda hópá:

- Hópur I (ranibizumab 0,5 mg, skammtaáætlun fór eftir „stöðugleika“ viðmiði skilgreindu sem engin breyting á bestu leiðréttu sjónskerpu samanborið við tvær síðustu mánaðarlegar skoðanir).
- Hópur II (ranibizumab 0,5 mg, skammtaáætlun fór eftir „sjúkdómsvirkni“ viðmiði skilgreindu sem sjónskerðing sem rekja má til vökva innan eða undir sjónu eða virks leka vegna nýæðamyndunar í æðu samkvæmt mati með sneiðmyndatöku (optical coherence tomography (OCT)) og/eða flúrskímandi æðamyndatöku (fluorescein angiography).
- Hópur III (ljósnæmismeðferð með verteporfini (vPDT) – sjúklingar máttu fá meðferð með ranibizumabi frá 3. mánuði).

Í hópi II, sem fékk ráðlagða skammta (sjá kafla 4.2), þurftu 50,9% sjúklinganna 1 eða 2 inndælingar, 34,5% þurftu 3 til 5 inndælingar og 14,7% þurftu 6 til 12 inndælingar á því 12 mánaða tímabili sem rannsóknin stóð yfir. 62,9% sjúklinga í hópi II höfðu ekki þörf fyrir inndælingar á seinni 6 mánuðum rannsóknarinnar.

Helstu niðurstöður úr RADIANCE eru teknar saman í töflu 2 og mynd 2.


Tafla 2 Niðurstöður eftir 3. og 12. mánuð (RADIANCE)

	Hópur I Ranibizumab 0,5 mg „stöðugleiki sjónar“ (n=105)	Hópur II Ranibizumab 0,5 mg „sjúkdómsvirkni“ (n=116)	Hópur III vPDT^b (n=55)
3. mánuður			
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá 1. mánuði til 3. mánaðar samanborið við upphafsgildi ^a (bókstafir)	+10,5	+10,6	+2,2
Hlutfall sjúklinga með aukna sjónskerpu um: ≥ 15 bókstafi, eða náðu ≥ 84 bókstöfum með bestu leiðréttu sjónskerpu	38,1%	43,1%	14,5%
12. mánuður			
Fjöldi inndælinga fram að 12. mánuði:			
Meðaltal	4,6	3,5	Á ekki við
Miðgildi	4,0	2,5	Á ekki við
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá 1. mánuði til 12. mánaðar samanborið við upphafsgildi (bókstafir)	+12,8	+12,5	Á ekki við
Hlutfall sjúklinga með aukna sjónskerpu um: ≥ 15 bókstafi, eða náðu ≥ 84 bókstöfum með bestu leiðréttu sjónskerpu	53,3%	51,7%	Á ekki við

^a $p < 0,00001$ samanburður við viðmiðunarhóp sem fékk ljósnæmis meðferð með verteporfíni (vPDT)

^b Samanburður fram að 3. mánuði. Sjúklingum sem var slembiraðað á ljósnæmis meðferð með verteporfíni var leyft að fá meðferð með ranibizumabi frá 3. mánuði (í hópi III fengu 38 sjúklingar meðferð með ranibizumabi frá 3. mánuði)

Mynd 2 Meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá upphafsgildum til 12. mánaðar (RADIANCE)



Bættri sjón fylgdi minnkun á miðþykkt sjónu.

Fram kom að ávinningur sem sjúklingarnir greindu frá var meiri hjá hópnum sem fengu meðferð með ranibizumabi en hópnum sem fékk ljósnaemismeðferð með verteporfini (p -gildi $<0,05$) hvað varðar bætingu á heildarskori og nokkrum undirkvörðum (almenn sjón, nærsjón, geðheilsa og hversu mikið viðkomandi er háður öðrum) NEI VFQ-25.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu (af öðrum orsökum en nærsýni og votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum)

Öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu var metið út frá upplýsingum úr 12 mánaða tvíblindri, lykilsamanburðarrannsókn með lyfleysu G2301 (MINERVA). Í rannsókninni var 178 fullorðnum sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 2:1 og fengu:

- ranibizumab 0,5 mg við upphaf sem fylgt var eftir með einstaklingsbundinni skömmtun miðað við virkni sjúkdóms metið út frá sjónskerpu og/eða líffærafræðilegum þáttum (t.d skert sjónskerpa, vökvi innan eða undir sjónu, blæðingar eða leki);
- inndæling með lyfleysu við upphaf sem fylgt var eftir með einstaklingsbundinni meðferð sem fór eftir virkni sjúkdóms.

Eftir 2. mánuð fengu allir sjúklingar opna meðferð með ranibizumabi eftir þörfum.

Lykilniðurstöður úr MINERVA eru teknar saman í töflu 3 og mynd 3. Fram kom bætt sjón og henni fylgdi minnkandi miðlæg þykknun í undirlagi sjónu á 12 mánaða tímabilinu.

Meðalfjöldi inndælinga á 12 mánuðum var 5,8 hjá ranibizumab hópnum og 5,4 hjá sjúklingum í lyfleysuhópnum sem voru hæfir til að fá ranibizumab frá 2. mánuði og áfram. Í lyfleysuhópnum fengu 7 af 59 sjúklingum enga meðferð með ranibizumabi í augað sem var rannsakað á þessu 12 mánaða tímabili.


Tafla 3 Niðurstöður eftir 2. mánuð (MINERVA)

	Ranibizumab 0,5 mg (n=119)	Lyfleysa (n=59)
Meðalbreyting bestu leiðréttu sjónskerpu frá upphafsgildi til 2 mánaðar	9,5 bókstafir	-0,4 bókstafir
Aukning um ≥ 15 bókstafi frá upphafi eða 84 stöfum náð eftir 2. mánuð	31,4%	12,3%
Sjúklingar töpuðu ekki >15 bókstöfum frá upphafi þar til eftir 2. mánuð	99,2%	94,7%
Minnkun CSFT ^b frá upphafi að 2. mánuði ^a	77 μm	-9,8 μm

^a Einhliða $p < 0,001$ samanborið við lyfleysu

^b CSFT - (miðlæg þykknun í undirlagi sjónu (central retinal subfield thickness))

Mynd 3 Meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu (BCVA) frá upphafsgildum til 12. mánaðar (MINERVA)



* Merkjanlegt meðalgildi BCVA getur verið frábrugðið meðaltali BCVA minnstu kvaðrata (aðeins eftir 2. mánuð)

Við samanburð á ranibizumabi og lyfleysu eftir 2. mánuð komu samsvarandi meðferðaráhrif fram bæði í heildina og hjá undirhópum eftir sjúkdómum við upphaf:

Tafla 4 Heildarmeðferðaráhrif og hjá undirhópum samkvæmt sjúkdómum við upphaf

Heildarniðurstöður og eftir sjúkdómum við upphaf	Meðferðaráhrif fram yfir lyfleysu [bókstafir]	Fjöldi sjúklinga [n] (meðferð +lyfleysa)
Í heildina	9,9	178
Æðarákir (angioid streaks)	14,6	27
Sjónu- og æðukvilli í kjölfar bólgu	6,5	28
Miðlægur alvarlegur æðu- og sjónukvilli	5,0	23
Æðu- og sjónukvilli af óþekktum orsökum	11,4	63
Ýmsir sjúkdómar ^a	10,6	37

^a nær yfir mismunandi sjúkdóma sem komu örsjaldan fyrir og eru ekki með í hinum undirhópunum

Í lykilrannsókninni G2301 (MINERVA) fengu fimm unglingar á aldrinum 12 til 17 ára með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu opna meðferð með ranibizumabi 0,5 mg við upphaf sem fylgt var eftir með einstaklingsbundinni meðferð eins og hjá fullorðnum. Besta leiðréttu sjónskerpa batnaði miðað við upphafsgildi fram að 12. mánuði hjá öllum fimm sjúklingunum, á bilinu 5 til 38 bókstafi (að meðaltali 16,6 bókstafi). Bætti sjón fylgdi stöðugleiki miðlægrar þykkunar í undirlagi sjónu, eða minnkun á 12 mánaða tímabilinu. Meðalfjöldi ranibizumab inndælinga í augað sem var rannsakað á 12 mánaða tímabili var 3 (á bilinu 2 til 5). Í heildina þoldist meðferð með ranibizumabi vel.

Meðferð við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki


Öryggi og verkun Lucentis hefur verið metin í þremur slembuðum samanburðarrannsóknum sem stóðu yfir í að minnsta kosti 12 mánuði. Samtals 868 sjúklingar (708 á virku lyfi og 160 á samanburðarlyfi) tóku þátt í þessum rannsóknum.

Í II stigs rannsókninni D2201 (RESOLVE) voru 151 sjúklingur meðhöndlaður með ranibizumabi (6 mg/ml, n=51, 10 mg/ml, n=51) eða lyfleysu (n=49) sem gefið var mánaðarlega með inndælingu í glerhlaup. Hjá samanlögðum hópi sjúklinga sem fengu meðferð með ranibizumabi (n=102) var meðalbreyting á bestu leiðréttri sjónskerpu frá 1. til 12. mánaðar miðað við upphafsgildi +7,8 (±7,72) bókstafir, samanborið við -0,1 (±9,77) bókstaf hjá sjúklingum sem fengu lyfleysu og meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu (BCVA) 12 mánuðum frá upphafsgildi var 10,3 (±9,1) bókstafir hjá þeim sem fengu meðferð með ranibizumabi samanborið við -1,4 (±14,2) bókstafi hjá þeim sem fengu lyfleysu (p<0,0001 fyrir meðferðarmun).

Í III. stigs rannsókninni D2301 (RESTORE) var 345 sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu ranibizumab 0,5 mg sem einlyfjameðferð og sýndarlasermeðferð, eða ranibizumab 0,5 mg ásamt lasermeðferð, eða lyfleysu með inndælingu og lasermeðferð. 240 sjúklingar sem áður höfðu lokið 12 mánaða rannsókninni RESTORE voru teknir með í opna fjölsetra, 24-mánaða framlengda rannsókn (RESTORE framlenging). Sjúklingar fengu meðferð með ranibizumabi 0,5 mg eftir þörfum (*pro re nata* (PRN)) í sama auga og í kjarnarannsókninni (D2301 RESTORE).

Helstu niðurstöður mælinga eru dregnar saman í töflu 5 (RESTORE og framlenging rannsóknar) og í mynd 4 (RESTORE).

Mynd 4 Meðaltalsbreyting sjónskerpu frá upphafsgildi og út rannsóknartímabilið í rannsókn D2301 (RESTORE)



SE=staðalskekkja meðaltals (standard error of mean)

* Breyting reiknuð með aðferð minnstu kvaðrata (least square means), $p < 0,0001/0,0004$ á grundvelli tvíhliða lagskipts Cochran-Mantel-Haenszel prófs

Samræmi var milli verkunar hjá flestum undirhópunum eftir 12 mánuði. Hins vegar virtust einstaklingar með bestu leiðréttu sjónskerpu í upphafi > 73 bókstafir og bjúg í sjónudepli með miðþykkt sjónu $< 300 \mu\text{m}$ ekki hafa ávinning af meðferð með ranibizumabi samanborið við lasermeðferð.

Tafla 5 Niðurstöður mælinga eftir 12 mánuði í rannsókn D2301 (RESTORE) og eftir 36 mánuði í rannsókn D2301-E1 (RESTORE framlenging)

Niðurstöður mælinga eftir 12 mánuði samanborið við upphafsgildi í rannsókn D2301 (RESTORE)	Ranibizumab 0,5 mg n=115	Ranibizumab 0,5 mg + Laser n=118	Laser n=110
Meðaltalsbreyting bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) frá 1. mánuði til 12. mánaðar ^a (± staðalfrávik)	6,1 (6,4) ^a	5,9 (7,9) ^a	0,8 (8,6)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 12 mánuði (± staðalfrávik)	6,8 (8,3) ^a	6,4 (11,8) ^a	0,9 (11,4)
Aukning um ≥15 bókstafi eða bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) ≥84 bókstafir eftir 12 mánuði (%)	22,6	22,9	8,2
Meðalfjöldi inndælinga (mánuðir 0-11)	7,0	6,8	7,3 (lyfleysa)
Niðurstöður mælinga eftir 36 mánuði með rannsókn D2301 (RESTORE) sem upphafsgildi borið saman við rannsókn D2301-E1 (RESTORE framlenging)	Ranibizumab áður 0,5 mg n=83	Ranibizumab áður 0,5 mg + laser n=83	Laser áður n=74
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 24 mánuði (staðalfrávik)	7,9 (9,0)	6,7 (7,9)	5,4 (9,0)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 36 mánuði (staðalfrávik)	8,0 (10,1)	6,7 (9,6)	6,0 (9,4)
Aukning um ≥15 bókstafi eða bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) ≥84 bókstafir eftir 36 mánuði (%)	27,7	30,1	21,6
Meðalfjöldi inndælinga (mánuðir 12-35)*	6,8	6,0	6,5

^ap<0.0001 fyrir samanburð ranibizumab-arma og laser-arm.

n í D2301-E1 (RESTORE framlenging) er fjöldi sjúklinga með gildi bæði í upphafi rannsóknar D2301 (RESTORE) (mánuður 0) og við heimsókn í 36. mánuði.

* Hlutfall sjúklinga sem ekki þurfti að fá neina meðferð með ranibizumabi í framlengingarhlutanum var 19% hjá þeim sem áður höfðu fenguð ranibizumab, 25% hjá þeim sem höfðu áður fengið ranibizumab + lasermeðferð og 20% hjá þeim sem áður höfðu fengið lasermeðferð.

Tölfræðilega marktækur ávinningur að mati sjúklinga með tilliti til flestra sjóntengdra athafna kom fram við meðferð með ranibizumabi (með eða án lasermeðferðar) framyfir samanburðarhópinn, metið samkvæmt NEI VFQ-25 (the National Eye Institute Visual Function Questionnaire). Ekki var hægt að ákvarða mun milli meðferða með tilliti til annarra undirmælikvarða spurningalista.

Öryggi ranibizumabs til langs tíma sem kom fram í 24 mánaða framlengdu rannsókninni var samsvarandi þekktu öryggi Lucentis.

Í IIIb stigs rannsókninni D2304 (RETAIN) var 372 sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 til að fá:

- ranibizumab 0,5 mg samhliða lasermeðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (treat-and-extend (TE)),
- ranibizumab 0,5 mg einlyfjameðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (treat-and-extend (TE)),
- ranibizumab 0,5 mg einlyfjameðferð samkvæmt meðferðaráætlun eftir þörfum (*pro re nata* (PRN)).

Í öllum meðferðarhópum var ranibizumab gefið mánaðarlega þar til besta leiðrétt sjónskerpa (BCVA) var metin stöðug í a.m.k. þremur mánaðarlegum mælingum í röð. Eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (TE) var ranibizumab gefið á 2-3 mánaða fresti. Hjá öllum hópum var mánaðarleg meðferð hafin á ný ef besta leiðrétt sjónskerpa (BCVA) minnkaði vegna aukins bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) og var haldið áfram þar til stöðugri bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) var aftur náð.

Fjöldi heimsókna sem boðað var til eftir inndælingarnar 3 í upphafi var 13 eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (TE) og 20 eftir meðferðaráætlun eftir þörfum (PRN). Með báðum TE meðferðaráætlunum héldu meira en 70% sjúklinganna bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) með meðaltímalengd milli heimsókna ≥ 2 mánuði.

Niðurstöður mælinga eru dregnar saman í töflu 6.

Tafla 6 Niðurstöður rannsóknar D2304 (RETAIN)

Niðurstöður mælinga bornar saman við upphafsgildi	TE ranibizumab 0,5 mg + laser n=117	TE ranibizumab 0,5 mg eingöngu n=125	PRN ranibizumab 0,5 mg n=117
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) frá 1. til 12. mánaðar (staðalfrávik)	5,9 (5,5) ^a	6,1 (5,7) ^a	6,2 (6,0)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) frá 1. til 24. mánaðar (staðalfrávik)	6,8 (6,0)	6,6 (7,1)	7,0 (6,4)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 24 mánuði (staðalfrávik)	8,3 (8,1)	6,5 (10,9)	8,1 (8,5)
Aukning um ≥ 15 bókstafi eða bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) ≥ 84 bókstafi eftir 24 mánuði (%)	25,6	28,0	30,8
Meðalfjöldi inndælinga (mánuðir 0-23)	12,4	12,8	10,7

^a $p < 0,0001$ fyrir jafngildispróf gagnvart PRN

Í rannsóknum á bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) fylgdi aukningu í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) með tímanum meðaltalsminnkun í miðþykkt sjónu (CSFT) í öllum meðferðarhópunum.

Meðferð við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR)

Lagt hefur verið mat á klínískt öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun í Protocol S sem lagði mat á meðferð með ranibizumabi 0,5 mg inndælingum í glerhlaup samanborið við ljósbrennslu allrar sjónunnar (panretinal photocoagulation (PRP)). Aðalendapunktur var meðalbreyting á sjónskerpu eftir 2 ár. Þar að auki voru breytingar á alvarleika sjónukvilla af völdum sykursýki metnar með ljósmýndum af augnbotni samkvæmt alvarleikastigi sykursýkissjónukvilla, DRSS (DR Severity Score).

Protocol S var fjölsetra, slembuð, III. stigs samanburðarrannsókn með samanburði við virkt efni með samhliða hópum til að sýna að verkun sé ekki lakari þar sem 305 sjúklingar (394 rannsóknarauðu) með sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi eða ekki, voru skráðir til þátttöku. Í rannsókninni voru inndælingar í glerhlaup með ranibizumabi 0,5 mg bornar saman við hefðbundna meðferð með ljósbrennslu allrar sjónunnar (PRP). Samtals 191 auga (48,5%) var slembiraðað á meðferð með ranibizumabi 0,5 mg og 203 augum (51,5%) var slembiraðað á ljósbrennslu allrar sjónunnar (PRP). Samtals 88 augu (22,3%) voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi: 42 (22,0%) augu í ranibizumab hópnum og 46 (22,7%) augu í PRP hópnum.

Í þessari rannsókn var meðalbreyting á sjónskerpu eftir 2 ár +2,7 bókstafir í ranibizumab hópnum samanborið við -0,7 bókstafi í PRP hópnum. Breyting reiknuð með aðferð minnstu kvaðrata var 3,5 bókstafir (95% CI [0,2 til 6,7]).

Eftir 1 ár urðu framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS hjá 41,8% augna sem fengu meðferð með ranibizumabi (n=189) samanborið við 14,6% augna sem fengu PRP (n=199). Áætlaður munur milli ranibizumabs og lasermeðferðar var 27,4% (95% CI: [18,9; 35,9]).

Tafla 7 DRSS framfarir eða versnun um ≥ 2 eða ≥ 3 stig eftir 1 ár í Protocol S (LOCF aðferð)

Flokkuð breyting frá upphafi	Protocol S		
	Ranibizumab 0,5 mg (N=189)	PRP (N=199)	Munur á hlutfalli (%), CI
≥ 2 -stiga framfarir			
n (%)	79 (41,8%)	29 (14,6%)	27,4 (18,9; 35,9)
≥ 3 -stiga framfarir			
n (%)	54 (28,6%)	6 (3,0%)	25,7 (18,9; 32,6)
≥ 2 -stiga versnun			
n (%)	3 (1,6%)	23 (11,6%)	-9,9 (-14,7; -5,2)
≥ 3 -stiga versnun			
n (%)	1 (0,5%)	8 (4,0%)	-3,4 (-6,3; -0,5)
DRSS = alvarleikastig sykursýkissjónukvillar (diabetic retinopathy severity score), n = fjöldi sjúklinga sem uppfyllti skilyrðin í heimsókninni, N = heildarfjöldi rannsóknaraugna.			

Eftir 1. árið voru framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS samsvarandi í augum sem ekki voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (39,9%) og augum sem voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi (48,8%) hjá hópnum sem fékk ranibizumab í Protocol S.

Greining á gögnum eftir 2 ár úr Protocol S sýndi að 42,3% (n=80) augna í hópnum sem fékk ranibizumab var með framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS miðað við upphafsgildi samanborið við 23,1% (n=46) augna í PRP hópnum. Í hópnum sem fékk ranibizumab komu fram framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS miðað við upphafsgildi í 58,5% (n=24) augna með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi og 37,8% (n=56) augna sem ekki voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki.

DRSS var einnig metið í þremur aðskildum III. stigs rannsóknum á bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) með virkum samanburði (ranibizumab 0,5 mg eftir þörfum samanborið við lasermeðferð) sem tók til alls 875 sjúklinga þar sem u.þ.b. 75% voru af asískum uppruna. Í safngreiningu á þessum þremur rannsóknum urðu framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS í mánuði 12 hjá 48,4% af þeim 315 sjúklingum sem voru með metanlegt DRSS í undirhópi sjúklinga með meðalslæman sjónukvilla af völdum sykursýki eða slæman við upphaf, við meðferð með ranibizumabi (n=192) samanborið við 14,6% sjúklinga sem fengu lasermeðferð (n=123). Áætlaður munur á ranibizumabi og lasermeðferð var 29,9% (95% CI: [20,0; 39,7]). Hjá 405 sjúklingum með metanlegt DRSS og meðalslæman sjónukvilla af völdum sykursýki eða vægari urðu framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS hjá 1,4% í ranibizumab hópnum og hjá 0,9% í laser hópnum.

Meðferð við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu (retinal vein occlusion (RVO))

Lagt hefur verið mat á klínískt öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu, í slembiröðuðu, tvíblindu samanburðarrannsóknunum BRAVO og CRUISE sem gerðar voru hjá sjúklingum með lokun bláæðargreinar í sjónu (BRVO) (n=397) og miðbláæðalokun í sjónu (CRVO) (n=392), tilgreint í sömu

röð. Í báðum rannsóknunum fengu sjúklingarnir annaðhvort 0,3 mg eða 0,5 mg af ranibizumabi eða lyfleysu með inndælingu. Eftir 6 mánuði var sjúklingunum í hópnum sem fékk lyfleysu víxlað yfir á 0,5 mg af ranibizumabi.


Helstu niðurstöður mælinga úr BRAVO og CRUISE eru teknar saman í töflu 8 og myndum 5 og 6.

Tafla 8 Niðurstöður í 6. og 12. mánuði (BRAVO og CRUISE)

	BRAVO		CRUISE	
	Lyfleysa/Lucentis 0,5 mg (n=132)	Lucentis 0,5 mg (n=131)	Lyfleysa/Lucentis 0,5 mg (n=130)	Lucentis 0,5 mg (n=130)
Meðaltalsbreyting sjónskerpu í 6. mánuði ^a (bókstafir) (staðalfrávik) (aðalendapunktur)	7,3 (13,0)	18,3 (13,2)	0,8 (16,2)	14,9 (13,2)
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu í 12. mánuði (bókstafir) (staðalfrávik)	12,1 (14,4)	18,3 (14,6)	7,3 (15,9)	13,9 (14,2)
Aukning á sjónskerpu um ≥15 bókstafi í 6. mánuði ^a (%)	28,8	61,1	16,9	47,7
Aukning á sjónskerpu um ≥15 bókstafi í 12. mánuði (%)	43,9	60,3	33,1	50,8
Hlutfall (%) sem fékk björgunarmeðferð með laser á 12 mánuðum	61,4	34,4	Á ekki við	Á ekki við


^ap<0,0001 fyrir báðar rannsóknirnar

Mynd 5 Meðalbreyting á bestu leiðrétu sjónskerpu frá upphafsgildum til 6. mánaðar og 12. mánaðar (BRAVO)



SE=standard error of mean

Mynd 6 Meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá upphafsgildum til 6. mánaðar og 12. mánaðar (CRUISE)



SE=standard error of mean

Í báðum rannsóknunum fylgdi bættri sjón áframhaldandi og marktæk minnkun á þjúg í sjónudepli samkvæmt mælingum á þykkt sjónu við sjóntaug.

Hjá sjúklingum með miðbláæðalokun í sjónu (CRVO) (CRUISE og framhaldsrannsóknin HORIZON): Sjúklingar, sem fengu lyfleysu fyrstu 6 mánuðina en síðan ranibizumab, náðu ekki sambærilegri aukningu á sjónskerpu eftir 24 mánuði (~6 bókstafir) og sjúklingar sem fengu meðferð með ranibizumabi frá því rannsóknin hófst (~12 bókstafir).

Tölfræðilega marktækur ávinningur að mati sjúklinga samkvæmt undirkvörðum tengdum athöfnum sem tengjast nær- og fjarsjón kom fram við meðferð með ranibizumabi framyfir samanburðarhópinn, metið samkvæmt NEI VFQ-25 (the National Eye Institute Visual Function Questionnaire).

Lagt var mat á langtíma (24 mánuðir) klínískt öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna þjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu í rannsóknunum BRIGHTER (BRVO) og CRYSTAL (CRVO). Í báðum rannsóknunum var 0,5 mg af ranibizumabi samkvæmt meðferðaráætlun gefið eftir þörfum samkvæmt einstaklingsbundnum stöðugleikaviðmiðum. BRIGHTER var 3 arma slembuð rannsókn með virkum samanburði þar sem borin voru saman 0,5 mg af ranibizumabi sem einlyfjameðferð eða samhliða lasermeðferð og lasermeðferð ein sér. Eftir 6 mánuði gátu sjúklingar í hópnum sem fékk lasermeðferð fengið 0,5 mg af ranibizumabi. CRYSTAL var stakarma rannsókn þar sem 0,5 mg af ranibizumabi voru gefin sem einlyfjameðferð.

Lykilniðurstöður úr BRIGHTER og CRYSTAL koma fram í töflu 9.

Tafla 9 Niðurstöður í 6. og 24. mánuði (BRIGHTER og CRYSTAL)

	BRIGHTER			CRYSTAL
	Lucentis 0,5 mg N=180	Lucentis 0,5 mg + lasermeðferð N=178	Lasermeðferð* N=90	Lucentis 0,5 mg N=356
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu í 6. mánuði ^a (bókstafir) (staðalfrávik)	+14,8 (10,7)	+14,8 (11,13)	+6,0 (14,27)	+12,0 (13,95)
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu í 24. mánuði ^b (bókstafir) (staðalfrávik)	+15,5 (13,91)	+17,3 (12,61)	+11,6 (16,09)	+12,1 (18,60)
Aukning á bestu leiðréttu sjónskerpu um ≥15 bókstafi í 24. mánuði (%)	52,8	59,6	43,3	49,2
Meðalfjöldi inndælinga (staðalfrávik) (0.-23. mánuður)	11,4 (5,81)	11,3 (6,02)	Á ekki við	13,1 (6,39)
^a	p<0,0001 fyrir samanburð í BRIGHTER í 6. mánuði: Lucentis 0,5 mg samanborið við lasermeðferð og Lucentis 0,5 mg + lasermeðferð samanborið við lasermeðferð.			
^b	p<0,0001 fyrir núllkenningu í CRYSTAL um að meðalbreyting frá upphafi í 24. mánuði sé núll.			
*	Frá 6. mánuði var meðferð með ranibizumabi 0,5 mg leyfð (24 sjúklingar fengu eingöngu lasermeðferð).			

Í BRIGHTER sýndi ranibizumab 0,5 mg samhliða lasermeðferð ekki yfirburði yfir einlyfjameðferð með ranibizumabi frá upphafi að 24. mánuði (95% CI -2,8; 1,4).

Í báðum rannsóknum kom fram hröð og tölfraðilega marktæk minnkun frá upphafsgildi á miðlægri þykknun í undirlagi sjónu (central retinal subfield thickness) í 1. mánuði. Þessi áhrif héldust fram að 24. mánuði.

Áhrif ranibizumab meðferðar voru svipuð óháð blóðþurrð í sjónhimnu. Í BRIGHTER var meðalbreyting frá upphafi +15,3 bókstafir hjá sjúklingum með blóðþurrð (N=46) og +15,6 bókstafir hjá sjúklingum sem ekki voru með blóðþurrð (N=133), sem fengu einlyfjameðferð með ranibizumabi í 24. mánuði. Í CRYSTAL var meðalbreyting frá upphafi +15,0 bókstafir hjá sjúklingum með blóðþurrð (N=53) og 11,5 bókstafir hjá sjúklingum sem ekki voru með blóðþurrð (N=300), sem fengu einlyfjameðferð með ranibizumabi.

Áhrif hvað varðar bætta sjón komu fram hjá öllum sjúklingum sem fengu meðferð með 0,5 mg af ranibizumabi einu sér óháð því hversu lengi þeir höfðu verið með sjúkdóminn, bæði í BRIGHTER og CRYSTAL. Hjá sjúklingum sem höfðu verið með sjúkdóminn <3 mánuði jókst sjónskerpa um 13,3 og 10,0 bókstafi í 1. mánuði; og 17,7 og 13,2 bókstafi í 24. mánuði í BRIGHTER og CRYSTAL, tilgreint í sömu röð. Samsvarandi framfarir varðandi sjónskerpu hjá sjúklingum sem höfðu verið með sjúkdóminn ≥12 mánuði var 8,6 og 8,4 bókstafir í sömu rannsóknum. Íhuga skal að hefja meðferð við greiningu sjúkdómsins.

Langtímaöryggi ranibizumabs sem kom fram í 24 mánaða rannsóknunum er í samræmi við þekkt öryggi Lucentis.

Börn

Meðferð við sjónukvilla fyrirbura hjá fyrirburum

Lagt hefur verið mat á klínískt öryggi og verkun Lucentis 0,2 mg við meðferð á sjónukvilla fyrirbura hjá fyrirburum með 6 mánaða gögnum úr slembiröðuðu, opnu, 3 arma rannsókninni til að sýna yfirburði, með samhliða hópum, H2301 (RAINBOW), sem var hönnuð til þess að meta áhrif ranibizumabs 0,2 mg og 0,1 mg gefins með inndælingu í glerhlaup í samanburði við lasermeðferð. Sjúklingar sem voru gjaldgengir í rannsóknina voru með einn af eftirtöldum sjónukvillum í hvoru auga:

- Svæði I, sjúkdómur af stigi 1+, 2+, 3 eða 3+, eða
- Svæði II, sjúkdómur af stigi 3+, eða
- Ángengan baklægan (aggressive posterior) sjónukvilla fyrirbura

Í þessari rannsókn var 225 sjúklingum slembiraðað í hlutföllunum 1:1:1 til þess að fá ranibizumab 0,2 mg (n=74) eða 0,1 mg (n=77) í glæru, eða lasermeðferð (n=74).

Meðferðarárangurinn, sem var metinn út frá því að hvorki virkur sjónukvilli fyrirbura né óæskileg áhrif á formgerð í báðum augum voru til staðar 24 vikum eftir fyrstu rannsóknarmeðferðina, var mestur með ranibizumabi 0,2 mg (80%) samanborið við lasermeðferð (66,2%) (sjá töflu 10). Meirihluti sjúklinga sem voru meðhöndlaðir með ranibizumabi 0,2 mg (78,1%) fengu eina inndælingu í hvort auga.

Tafla 10 Niðurstöður í 24 viku (RAINBOW)

Meðferð	Meðferðarárangur					
	n/M (%)	95% CI	Samanburður	Líkindahlutfall (OR) ^a	95% CI	p-gildi ^b
Ranibizumab 0,2 mg (N=74)	56/70 (80,0)	(0,6873; 0,8861)	Ranibizumab 0,2 mg sbr. við laser	2,19	(0,9932; 4,8235)	0,0254
Lasermeðferð (N=74)	45/68 (66,2)	(0,5368; 0,7721)				
CI = öryggisbil (confidence interval), M = heildarfjöldi sjúklinga sem ekki vantaði gildi hjá fyrir aðal niðurstöður varðandi verkun (þar með talin tilreiknuð gildi), n = fjöldi sjúklinga þar sem virkur sjónukvilli fyrirbura var ekki til staðar né óæskileg áhrif á formgerð í báðum augum 24 vikum eftir fyrstu rannsóknarmeðferð (þar með talin tilreiknuð gildi). Ef sjúklingur dó eða skipti um rannsóknarmeðferð fyrir eða við 24. viku þá var sjúklingurinn talinn vera með virkan sjónukvilla fyrirbura og óæskileg áhrif á formgerð við 24. viku. ^a Líkindahlutfall er reiknað með því að nota Cochran-Mantel-Haenszel próf með svæði sjónukvilla fyrirbura við grunnildi (svæði I og II; samkvæmt CRF) sem lagskiptan þátt. ^b p-gildi fyrir samanburð tveggja er einhliða. Fyrir aðalendapunktinn var fyrirframtilgreint marktökustig fyrir einhliða p-gildið 0,025.						

Á 24 vikna rannsóknartímanum skiptu færri sjúklingar úr ranibizumab 0,2 mg hópnum yfir á annað meðferðarform vegna skorts á svörun samanborið við laserhópinn (14,9% á móti 24,3%). Sjaldnar var greint frá óæskilegum niðurstöðum varðandi formgerð fyrir ranibizumab 0,2 mg (1 sjúklingur, 1,4%) samanborið við lasermeðferð (7 sjúklingar, 10,1%).

Lagt var mat á langtíma verkun og öryggi ranibizumabs 0,2 mg við meðferð á sjónukvilla fyrirbura hjá fyrirburum í rannsókn H2301E1 (RAINBOW framhald) sem var framhaldsrannsókn H2301 rannsóknarinnar (RAINBOW) þar sem sjúklingum var fylgt eftir til fimm ára aldurs.

Meginmarkmiðið var að meta sjónina í heimsókn við fimm ára aldur sjúklings, þar sem sjónskerpa var mæld samkvæmt ETDRS-kvarða (Early Treatment Diabetic Retinopathy Study) með því að nota sjónpróf með Lea táknum til að mæla sjón á betra auganu (því auga sem er með hærra ETDRS-skor).

ETDRS-skor hjá sjúklingum sem luku heimsókn við fimm ára aldur var skráð hjá 83,3% (45/54) sjúklinga í hópnum sem fékk ranibizumab 0,2 mg og 76,6% (36/47) sjúklinga í hópnum sem fékk lasermeðferð. Meðaltal minnstu fervika (staðalskekka) var hærra í hópnum sem fékk ranibizumab 0,2 mg (66,8 [1,95]) samanborið við hópinn sem fékk lasermeðferð (62,1 [2,18]) þar sem munur á meðaltali minnstu fervika ETDRS-skors nam 4,7 (95% CI: -1,1; 10,5). Flokkaðar niðurstöður fyrir sjónskerpu á betra auganu við fimm ára aldur sjúklinga eru sýndar í töflu 11.

Tafla 11 Niðurstöður fyrir sjónskerpu á betra auganu¹ í heimsókn við fimm ára aldur sjúklinga

Sjónskerpuflokkur	Ranibizumab 0,2 mg N=61 n (%)	Laser N=54 n (%)
≥1 til ≤34 bókstafir	1 (1,6)	2 (3,7)
≥35 til ≤70 bókstafir	24 (39,3)	23 (42,6)
≥71 bókstafir	20 (32,8)	11 (20,4)
¹ Betra augað er augað með hærra skor á ETDRS-stafakvarða í heimsókn við fimm ára aldur. Ef bæði augu eru með sama skor á ETDRS-stafakvarða, þá er hægra augað skilgreint sem betra augað.		

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Lucentis hjá öllum undirhópum barna við nýæðamyndandi aldurstengdri hrörnun í augnbotnum, sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki, sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu, sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu og sjónukvilla af völdum sykursýki (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum). Að auki hefur Lyfjastofnun Evrópu fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Lucentis hjá eftirtöldum undirhópum barna við sjónukvilla fyrirbura: Nýfæddum ungbörnum, ungbörnum, börnum og unglingum.

5.2 Lyfjahvörf

Eftir mánaðarlega inndælingu Lucentis í glerhlaup hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum, var sermispéttni ranibizumabs yfirleitt lág og hámarksgildi (C_{max}) voru yfirleitt undir þeirri þéttni ranibizumabs sem þarf til að hindra líffræðilega virkni VEGF um 50% (11-27 ng/ml, samkvæmt mati sem gert var á frumufjölgun *in vitro*). C_{max} var í réttu hlutfalli við skammta á skammtabilinu 0,05 til 1,0 mg/auga. Sermispéttni hjá takmörkuðum fjölda sjúklinga með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki bendir til þess að ekki sé hægt að útiloka lítillaga hækkaða altæka útsetningu samanborið við það sem kom fram hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum. Sermispéttni ranibizumabs hjá sjúklingum með bláæðalokun í sjónu var svipuð eða lítillaga hærri en sem fram kom hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum.

Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum og brotthvarfi ranibizumabs úr sermi hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum í meðferð með 0,5 mg skammti, er meðaltal helmingunartíma brotthvarfs ranibizumabs úr glerhlaupi um það bil 9 dagar. Meðan á mánaðarlegri gjöf Lucentis 0,5 mg/auga í glerhlaup stendur er talið að C_{max} fyrir ranibizumab í sermi, sem næst um það bil 1 sólarhring eftir inndælingu, sé yfirleitt á bilinu 0,79-2,90 ng/ml og að C_{min} sé yfirleitt á bilinu 0,07-0,49 ng/ml. Sermispéttni ranibizumabs er talin vera um það bil 90.000-falt minni en þéttni ranibizumabs í glerhlaupi.

Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi: Engar formlegar rannsóknir hafa verið gerðar til að rannsaka lyfjahvörf Lucentis hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Í þýðisgreiningu á lyfjahvörfum hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörmun í augnbotnum voru 68% (136 af 200) sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi (vægt skert hjá 46,5% [50-80 ml/mín.], í meðallagi alvarlega skert hjá 20% [30-50 ml/mín.] og alvarlega skert hjá 1,5% [< 30 ml/mín.]). Hjá sjúklingum með bláæðalokun í sjónu voru 48,2% (253 af 525) sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi (36,4% með vægt skerta, 9,5% með í meðallagi alvarlega skerta og 2,3% með alvarlega skerta). Almenn úthreinsun var lítið eitt minni, en þó ekki klínískt mikilvægt.

Skert lifrarstarfsemi: Engar formlegar rannsóknir hafa verið gerðar til að rannsaka lyfjahvörf Lucentis hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi.

Börn

Eftir inndælingu Lucentis í glerhlaup hjá fyrirburum með sjónukvilla fyrirbura í skammtinum 0,2 mg (í hvort auga), var sermispéttni ranibizumabs hærri en kom fram hjá fullorðnum sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörmun í augnbotnum sem fengu 0,5 mg í annað augað. Samkvæmt greiningum á lyfjahvörfum, var munurinn á C_{max} um það bil 16-falt hærri og AUC_{inf} um það bil 12-falt hærri. Altækur helmingunartími (apparent systemic half-life) var um það bil 6 dagar. Greining á lyfjahvörfum/lyfhrifum sýndi ekki fram á skýrt samband á milli altækrar þéttni ranibizumabs og altækrar þéttni VEGF.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Gjöf ranibizumabs í glerhlaup beggja augna hjá cynomolgus öpum í skömmtum á bilinu 0,25 mg/auga og 2,0 mg/auga á 2 vikna fresti í allt að 26 vikur leiddi til skammtaháðra áhrifa á augu.

Í augunum kom fram skammtaháð aukning ertiroða í fremra augnhólfi og skammtaháð frumuþjölgun sem nær hámarki 2 dögum eftir inndælingu. Alvarleiki bólgusvörunarinnar minnkar yfirleitt við áframhaldandi inndælingar eða meðan á batatímabili stendur. Í afturhluta augans (posterior segment) kom fram frumuíferð í glerhlaupi og augngrugg, sem einnig hafði tilhneigingu til að vera skammtaháð og var yfirleitt til staðar þar til meðferðartímabilinu lauk. Í 26 vikna rannsókninni reyndist alvarleiki bólgu í glerhlaupi fara vaxandi með fjölda inndælinga. Hins vegar sáust vísbendingar um viðsnúning eftir batatímabil. Eðli og tímasetning bólgunnar í afturhluta augans bendir til ónæmisstýrðrar mótéfnasvörunar, sem skiptir hugsanlega ekki máli klínískt séð. Drermyndun kom fyrir hjá nokkrum dýrum eftir að mikil bólga hafði verið til staðar í hlutfallslega langan tíma, sem bendir til þess að breytingarnar á augasteininum séu afleiðing alvarlegrar bólgu. Tímabundin hækkun augnþrýstings kom fram eftir inndælingu í glerhlaup, óháð skammtastærð.

Smásæjar breytingar á augum voru tengdar bólgu og bentu ekki til hrörmunarferla. Fram komu hnúðóttar bólgubreytingar í sjóntaugardoppunni í nokkrum augum. Þessar breytingar í afturhluta augans minnkuðu og hurfu í sumum tilvikum meðan á batatímabili stóð.

Engin merki um almennar eiturvekanir komu fram í kjölfar inndælingar í glerhlaup. Í undirhópi meðhöndlaðra dýra fundust mótéfni gegn ranibizumabi í sermi og glerhlaupi.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um krabbameinsvaldandi áhrif eða stökkbreytingar.

Inndæling í glerhlaup, hjá öpum með fangi, sem olli hámarks altækri útsetningu sem var 0,9-7 föld sú klíníska útsetning sem getur orðið í versta falli, leiddi ekki til eiturvekana á þroska eða vansköpunar, og hafði engin áhrif á þyngd fylgju eða fylgjuvef, enda þótt miðað við lyfjafræðileg áhrif ætti að líta svo á að ranibizumab gæti hugsanlega valdið vanskapnaði og haft eiturvekun á fósturvísi/fóstur.

Áhrif af völdum ranibizumabs á þroska fóstur-fósturvísis koma líklega ekki fram vegna þess að Fab-hlutinn kemst ekki yfir fylgju. Engu að síður var lýst tilfelli þar sem þéttni ranibizumabs í sermi móður var hátt og ranibizumab var til staðar í sermi fósturs, sem bendir til þess að and-ranibizumab mótéfni hafi virkað eins og burðarprótein (með Fc hluta) fyrir ranibizumab og minnkað þannig úthreinsun úr

sermi hjá móður og gert flutning yfir fylgju mögulegan. Rannsóknarniðurstöður skal túlka með varúð, þar sem rannsóknir á þroska fósturvísis-fósturs voru gerðar á heilbrigðum dýrum með fangi og sjúkdómar (eins og sykursýki) geta breytt gegndræpi fylgjunnar fyrir Fab-hlutum.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

α,α -trehalosadihýdrat
Histidinhýdróklóríðmonohýdrat
Histidin
Polysorbat 20
Vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymslupól

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C - 8°C).
Má ekki frjósa.
Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.
Geyma má órofið hettuglasið fyrir notkun við stofuhita (25°C) í allt að 24 klst.

6.5 Gerð íláts og innihald

Pakkning sem inniheldur eingöngu hettuglas

Eitt hettuglas (gler af gerð I) með tappa (klóróbútýlgúmmí) sem inniheldur 0,23 ml af sæfðri lausn.

Pakkning sem inniheldur hettuglas + síunál

Eitt hettuglas (gler af gerð I) með tappa (klóróbútýlgúmmí) sem inniheldur 0,23 ml af sæfðri lausn og 1 oddlausa síunál (18G x 1½", 1,2 mm x 40 mm, 5 µm).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Pakkning sem inniheldur eingöngu hettuglas

Hettuglasið er einungis til notkunar einu sinni. Eftir inndælingu verður að farga öllum ónotuðum lyfjaleifum. Ef vart verður við skemmdir á hettuglasinu eða það ber þess merki að átt hafi verið við það má ekki nota það. Ekki er hægt að tryggja að hettuglasið sé sæft nema innsigli á umbúðunum utan um það sé órofið.

Fyrir undirbúning og inndælingu í glerhlaup þarf að nota eftirtalin einnota lækningatæki:

- 5 µm síunál (18G)
- 1 ml sæfða sprautu (með 0,05 ml skammtalínu) og nál (30G x ½"), fyrir fullorðna sjúklinga

- sæfða nákvæmnisprautu fyrir lítið rúmmál, sem kemur ásamt nál (30G x ½") í VISISURE settinu, fyrir fyrirbura
- Þessi lækningatæki fylgja ekki með í pakkningunni.

Pakkning sem inniheldur hettuglas + síunál

Hettuglasið og síunálin eru einungis til notkunar einu sinni. Endurtekin notkun getur leitt til sýkingar eða annarra sjúkdóma/áverka. Allir hlutirnir eru sæfðir. Ef vart verður við skemmdir á pakkningum einhvers hlutar eða þær bera þess merki að átt hafi verið við þær skal ekki nota þann hlut. Ekki er hægt að tryggja að hluturinn sé sæfður nema innsigli á umbúðunum utan um hann sé órofið.

Fyrir undirbúning og inndælingu í glerhlaup þarf að nota eftirtalin einnota lækningatæki:

- 5 µm síunál (18G x 1½", 1,2 mm x 40 mm, fylgir með)
- 1 ml sæfða sprautu (með 0,05 ml skammtalínu, fylgir ekki með í pakkningunni) og nál (30G x ½", fylgir ekki með í pakkningunni), fyrir fullorðna sjúklinga
- sæfða nákvæmnisprautu fyrir lítið rúmmál, sem kemur ásamt nál (30G x ½") í VISISURE settinu (fylgir ekki með í pakkningunni), fyrir fyrirbura

Fylgið eftirfarandi leiðbeiningum við undirbúning fyrir notkun Lucentis í glerhlaup **hjá fullorðnum**:

1. Áður en lyfið er dregið upp úr hettuglasinu skal taka lokið af hettuglasinu og hreinsa yfirborð tappans (t.d. með 70% sprittþurrku).
2. Setjið 5 µm síunál (18G x 1½", 1,2 mm x 40 mm) á 1 ml sprautu við smitgát. Þrýstið oddlausu síunálinni í miðjan tappa hettuglassins þar til nálin snertir botn hettuglassins.
3. Dragið upp allt innihald hettuglassins. Hafið hettuglasið í uppréttri stöðu og hallið því lítillega til að auðvelda tæmingu hettuglassins til fulls.
4. Þegar verið er að tæma hettuglasið skal gæta þess að draga stimpilinn nægilega til baka til að tryggja að nálin tæmist alveg.
5. Skiljið breiðu síunálina eftir í hettuglasinu en losið sprautuna frá nálinni. Fargið síunálinni eftir að innihald hettuglassins hefur verið dregið upp, ekki má nota hana við inndælinguna í glerhlaupið.
6. Setjið nál (30G x ½", 0,3 mm x 13 mm) þétt á sprautuna, við smitgát.
7. Fjarlægið hettuna varlega af nálinni án þess að nálin losni frá sprautunni.

Athugið: Haldið um tengihlutann á nálinni á meðan hettan er fjarlægð.

8. Fjarlægið varlega allt loft úr sprautunni ásamt umframlausn og stillið skammtinn á 0,05 ml strikið á sprautunni. Sprautan er tilbúin til inndælingar.

Athugið: Þurrkið ekki af nálinni. Dragið ekki stimpilinn til baka.

Eftir inndælinguna skal ekki setja hettuna aftur á nálina eða losa hana af sprautunni. Fleygið notuðu sprautunni ásamt nálinni í ílát sem ætlað er fyrir beitta hluti eða í samræmi við gildandi reglur.

Ef lyfið er notað handa börnum

Fylgið notkunarleiðbeiningunum sem fylgja VISISURE settinu við undirbúning fyrir notkun Lucentis í glerhlaup **hjá fyrirburum**.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/06/374/002
EU/1/06/374/004

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 22. janúar 2007
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 11. nóvember 2016

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

1. HEITI LYFS

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur ranibizumab* 10 mg. Ein áfyllt sprauta inniheldur 0,165 ml, sem jafngildir 1,65 mg af ranibizumabi. Rúmmálið sem næst úr einni áfylltri sprautu er 0,1 ml. Þetta er nægilegt magn til þess að fá stakan 0,05 ml skammt sem inniheldur 0,5 mg af ranibizumabi.

*Ranibizumab er einstofna mannaaðlagður mótefnisbútur, framleiddur í *Escherichia coli* frumum með raðbrigða DNA tækni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.

Tær, litlaus til fólbrúngul vatnslausn.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Lucentis er ætlað fullorðnum:

- Til meðferðar við nýæðamyndandi (votri) aldurstengdri hrörnun í augnbotnum (AMD).
- Til meðferðar við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (diabetic macular oedema (DME)).
- Til meðferðar við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (proliferative diabetic retinopathy (PDR)).
- Til meðferðar við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu (retinal vein occlusion (RVO)) (lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch RVO) eða miðbláæðalokunar í sjónu (central RVO)).
- Til meðferðar við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu (CNV).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Einungis þar til hæfir augnlæknar með reynslu af inndælingu í glerhlaup mega gefa Lucentis.

Skammtar

Ráðlagður skammtur af Lucentis er 0,5 mg, gefinn sem stök inndæling í glerhlaup. Þetta samsvarar 0,05 ml rúmmáli til inndælingar. Tími á milli tveggja skammta í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Meðferð er hafin með einni inndælingu í mánuði þar til hámarkssjónskerpa næst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm, þ.e. engin breyting í sjónskerpu eða öðrum einkennum sjúkdómsins við áframhaldandi meðferð. Hjá sjúklingum með vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum (wet AMD), sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME), sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR) og bláæðalokun í sjónu (RVO) getur í upphafi þurft að gefa þrjár eða fleiri mánaðarlegar inndælingar í röð.

Síðan skal eftirlit og tími á milli meðferða ákveðinn af læknum og skal byggjast á virkni sjúkdómsins metið út frá sjónskerpu og/eða líffærafræðilegum þáttum.

Ef sjónrænir og líffærafræðilegir þættir benda, að mati læknisins, til þess að sjúklingurinn hafi ekki ávinning af áframhaldandi meðferð skal stöðva meðferð með Lucentis.

Eftirlit með virkni sjúkdómsins getur falist í klínískri skoðun, virkniprófunum eða myndgreiningu (t.d. sjónhinnusneiðmynd (optical coherence tomography) eða æðamyndatöku með flúrskímulausn).

Ef sjúklingar fá meðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils, þ.e. að þegar hámarkssjónskerpa hefur náðst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm má lengja tímann á milli meðferða í þrepum þar til sjúkdómseinkenni eða sjónskerðing kemur fram aftur. Í fyrstu skal ekki lengja tíma á milli meðferða um meira en tvær vikur í einu við vota aldurstengda hrönnun í augnbotnum (wet AMD) en má lengja um einn mánuð í einu við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME). Við meðferð við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR) og bláæðalokun í sjónu má einnig lengja tímann milli meðferða smám saman, hins vegar liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn til að ákvarða lengd tímans milli meðferða. Ef virkni sjúkdóms kemur aftur skal stytta tímann milli meðferða til samræmis við það.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu á að ákveða einstaklingsbundið miðað við virkni sjúkdóms. Sumir sjúklingar gætu þurft aðeins eina inndælingu fyrstu 12 mánuðina en aðrir gætu þurft tíðari meðferð, þar með talið mánaðarlega inndælingu. Sem meðferð við nýæðamyndun í æðu vegna nærsýni þurfa margir hverjir aðeins eina eða tvær inndælingar fyrsta árið (sjá kafla 5.1).

Lucentis og lasermeðferð við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki og við bjúg í sjónudepli af völdum lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch retinal vein occlusion)

Einhver reynsla er af því að gefa Lucentis samhliða lasermeðferð (sjá kafla 5.1). Þegar Lucentis er gefið sama dag og lasermeðferð á að gefa það að minnsta kosti 30 mín. á eftir lasermeðferðinni. Gefa má sjúklingum Lucentis sem hafa áður verið meðhöndlaðir með laser.

Ljósnaemis meðferð með Lucentis og verteporfíni við nýæðamyndun í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni

Engin reynsla er af samhliða meðferð með Lucentis og verteporfíni.

Sérstakir sjúklingahópar

Skert lifrarstarfsemi

Notkun Lucentis hefur ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Hins vegar er engna sérstakra ráðstafana þörf varðandi þennan sjúklingahóp.

Skert nýrnastarfsemi

Ekki þarf að breyta skömmtum hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 5.2).

Aldraðir

Ekki þarf að breyta skömmtum handa öldruðum. Takmörkuð reynsla er hjá sjúklingum eldri en 75 ára sem eru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki.

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Lucentis hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára. Fyrirliggjandi upplýsingar um unglunga á aldrinum 12 til 17 ára með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu koma fram í kafla 5.1.

Lyfjagjöf

Einnota áfyllt sprauta, eingöngu ætluð til notkunar í glerhlaup (intravitreal use). Áfyllta sprautan inniheldur meira en ráðlagðan 0,5 mg skammt. Ekki á að nota allt magnið sem næst úr áfylltu sprautunni (0,1 ml). Umframmagninu á að þrýsta út fyrir inndælingu. Ef öllu innihaldi áfylltu sprautunnar er dælt inn getur það leitt til ofskömmtunar. Til að losna við loftbólurnar ásamt umframmagni af lyfinu á að þrýsta rólega á stimpilinn þar til brúnnin fyrir neðan bunguna á

gúmmíendanum nemur við svörtu skammtalínuna á sprautunni (jafngildir 0,05 ml, þ.e. 0,5 mg af ranibizumabi).

Skoða skal Lucentis fyrir notkun með tilliti til agna og mislitunar.

Inndælingin skal fara fram við smitgát, sem felur í sér sóttþreinsun handa eins og fyrir skurðaðgerð, notkun sæfðra hanska, dúks og augnsperru (eða samsvarandi) og augnástunga við sæfðar aðstæður skal vera möguleg (ef þörf krefur). Leggja skal ítarlegt mat á sjúkrasögu sjúklingsins með tilliti til ofnæmis, áður en lyfið er gefið með inndælingu í glerhlaup (sjá kafla 4.4). Samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað skal gefa fullnægjandi deyfingu og breiðvirkir örverueyðandi augnlyf til að sóttþreinsa húðina umhverfis augun, augnlokin og yfirborð augans áður en Lucentis er gefið með inndælingu.

Sjá upplýsingar um undirbúning fyrir notkun Lucentis í kafla 6.6.

Færa skal nálina 3,5-4,0 mm aftur fyrir brún inn í glerhlaupsholið, framhjá lárétta lengdarbaugnum og í átt að miðju augnknattarins. Síðan skal gefa 0,05 ml með inndælingu. Við síðari inndælingar skal nota annan stungustað á augnhvítunni en þann sem síðast var notaður. Einungis skal nota hverja áfyllta sprautu til að meðhöndla eitt auga.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Sjúklingar með virka sýkingu eða grun um sýkingu í auga eða umhverfis auga.

Sjúklingar með virka alvarlega augnbólgu.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Viðbrögð sem tengjast inndælingu í glerhlaup

Inndæling í glerhlaup, þar með talið með Lucentis, hefur verið tengd innri augnknattarbólgu, augnbólgu, sjónulosi með rofi, rifu á sjónu og dreri vegna meðferðartengdra áverka (sjá kafla 4.8). Ávallt skal viðhafa viðeigandi smitgát þegar Lucentis er gefið með inndælingu. Að auki skal fylgjast með sjúklingunum vikuna eftir inndælingu til að hægt sé að hefja sem fyrst meðferð ef fram kemur sýking. Sjúklingum skal leiðbeint um að greina tafarlaust frá öllum einkennum sem bent geta til innri augnknattarbólgu eða einhvers framantalsins.

Aukning á augnþrýstingi

Tímabundin aukning á augnþrýstingi hefur komið fram innan 60 mínútna eftir inndælingu Lucentis. Einnig hefur komið fram viðvarandi aukning á augnþrýstingi (sjá kafla 4.8). Hafa þarf eftirlit með bæði augnþrýstingi og blóðflæði um sjóntaugardoppu, og veita viðeigandi meðferð þegar þess gerist þörf.

Upplýsa skal sjúklinga um einkenni þessara mögulegu aukaverkana og ráðleggja þeim að láta lækinn vita ef þeir fá einkenni eins og augnverk eða aukin óþægindi, aukinn roða í augum, þokusjón eða skerta sjón, aukinn fjölda lítilla agna fyrir sjónum þeirra eða aukið ljósnæmi (sjá kafla 4.8).

Lyfið gefið í bæði augu

Takmarkaðar upplýsingar um notkun Lucentis í bæði augu (þar með talið gjöf samdægurs) benda ekki til aukinnar hættu á altækum (systemic) aukaverkunum samanborið við meðferð á öðru auganu.

Ónæmissvörun

Hætta er á ónæmissvörun í tengslum við notkun Lucentis. Þar sem möguleiki er á aukinni altækri (systemic) útsetningu hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki, er ekki hægt að útiloka aukna hættu á að fram komi ofnæmi hjá þessum sjúklingum. Einnig skal gefa sjúklingunum fyrirmæli um að láta vita af því ef augnbólga fer versnandi en slíkt getur verið klínískt einkenni myndunar mótefna í auganu.

Samhliða notkun annarra lyfja gegn VEGF (æðapelsvaxtarþætti)

Ekki skal nota Lucentis samhliða öðrum lyfjum gegn æðapelsvaxtarþætti (hvort sem þau eru notuð staðbundið eða ekki).

Notkun Lucentis frestað

Sleppa skal skammti og ekki hefja meðferð að nýju fyrr en komið er að næsta fyrirhuguðum skammti ef:

- Besta leiðrétt sjónskerpa (BCVA) minnkar um ≥ 30 bókstafi samanborið við síðasta mat á sjónskerpu.
- Augnþrýstingur er ≥ 30 mmHg.
- Sjónurof á sér stað.
- Blæðing verður undir sjónu og nær til miðjudældar (fovea centralis) eða ef blæðingin er $\geq 50\%$ af samanlögðu skemmda svæðinu.
- Augnaðgerð hefur verið gerð á síðastliðnum 28 dögum eða er fyrirhuguð á næstu 28 dögum.

Rof á sjónulitþekjuvef

Áhættuþættir tengdir rofi á sjónulitþekjuvef (retinal pigment epithelial tear), eftir meðferð með lyfjum gegn æðapelsvaxtarþætti við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og hugsanlega öðrum tilbrigðum nýæðamyndunar í æðu eru m.a. víðfeðmt og/eða mikið sjónulitþekjulos. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með þessa áhættuþætti fyrir rofi sjónulitþekjuvefs þegar meðferð með ranibizumabi er hafin.

Sjónulos með rofi eða sjónudepilsgöt

Hætta skal meðferð hjá þeim sem eru með sjónulos með rofi og hjá þeim sem eru með 3. eða 4. stigs sjónudepilsgöt.

Sjúklingahópar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um

Einungis takmörkuð reynsla er af meðferð hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki af tegund I. Ekki hafa farið fram rannsóknir á meðferð með Lucentis hjá sjúklingum sem áður hafa fengið inndælingar í glerhlaup, hjá sjúklingum með virkar útbreiddar sýkingar eða hjá sjúklingum með annan augnsjúkdóm samtímis eins og sjónulos eða sjónudepilsgat. Takmörkuð reynsla er af meðferð með Lucentis hjá sjúklingum með sykursýki með HbA1c yfir 108 mmól/mól (12%) og engin reynsla hjá sjúklingum með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á. Við meðferð slíkra sjúklinga skal lækinn hafa í huga þennan skort á upplýsingum.

Ekki eru fullnægjandi upplýsingar til staðar til að álykta um verkun Lucentis hjá sjúklingum með bláæðalokun í sjónu sem eru með óafturkræfa sjónskerðingu vegna blóðþurrðar.

Hjá sjúklingum með sjúkdómsbreytingar í augnbotni vegna nærsýni liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um verkun Lucentis hjá sjúklingum sem áður hafa gengist undir árangurslausa ljósnæmis meðferð með verteporfini (vPDT). Einnig, þrátt fyrir að samræmi hafi komið fram varðandi verkun hjá einstaklingum með skemmdir undir miðjudæld (subfoveal) og við miðjudæld (juxtafoveal), eru upplýsingarnar ekki fullnægjandi til að álykta um verkun Lucentis hjá einstaklingum með sjúkdómsbreytingar í augnbotni vegna nærsýni sem eru með skemmdir utan miðjudældar (extrafoveal).

Altæk áhrif eftir notkun í glerhlaup

Greint hefur verið frá altækum aukaverkunum, þar með talið blæðingum sem ekki tengjast augum og slagæðasegareki, eftir inndælingu VEGF blokka í glerhlaup.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um öryggi meðferðar hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki, bjúg í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu eða sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni, og fyrri sögu um heilablóðfall eða skammvinn blóðþurrðarköst. Gæta skal varúðar við meðhöndlun slíkra sjúklinga (sjá kafla 4.8).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar formlegar rannsóknir á milliverkunum.

Sjá kafla 5.1 varðandi samhliða ljósnæmis meðferð með verteporfini og meðferð með Lucentis við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og sjúkdómsbreytingar í augnbotni vegna nærsýni.

Varðandi samhliða notkun laser meðferðar og Lucentis við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki og lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch RVO), sjá kafla 4.2 og 5.1.

Í klínískum rannsóknum á meðferð við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) kom fram að hjá sjúklingum sem fengu Lucentis hafði samhliða meðferð með thíazólídíndíon-lyfjum ekki áhrif á sjónskerpu eða miðlæga þykkun í undirlagi sjónu (central retinal subfield thickness).

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur á barneignaraldri/getnaðarvarnir kvenna

Konur á barneignaraldri ættu að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur.

Meðganga

Engar klínískar upplýsingar um notkun ranibizumabs á meðgöngu liggja fyrir. Rannsóknir á cynomolgus öpum benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á meðgöngu eða þroska fósturvísis/fósturs (sjá kafla 5.3). Altæk útsetning fyrir ranibizumabi er lítil eftir notkun í auga, en vegna þess hver verkunarmátinn er, verður að gera ráð fyrir að ranibizumab geti hugsanlega valdið vansköpun og eiturvekunum á fósturvísi/fóstri. Því má ekki nota ranibizumab á meðgöngu nema væntanlegur ávinningur vegi þyngra en hugsanleg áhætta fyrir fóstrið. Konum sem vilja verða þungaðar og hafa fengið meðferð með ranibizumabi er ráðlagt að bíða í að minnsta kosti 3 mánuði eftir síðasta skammt af ranibizumabi áður en getnaður fer fram.

Brjóstagjöf

Samkvæmt mjög takmörkuðum upplýsingum getur ranibizumab skilist út í brjóstamjólki í litlu magni. Áhrif ranibizumabs á börn sem eru á brjósti eru ekki þekkt. Sem varúðarráðstöfun er ekki mælt með að barn sé haft á brjósti meðan á meðferð með Lucentis stendur.

Frjósemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um frjósemi.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Sú aðferð sem notuð er við gjöfina getur valdið tímabundnum sjóntruflunum, sem geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla (sjá kafla 4.8). Sjúklingar sem finna fyrir þessum einkennum mega hvorki stunda akstur né notkun véla þar til þessar tímabundnu sjóntruflanir eru liðnar hjá.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á upplýsingum um öryggi

Flestar aukaverkanir sem greint hefur verið frá eftir notkun Lucentis tengjast aðferðinni við inndælinguna í glerhlaup.

Algengustu aukaverkanirnar á augu sem greint hefur verið eftir inndælingu Lucentis eru: augnverkur, blóðsókni í auga, aukinn augnþrýstingur, glerhlaupsbólga, glærulos, blæðing í sjónu, sjóntruflanir, augngrugg, blæðing í tárú, augnerting, tilfinning um korn í auga, aukin táraseyting, hvarmabólga, augnþurrkur og augnkláði.

Algengustu aukaverkanirnar sem greint hefur verið frá og ekki tengjast augum eru höfuðverkur, nefkoksbólga og liðverkir.

Sjaldgæfari en alvarlegri aukaverkanir eru innri augnknattarbólga, blindi, sjónulos, rifun á sjónu og drer vegna meðferðartengdra áverka (sjá kafla 4.4).

Aukaverkanir sem komu fram eftir notkun Lucentis í klínískum rannsóknum eru teknar saman í töflunni hér á eftir.

Aukaverkanir settar upp í töflu[#]

Aukaverkanirnar eru flokkaðar eftir líffærakerfi og tíðni sem hér segir: Mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra

Mjög algengar

Nefkoksbólga

Algengar

Þvagfærasýking*

Blóð og eitlar

Algengar

Blóðleysi

Ónæmiskerfi

Algengar

Ofnæmi

Geðræn vandamál

Algengar

Kvíði

Taugakerfi

Mjög algengar

Höfuðverkur

Augu
Mjög algengar

Glerhlaupsbólga, glærulos, blæðing í sjónu, sjóntruflanir, augnverkur, augngrugg, blæðing í táru, augnerting, tilfinning um korn í auga, aukin táraseyting, hvarmabólga, augnþurrkur, blóðsókn í auga, augnkláði.

Algengar

Hrörnun sjónu, sjónuröskun, sjónulos, rof sjónu, sjónulitþekjulos, rof sjónulitþekjuvefs, skert sjónskerpa, blæðing í glerhlaupi, glæruhlaupsröskun, æðahjúpsbólga, litubólga, litu- og brárkleggjabólga, drer, drer undir augasteinshýði, ógegnsæi bakhluta augasteinsins, depilglærubólga, skrámur á glæru, ertiroði í fremra augnhólfi, þokusýn, blæðing á stungustað, blæðing í auga, tárubólga, ofnæmistárubólga, útferð úr auga, blossasýn, ljósfælni, óþægindi í auga, bjúgur á augnlokum, verkur í augnlokum, blóðsókn í táru.

Sjaldgæfar

Blinda, innri augnknattarbólga, framhólfsgroftur, blæðing í framhólfi, glærukvilli, viðloðun lithimnu, útfellingar í glæru, glærubjúgur, rákir í glæru, verkur á stungustað, erting á stungustað, óeðlileg tilfinning í auga, erting í augnlokum.

Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti
Algengar

Hósti

Meltingarfæri
Algengar

Ógleði

Húð og undirhúð
Algengar

Ofnæmisviðbrögð (útbrot, ofsakláði, kláði, roði)

Stoðkerfi og bandvefur
Mjög algengar

Liðverkir

Rannsóknaniðurstöður
Mjög algengar

Hækkaður augnþrýstingur

Aukaverkanir voru skilgreindar sem aukaverkanir (hjá að minnsta kosti 0,5 prósentustigum sjúklinga) sem komu oftast fyrir (að minnsta kosti 2 prósentustigum) hjá sjúklingum á meðferð með Lucentis 0,5 mg en hjá þeim sem fengu samanburðarmeðferð (lyfleysu eða ljósnæmismedferð með verteporfini)

*sást aðeins hjá sjúklingum með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki

Aukaverkanir tengdar lyfjaflokki

Í III. stigs rannsóknunum á votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum kom fram smávægileg aukning á heildartíðni blæðinga, sem ekki tengdust augum, sem er aukaverkun sem hugsanlega tengist altækri (systemic) hömlun á VEGF (æðapelsvaxtarþætti), hjá sjúklingum sem fengu meðferð með ranibizumabi. Hinsvegar var ekkert samræmi milli mismunandi blæðinga. Fræðileg hætta á slagæðasegareki, þar með talið heilaslagi og hjartadrepi, er fyrir hendi í kjölfar notkunar VEGF blokka í glerhlaup. Í klínískum rannsóknum á Lucentis var tíðni slagæðasegareka lág hjá sjúklingum með aldurstengda hrörnun í augnbotnum (AMD), bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME), sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR), bláæðalokun í sjónu (RVO) og nýæðamyndun í æðu (CNV) og ekki var mikill munur á tíðni milli hópanna sem fengu meðferð með ranibizumabi annars vegar og samanburðarlyfi hins vegar.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Greint hefur verið frá tilvikum um ofskömmtnun fyrir slysi í klínískum rannsóknum á votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og upplýsingum eftir markaðssetningu. Þær aukaverkanir sem tengdust þessum tilvikum sem greint var frá voru aukinn augnþrýstingur, tímabundin blinda, skert sjónskerpa, glærubjúgur, verkur í glæru og verkur í auga. Ef ofskömmtnun á sér stað skal fylgjast með augnþrýstingi og meðhöndla hann ef lækinn telur þess þörf.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Augnlyf, efni sem draga úr nýmyndun æða, ATC-flokkur: S01LA04.

Verkunarháttur

Ranibizumab er einstofna mannaaðlagður mótefnisbútur, framleiddur með raðbrigðatækni, sem beint er gegn æðapelsvaxtarþætti A í æðum manna (VEGF-A). Það binst með mikilli sækni við isoform VEGF-A (þ.e. VEGF₁₁₀, VEGF₁₂₁ og VEGF₁₆₅), og kemur þannig í veg fyrir að VEGF-A bindist viðtökum sínum VEGFR-1 og VEGFR-2. Binding VEGF-A við viðtaka sína leiðir til fjölgunar innanþekjufrumna og æðanýmyndunar, sem og æðaleka, en þetta er allt talið eiga þátt í framvindu nýæðamyndandi aldurstengdrar hrörnunar í augnbotnum, sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni (pathologic myopia) og nýæðamyndunar í æðu eða sjónskerðingar vegna annaðhvort bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki eða bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu.

Verkun og öryggi

Meðferð við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum

Klínískt öryggi og verkun Lucentis við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum hefur verið metið í þremur slembuðum, tvíblindum samanburðarrannsóknum með lyfleysu eða virku lyfi sem stóðu yfir í 24 mánuði, hjá sjúklingum með æðanýmyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum. Alls tóku 1.323 sjúklingar (879 fengu virkt efni og 444 fengu lyfleysu) þátt í þessum rannsóknum.

Í rannsókn FVF2598g (MARINA) var 716 sjúklingum með vægar klassískar skemmdir eða dulinn sjúkdóm án klassískra skemmda slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu mánaðarlega inndælingu með Lucentis 0,3 mg, Lucentis 0,5 mg eða lyfleysu.

Í rannsókn FVF2587g (ANCHOR) var 423 sjúklingum sem voru að stærstum hluta með klassíska nýæðamyndun í æðu slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu Lucentis 0,3 mg mánaðarlega, Lucentis 0,5 mg mánaðarlega eða ljósnæmismeðferð með verteporfini (í upphafi og á 3 mánaða fresti eftir það ef æðamyndataka með flúrskímulausn sýndi þrálátan eða endurkominn æðaleka).


Helstu niðurstöður mælinga eru teknar saman í töflu 1 og mynd 1.

Tafla 1 Niðurstöður eftir 12 og 24 mánuði í FVF2598g (MARINA) rannsókninni og FVF2587g (ANCHOR) rannsókninni

Niðurstöður mælinga	Mánuður	FVF2598g (MARINA)		FVF2587g (ANCHOR)	
		Lyfleysa (n=238)	Lucentis 0,5 mg (n=240)	Verteporfin PDT (n=143)	Lucentis 0,5 mg (n=140)
Tap á sjónskerpu um <15 bókstafi (%) ^a (viðhald sjónar, aðalendapunktur)	12. mánuður	62%	95%	64%	96%
	24. mánuður	53%	90%	66%	90%
Aukning sjónskerpu um ≥15 bókstafi (%) ^a	12. mánuður	5%	34%	6%	40%
	24. mánuður	4%	33%	6%	41%
Meðalbreyting á sjón-skerpu (bókstafir) (staðalfrávik) ^a	12. mánuður	-10,5 (16,6)	+7,2 (14,4)	-9,5 (16,4)	+11,3 (14,6)
	24. mánuður	-14,9 (18,7)	+6,6 (16,5)	-9,8 (17,6)	+10,7 (16,5)

^a p<0,01

Mynd 1 Meðaltalsbreyting sjónskerpu á 24 mánuðum frá upphafi í rannsókn FVF2598g (MARINA) og í rannsókn FVF2587g (ANCHOR)



Niðurstöður úr báðum rannsóknunum bentu til þess að áframhaldandi meðferð með ranibizumabi geti einnig haft ávinning í för með sér hjá sjúklingum sem töpuðu ≥ 15 bókstöfum í bestu leiðréttri sjónskerpu á fyrsta ári meðferðar.

Fram kom tölfræðilega marktæk bæting á sjón samkvæmt því sem sjúklingarnir greindu frá í bæði MARINA og ANCHOR á meðferð með ranibizumabi miðað við samanburðarhóp samkvæmt NEI VFQ-25.

Í rannsókn FVF3192g (PIER) var 184 sjúklingum með allar tegundir nýæðamyndandi aldurstengdrar hrörnunar í augnbotnum slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu Lucentis 0,3 mg, Lucentis 0,5 mg eða inndælingu með lyfleysu einu sinni í mánuði, 3 mánuði í röð og síðan á 3 mánaða fresti. Frá 14. mánuði rannsóknarinnar var sjúklingum sem fengu lyfleysu leyft að fá meðferð með ranibizumabi og frá 19. mánuði var hægt að fá tíðari meðferð. Sjúklingar sem fengu meðferð með Lucentis í PIER fengu að meðaltali 10 heildarmeðferðir.

Eftir aukna sjónskerpu í upphafi (eftir mánaðarlega skammta), minnkaði sjónskerpa að meðaltali hjá sjúklingum sem fengu meðferð ársfjórðungslega og hafði fallið aftur að upphafsgildi eftir 12 mánuði og þessi áhrif voru enn til staðar í 24 mánuði hjá meirihluta sjúklinga sem fékk meðferð með ranibizumabi (82%). Takmarkaðar niðurstöður frá einstaklingum sem fengu lyfleysu en fengu síðar meðferð með ranibizumabi benda til þess að það að hefja meðferð sem fyrst sé árangursríkara til viðhalds sjónskerpu.

Niðurstöður úr tveimur rannsóknum (MONT BLANC, BPD952A2308 og DENALI, BPD952A2309) sem gerðar voru eftir að markaðsleyfi var gefið út staðfestu verkun Lucentis en sýndu ekki fram á viðbótaráhrif samhliðameðferðar með verteporfini (Visudyne ljósnæmismeðferð) og Lucentis samanborið við meðferð með Lucentis einu sér.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu af völdum breytinga í augnbotni vegna nærsýni

Öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni var metið út frá 12 mánaða upplýsingum úr tvíblindu lykilsamanburðarrannsókninni F2301 (RADIANCE). Í rannsókninni var 277 sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 2:2:1 í eftirtalda hópum:

- Hópur I (ranibizumab 0,5 mg, skammtaáætlun fór eftir „stöðugleika“ viðmiði skilgreindu sem engin breyting á bestu leiðréttu sjónskerpu samanborið við tvær síðustu mánaðarlegar skoðanir).
- Hópur II (ranibizumab 0,5 mg, skammtaáætlun fór eftir „sjúkdómsvirkni“ viðmiði skilgreindu sem sjónskerðing sem rekja má til vökva innan eða undir sjónu eða virks leka vegna nýæðamyndunar í æðu samkvæmt mati með sneiðmyndatöku (optical coherence tomography (OCT)) og/eða flúrskímandi æðamyndatöku (fluorescein angiography).
- Hópur III (ljósnæmismeðferð með verteporfini (vPDT) – sjúklingar máttu fá meðferð með ranibizumabi frá 3. mánuði).

Í hópi II, sem fékk ráðlagða skammta (sjá kafla 4.2), þurftu 50,9% sjúklinganna 1 eða 2 inndælingar, 34,5% þurftu 3 til 5 inndælingar og 14,7% þurftu 6 til 12 inndælingar á því 12 mánaða tímabili sem rannsóknin stóð yfir. 62,9% sjúklinga í hópi II höfðu ekki þörf fyrir inndælingar á seinni 6 mánuðum rannsóknarinnar.

Helstu niðurstöður úr RADIANCE eru teknar saman í töflu 2 og mynd 2.


Tafla 2 Niðurstöður eftir 3. og 12. mánuð (RADIANCE)

	Hópur I Ranibizumab 0,5 mg „stöðugleiki sjónar“ (n=105)	Hópur II Ranibizumab 0,5 mg „sjúkdómsvirkni“ (n=116)	Hópur III vPDT^b (n=55)
3. mánuður			
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá 1. mánuði til 3. mánaðar samanborið við upphafsgildi ^a (bókstafir)	+10,5	+10,6	+2,2
Hlutfall sjúklinga með aukna sjónskerpu um: ≥ 15 bókstafi, eða náðu ≥ 84 bókstöfum með bestu leiðréttu sjónskerpu	38,1%	43,1%	14,5%
12. mánuður			
Fjöldi inndælinga fram að 12. mánuði:			
Meðaltal	4,6	3,5	Á ekki við
Miðgildi	4,0	2,5	Á ekki við
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá 1. mánuði til 12. mánaðar samanborið við upphafsgildi (bókstafir)	+12,8	+12,5	Á ekki við
Hlutfall sjúklinga með aukna sjónskerpu um: ≥ 15 bókstafi, eða náðu ≥ 84 bókstöfum með bestu leiðréttu sjónskerpu	53,3%	51,7%	Á ekki við

^a $p < 0,00001$ samanburður við viðmiðunarhóp sem fékk ljósnæmis meðferð með verteporfíni (vPDT)

^b Samanburður fram að 3. mánuði. Sjúklingum sem var slembiraðað á ljósnæmis meðferð með verteporfíni var leyft að fá meðferð með ranibizumabi frá 3. mánuði (í hópi III fengu 38 sjúklingar meðferð með ranibizumabi frá 3. mánuði)

Mynd 2 Meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá upphafsgildum til 12. mánaðar (RADIANCE)



Bættri sjón fylgdi minnkun á miðþykkt sjónu.

Fram kom að ávinningur sem sjúklingarnir greindu frá var meiri hjá hópnum sem fengu meðferð með ranibizumabi en hópnum sem fékk ljósnaemismeðferð með verteporfini (p -gildi $<0,05$) hvað varðar bætingu á heildarskori og nokkrum undirkvörðum (almenn sjón, nærsjón, geðheilsa og hversu mikið viðkomandi er háður öðrum) NEI VFQ-25.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu (af öðrum orsökum en nærsýni og votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum)

Öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu var metið út frá upplýsingum úr 12 mánaða tvíblindri, lykilsamanburðarrannsókn með lyfleysu G2301 (MINERVA). Í rannsókninni var 178 fullorðnum sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 2:1 og fengu:

- ranibizumab 0,5 mg við upphaf sem fylgt var eftir með einstaklingsbundinni skömmtun miðað við virkni sjúkdóms metið út frá sjónskerpu og/eða líffærafræðilegum þáttum (t.d skert sjónskerpa, vökvi innan eða undir sjónu, blæðingar eða leki);
- inndæling með lyfleysu við upphaf sem fylgt var eftir með einstaklingsbundinni meðferð sem fór eftir virkni sjúkdóms.

Eftir 2. mánuð fengu allir sjúklingar opna meðferð með ranibizumabi eftir þörfum.

Lykilniðurstöður úr MINERVA eru teknar saman í töflu 3 og mynd 3. Fram kom bætt sjón og henni fylgdi minnkandi miðlæg þykknun í undirlagi sjónu á 12 mánaða tímabilinu.

Meðalfjöldi inndælinga á 12 mánuðum var 5,8 hjá ranibizumab hópnum og 5,4 hjá sjúklingum í lyfleysuhópnum sem voru hæfir til að fá ranibizumab frá 2. mánuði og áfram. Í lyfleysuhópnum fengu 7 af 59 sjúklingum enga meðferð með ranibizumabi í augað sem var rannsakað á þessu 12 mánaða tímabili.


Tafla 3 Niðurstöður eftir 2. mánuð (MINERVA)

	Ranibizumab 0,5 mg (n=119)	Lyfleysa (n=59)
Meðalbreyting bestu leiðréttu sjónskerpu frá upphafsgildi til 2 mánaðar	9,5 bókstafir	-0,4 bókstafir
Aukning um ≥ 15 bókstafi frá upphafi eða 84 stöfum náð eftir 2. mánuð	31,4%	12,3%
Sjúklingar töpuðu ekki >15 bókstöfum frá upphafi þar til eftir 2. mánuð	99,2%	94,7%
Minnkun CSFT ^b frá upphafi að 2. mánuði ^a	77 μm	-9,8 μm

^a Einhliða $p < 0,001$ samanborið við lyfleysu

^b CSFT - (miðlæg þykkun í undirlagi sjónu (central retinal subfield thickness))

Mynd 3 Meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu (BCVA) frá upphafsgildum til 12. mánaðar (MINERVA)



* Merkjanlegt meðalgildi BCVA getur verið frábrugðið meðaltali BCVA minnstu kvaðrata (aðeins eftir 2. mánuð)

Við samanburð á ranibizumabi og lyfleysu eftir 2. mánuð komu samsvarandi meðferðaráhrif fram bæði í heildina og hjá undirhópum eftir sjúkdómum við upphaf:

Tafla 4 Heildarmeðferðaráhrif og hjá undirhópum samkvæmt sjúkdómum við upphaf

Heildarniðurstöður og eftir sjúkdómum við upphaf	Meðferðaráhrif fram yfir lyfleysu [bókstafir]	Fjöldi sjúklinga [n] (meðferð +lyfleysa)
Í heildina	9,9	178
Æðarákir (angioid streaks)	14,6	27
Sjónu- og æðukvilli í kjölfar bólgu	6,5	28
Miðlægur alvarlegur æðu- og sjónukvilli	5,0	23
Æðu- og sjónukvilli af óþekktum orsökum	11,4	63
Ýmsir sjúkdómar ^a	10,6	37

^a nær yfir mismunandi sjúkdóma sem komu örsjaldan fyrir og eru ekki með í hinum undirhópnum

Í lykilrannsókninni G2301 (MINERVA) fengu fimm unglingar á aldrinum 12 til 17 ára með sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu opna meðferð með ranibizumabi 0,5 mg við upphaf sem fylgt var eftir með einstaklingsbundinni meðferð eins og hjá fullorðnum. Besta leiðréttu sjónskerpa batnaði miðað við upphafsgildi fram að 12. mánuði hjá öllum fimm sjúklingunum, á bilinu 5 til 38 bókstafi (að meðaltali 16,6 bókstafi). Bætti sjón fylgdi stöðugleiki miðlægrar þykkunar í undirlagi sjónu, eða minnkun á 12 mánaða tímabilinu. Meðalfjöldi ranibizumab inndælinga í augað sem var rannsakað á 12 mánaða tímabili var 3 (á bilinu 2 til 5). Í heildina þoldist meðferð með ranibizumabi vel.

Meðferð við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki


Öryggi og verkun Lucentis hefur verið metin í þremur slembuðum samanburðarrannsóknum sem stóðu yfir í að minnsta kosti 12 mánuði. Samtals 868 sjúklingar (708 á virku lyfi og 160 á samanburðarlyfi) tóku þátt í þessum rannsóknum.

Í II stigs rannsókninni D2201 (RESOLVE) voru 151 sjúklingur meðhöndlaður með ranibizumabi (6 mg/ml, n=51, 10 mg/ml, n=51) eða lyfleysu (n=49) sem gefið var mánaðarlega með inndælingu í glerhlaup. Hjá samanlögðum hópi sjúklinga sem fengu meðferð með ranibizumabi (n=102) var meðalbreyting á bestu leiðréttri sjónskerpu frá 1. til 12. mánaðar miðað við upphafsgildi +7,8 (±7,72) bókstafir, samanborið við -0,1 (±9,77) bókstaf hjá sjúklingum sem fengu lyfleysu og meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu (BCVA) 12 mánuðum frá upphafsgildi var 10,3 (±9,1) bókstafir hjá þeim sem fengu meðferð með ranibizumabi samanborið við -1,4 (±14,2) bókstafi hjá þeim sem fengu lyfleysu (p<0,0001 fyrir meðferðarmun).

Í III. stigs rannsókninni D2301 (RESTORE) var 345 sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 og fengu ranibizumab 0,5 mg sem einlyfjameðferð og sýndarlasermeðferð, eða ranibizumab 0,5 mg ásamt lasermeðferð, eða lyfleysu með inndælingu og lasermeðferð. 240 sjúklingar sem áður höfðu lokið 12 mánaða rannsókninni RESTORE voru teknir með í opna fjölsetra, 24-mánaða framlengda rannsókn (RESTORE framlenging). Sjúklingar fengu meðferð með ranibizumabi 0,5 mg eftir þörfum (*pro re nata* (PRN)) í sama auga og í kjarnarannsókninni (D2301 RESTORE).

Helstu niðurstöður mælinga eru dregnar saman í töflu 5 (RESTORE og framlenging rannsóknar) og í mynd 4 (RESTORE).

Mynd 4 Meðaltalsbreyting sjónskerpu frá upphafsgildi og út rannsóknartímabilið í rannsókn D2301 (RESTORE)



SE=staðalskekking meðaltals (standard error of mean)

* Breyting reiknuð með aðferð minnstu kvaðrata (least square means), $p < 0,0001/0,0004$ á grundvelli tvíhliða lagskipts Cochran-Mantel-Haenszel prófs

Samræmi var milli verkunar hjá flestum undirhópunum eftir 12 mánuði. Hins vegar virtust einstaklingar með bestu leiðréttu sjónskerpu í upphafi > 73 bókstafir og bjúg í sjónudepli með miðþykkt sjónu $< 300 \mu\text{m}$ ekki hafa ávinning af meðferð með ranibizumabi samanborið við lasermeðferð.

Tafla 5 Niðurstöður mælinga eftir 12 mánuði í rannsókn D2301 (RESTORE) og eftir 36 mánuði í rannsókn D2301-E1 (RESTORE framlenging)

Niðurstöður mælinga eftir 12 mánuði samanborið við upphafsgildi í rannsókn D2301 (RESTORE)	Ranibizumab 0,5 mg n=115	Ranibizumab 0,5 mg + Laser n=118	Laser n=110
Meðaltalsbreyting bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) frá 1. mánuði til 12. mánaðar ^a (± staðalfrávik)	6,1 (6,4) ^a	5,9 (7,9) ^a	0,8 (8,6)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 12 mánuði (± staðalfrávik)	6,8 (8,3) ^a	6,4 (11,8) ^a	0,9 (11,4)
Aukning um ≥15 bókstafi eða bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) ≥84 bókstafir eftir 12 mánuði (%)	22,6	22,9	8,2
Meðalfjöldi inndælinga (mánuðir 0-11)	7,0	6,8	7,3 (lyfleysa)
Niðurstöður mælinga eftir 36 mánuði með rannsókn D2301 (RESTORE) sem upphafsgildi borið saman við rannsókn D2301-E1 (RESTORE framlenging)	Ranibizumab áður 0,5 mg n=83	Ranibizumab áður 0,5 mg + laser n=83	Laser áður n=74
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 24 mánuði (staðalfrávik)	7,9 (9,0)	6,7 (7,9)	5,4 (9,0)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 36 mánuði (staðalfrávik)	8,0 (10,1)	6,7 (9,6)	6,0 (9,4)
Aukning um ≥15 bókstafi eða bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) ≥84 bókstafir eftir 36 mánuði (%)	27,7	30,1	21,6
Meðalfjöldi inndælinga (mánuðir 12-35)*	6,8	6,0	6,5

^ap<0.0001 fyrir samanburð ranibizumab-arma og laser-arm.

n í D2301-E1 (RESTORE framlenging) er fjöldi sjúklinga með gildi bæði í upphafi rannsóknar D2301 (RESTORE) (mánuður 0) og við heimsókn í 36. mánuði.

* Hlutfall sjúklinga sem ekki þurfti að fá neina meðferð með ranibizumabi í framlengingarhlutanum var 19% hjá þeim sem áður höfðu fenguð ranibizumab, 25% hjá þeim sem höfðu áður fengið ranibizumab + lasermeðferð og 20% hjá þeim sem áður höfðu fengið lasermeðferð.

Tölfræðilega marktækur ávinningur að mati sjúklinga með tilliti til flestra sjóntengdra athafna kom fram við meðferð með ranibizumabi (með eða án lasermeðferðar) framyfir samanburðarhópinn, metið samkvæmt NEI VFQ-25 (the National Eye Institute Visual Function Questionnaire). Ekki var hægt að ákvarða mun milli meðferða með tilliti til annarra undirmælikvarða spurningalista.

Öryggi ranibizumabs til langs tíma sem kom fram í 24 mánaða framlengdu rannsókninni var samsvarandi þekktu öryggi Lucentis.

Í IIIb stigs rannsókninni D2304 (RETAIN) var 372 sjúklingum slembiraðað í hlutfallinu 1:1:1 til að fá:

- ranibizumab 0,5 mg samhliða lasermeðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (treat-and-extend (TE)),
- ranibizumab 0,5 mg einlyfjameðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (treat-and-extend (TE)),
- ranibizumab 0,5 mg einlyfjameðferð samkvæmt meðferðaráætlun eftir þörfum (*pro re nata* (PRN)).

Í öllum meðferðarhópum var ranibizumab gefið mánaðarlega þar til besta leiðrétt sjónskerpa (BCVA) var metin stöðug í a.m.k. þremur mánaðarlegum mælingum í röð. Eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (TE) var ranibizumab gefið á 2-3 mánaða fresti. Hjá öllum hópum var mánaðarleg meðferð hafin á ný ef besta leiðrétt sjónskerpa (BCVA) minnkaði vegna aukins bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) og var haldið áfram þar til stöðugri bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) var aftur náð.

Fjöldi heimsókna sem boðað var til eftir inndælingarnar 3 í upphafi var 13 eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils (TE) og 20 eftir meðferðaráætlun eftir þörfum (PRN). Með báðum TE meðferðaráætlunum héldu meira en 70% sjúklinganna bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) með meðaltímalengd milli heimsókna ≥ 2 mánuði.

Niðurstöður mælinga eru dregnar saman í töflu 6.

Tafla 6 Niðurstöður rannsóknar D2304 (RETAIN)

Niðurstöður mælinga bornar saman við upphafsgildi	TE ranibizumab 0,5 mg + laser n=117	TE ranibizumab 0,5 mg eingöngu n=125	PRN ranibizumab 0,5 mg n=117
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) frá 1. til 12. mánaðar (staðalfrávik)	5,9 (5,5) ^a	6,1 (5,7) ^a	6,2 (6,0)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) frá 1. til 24. mánaðar (staðalfrávik)	6,8 (6,0)	6,6 (7,1)	7,0 (6,4)
Meðalbreyting í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) eftir 24 mánuði (staðalfrávik)	8,3 (8,1)	6,5 (10,9)	8,1 (8,5)
Aukning um ≥ 15 bókstafi eða bestu leiðréttrar sjónskerpu (BCVA) ≥ 84 bókstafi eftir 24 mánuði (%)	25,6	28,0	30,8
Meðalfjöldi inndælinga (mánuðir 0-23)	12,4	12,8	10,7

^a $p < 0,0001$ fyrir jafngildispróf gagnvart PRN

Í rannsóknum á bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) fylgdi aukningu í bestu leiðréttri sjónskerpu (BCVA) með tímanum meðaltalsminnkun í miðþykkt sjónu (CSFT) í öllum meðferðarhópum.

Meðferð við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR)

Lagt hefur verið mat á klínískt öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun í Protocol S sem lagði mat á meðferð með ranibizumabi 0,5 mg inndælingum í glerhlaup samanborið við ljósbrennslu allrar sjónunnar (panretinal photocoagulation (PRP)). Aðalendapunktur var meðalbreyting á sjónskerpu eftir 2 ár. Þar að auki voru breytingar á alvarleika sjónukvilla af völdum sykursýki metnar með ljósmmyndum af augnbotni samkvæmt alvarleikastigi sykursýkissjónukvilla, DRSS (DR Severity Score).

Protocol S var fjölsetra, slembuð, III. stigs samanburðarrannsókn með samanburði við virkt efni með samhliða hópum til að sýna að verkun sé ekki lakari þar sem 305 sjúklingar (394 rannsóknaraugu) með sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi eða ekki, voru skráðir til þátttöku. Í rannsókninni voru inndælingar í glerhlaup með ranibizumabi 0,5 mg bornar saman við hefðbundna meðferð með ljósbrennslu allrar sjónunnar (PRP). Samtals 191 auga (48,5%) var slembiraðað á meðferð með ranibizumabi 0,5 mg og 203 augum (51,5%) var slembiraðað á ljósbrennslu allrar sjónunnar (PRP). Samtals 88 augu (22,3%) voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi: 42 (22,0%) augu í ranibizumab hópnum og 46 (22,7%) augu í PRP hópnum.

Í þessari rannsókn var meðalbreyting á sjónskerpu eftir 2 ár +2,7 bókstafir í ranibizumab hópnum samanborið við -0,7 bókstafi í PRP hópnum. Breyting reiknuð með aðferð minnstu kvaðrata var 3,5 bókstafir (95% CI [0,2 til 6,7]).

Eftir 1 ár urðu framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS í mánuði 12 hjá 41,8% augna sem fengu meðferð með ranibizumabi (n=189) samanborið við 14,6% augna sem fengu PRP (n=199). Áætlaður munur milli ranibizumabs og lasermeðferðar var 27,4% (95% CI: [18,9; 35,9]).

Tafla 7 DRSS framfarir eða versnun um ≥ 2 eða ≥ 3 stig eftir 1 ár í Protocol S (LOCF aðferð)

Flokkuð breyting frá upphafi	Protocol S		
	Ranibizumab 0,5 mg (N=189)	PRP (N=199)	Munur á hlutfalli (%), CI
≥ 2 -stiga framfarir			
n (%)	79 (41,8%)	29 (14,6%)	27,4 (18,9; 35,9)
≥ 3 -stiga framfarir			
n (%)	54 (28,6%)	6 (3,0%)	25,7 (18,9; 32,6)
≥ 2 -stiga versnun			
n (%)	3 (1,6%)	23 (11,6%)	-9,9 (-14,7; -5,2)
≥ 3 -stiga versnun			
n (%)	1 (0,5%)	8 (4,0%)	-3,4 (-6,3; -0,5)
DRSS = alvarleikastig sykursýkissjónukvilla (diabetic retinopathy severity score), n = fjöldi sjúklinga sem uppfyllti skilyrðin í heimsókninni, N = heildarfjöldi rannsóknaraugna.			

Eftir 1. árið voru framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS samsvarandi í augum sem ekki voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (39,9%) og augum sem voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi (48,8%) hjá hópnum sem fékk ranibizumab í Protocol S.

Greining á gögnum eftir 2 ár úr Protocol S sýndi að 42,3% (n=80) augna í hópnum sem fékk ranibizumab var með framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS miðað við upphafsgildi samanborið við 23,1% (n=46) augna í PRP hópnum. Í hópnum sem fékk ranibizumab komu fram framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS miðað við upphafsgildi í 58,5% (n=24) augna með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki í upphafi og 37,8% (n=56) augna sem ekki voru með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki.

DRSS var einnig metið í þremur aðskildum III. stigs rannsóknum á bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME) með virkum samanburði (ranibizumab 0,5 mg eftir þörfum samanborið við lasermeðferð) sem tók til alls 875 sjúklinga þar sem u.þ.b. 75% voru af asískum uppruna. Í safngreiningu á þessum þremur rannsóknum urðu framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS í mánuði 12 hjá 48,4% af þeim 315 sjúklingum sem voru með metanlegt DRSS í undirhópi sjúklinga með meðalslæman sjónukvilla af völdum sykursýki eða slæman við upphaf, við meðferð með ranibizumabi (n=192) samanborið við 14,6% sjúklinga sem fengu lasermeðferð (n=123). Áætlaður munur á ranibizumabi og lasermeðferð var 29,9% (95% CI: [20,0; 39,7]). Hjá 405 sjúklingum með metanlegt DRSS og meðalslæman sjónukvilla af völdum sykursýki eða vægari urðu framfarir um ≥ 2 -stig m.t.t. DRSS hjá 1,4% í ranibizumab hópnum og hjá 0,9% í laser hópnum.

Meðferð við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu (retinal vein occlusion (RVO))

Lagt hefur verið mat á klínískt öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu, í slembiröððuðu, tvíblindu samanburðarrannsóknunum BRAVO og CRUISE sem gerðar voru hjá sjúklingum með lokun bláæðargreinar í sjónu (BRVO) (n=397) og miðbláæðalokun í sjónu (CRVO) (n=392), tilgreint í sömu

röð. Í báðum rannsóknunum fengu sjúklingarnir annaðhvort 0,3 mg eða 0,5 mg af ranibizumabi eða lyfleysu með inndælingu. Eftir 6 mánuði var sjúklingunum í hópnum sem fékk lyfleysu víxlað yfir á 0,5 mg af ranibizumabi.


Helstu niðurstöður mælinga úr BRAVO og CRUISE eru teknar saman í töflu 8 og myndum 5 og 6.

Tafla 8 Niðurstöður í 6. og 12. mánuði (BRAVO og CRUISE)

	BRAVO		CRUISE	
	Lyfleysa/Lucentis 0,5 mg (n=132)	Lucentis 0,5 mg (n=131)	Lyfleysa/Lucentis 0,5 mg (n=130)	Lucentis 0,5 mg (n=130)
Meðaltalsbreyting sjónskerpu í 6. mánuði ^a (bókstafir) (staðalfrávik) (aðalendapunktur)	7,3 (13,0)	18,3 (13,2)	0,8 (16,2)	14,9 (13,2)
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu í 12. mánuði (bókstafir) (staðalfrávik)	12,1 (14,4)	18,3 (14,6)	7,3 (15,9)	13,9 (14,2)
Aukning á sjónskerpu um ≥15 bókstafi í 6. mánuði ^a (%)	28,8	61,1	16,9	47,7
Aukning á sjónskerpu um ≥15 bókstafi í 12. mánuði (%)	43,9	60,3	33,1	50,8
Hlutfall (%) sem fékk björgunarmeðferð með laser á 12 mánuðum	61,4	34,4	Á ekki við	Á ekki við


^ap<0,0001 fyrir báðar rannsóknirnar

Mynd 5 Meðalbreyting á bestu leiðrétu sjónskerpu frá upphafsgildum til 6. mánaðar og 12. mánaðar (BRAVO)



SE=standard error of mean

Mynd 6 Meðalbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu frá upphafsgildi til 6. mánaðar og 12. mánaðar (CRUISE)



SE=standard error of mean

Í báðum rannsóknunum fylgdi bættri sjón áframhaldandi og marktæk minnkun á bjúg í sjónudepli samkvæmt mælingum á þykkt sjónu við sjóntaug.

Hjá sjúklingum með miðbláæðalokun í sjónu (CRVO) (CRUISE og framhaldsrannsóknin HORIZON): Sjúklingar, sem fengu lyfleysu fyrstu 6 mánuðina en síðan ranibizumab, náðu ekki sambærilegri aukningu á sjónskerpu eftir 24 mánuði (~6 bókstafir) og sjúklingar sem fengu meðferð með ranibizumabi frá því rannsóknin hófst (~12 bókstafir).

Tölfræðilega marktækur ávinningur að mati sjúklinga samkvæmt undirkvörðum tengdum athöfnum sem tengjast nær- og fjarsjón kom fram við meðferð með ranibizumabi framyfir samanburðarhópinn, metið samkvæmt NEI VFQ-25 (the National Eye Institute Visual Function Questionnaire).

Lagt var mat á langtíma (24 mánuðir) klínískt öryggi og verkun Lucentis hjá sjúklingum með sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu í rannsóknunum BRIGHTER (BRVO) og CRYSTAL (CRVO). Í báðum rannsóknunum var 0,5 mg af ranibizumabi samkvæmt meðferðaráætlun gefið eftir þörfum samkvæmt einstaklingsbundnum stöðugleikaviðmiðum. BRIGHTER var 3 arma slembuð rannsókn með virkum samanburði þar sem borin voru saman 0,5 mg af ranibizumabi sem einlyfjameðferð eða samhliða lasermeðferð og lasermeðferð ein sér. Eftir 6 mánuði gátu sjúklingar í hópnum sem fékk lasermeðferð fengið 0,5 mg af ranibizumabi. CRYSTAL var stakarma rannsókn þar sem 0,5 mg af ranibizumabi voru gefin sem einlyfjameðferð.

Lykilniðurstöður úr BRIGHTER og CRYSTAL koma fram í töflu 9.

Tafla 9 Niðurstöður í 6. og 24. mánuði (BRIGHTER og CRYSTAL)

	BRIGHTER			CRYSTAL
	Lucentis 0,5 mg N=180	Lucentis 0,5 mg + lasermeðferð N=178	Lasermeðferð* N=90	Lucentis 0,5 mg N=356
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu í 6. mánuði ^a (bókstafir) (staðalfrávik)	+14,8 (10,7)	+14,8 (11,13)	+6,0 (14,27)	+12,0 (13,95)
Meðaltalsbreyting á bestu leiðréttu sjónskerpu í 24. mánuði ^b (bókstafir) (staðalfrávik)	+15,5 (13,91)	+17,3 (12,61)	+11,6 (16,09)	+12,1 (18,60)
Aukning á bestu leiðréttu sjónskerpu um ≥15 bókstafi í 24. mánuði (%)	52,8	59,6	43,3	49,2
Meðalfjöldi inndælinga (staðalfrávik) (0.-23. mánuður)	11,4 (5,81)	11,3 (6,02)	Á ekki við	13,1 (6,39)
^a	p<0,0001 fyrir samanburð í BRIGHTER í 6. mánuði: Lucentis 0,5 mg samanborið við lasermeðferð og Lucentis 0,5 mg + lasermeðferð samanborið við lasermeðferð.			
^b	p<0,0001 fyrir núllkenningu í CRYSTAL um að meðalbreyting frá upphafi í 24. mánuði sé núll.			
*	Frá 6. mánuði var meðferð með ranibizumabi 0,5 mg leyfð (24 sjúklingar fengu eingöngu lasermeðferð).			

Í BRIGHTER sýndi ranibizumab 0,5 mg samhliða lasermeðferð ekki yfirburði yfir einlyfjameðferð með ranibizumabi frá upphafi að 24. mánuði (95% CI -2,8; 1,4).

Í báðum rannsóknum kom fram hröð og tölfraðilega marktæk minnkun frá upphafsgildi á miðlægrri þykknun í undirlagi sjónu (central retinal subfield thickness) í 1. mánuði. Þessi áhrif héldust fram að 24. mánuði.

Áhrif ranibizumab meðferðar voru svipuð óháð blóðþurrð í sjónhimnu. Í BRIGHTER var meðalbreyting frá upphafi +15,3 bókstafir hjá sjúklingum með blóðþurrð (N=46) og +15,6 bókstafir hjá sjúklingum sem ekki voru með blóðþurrð (N=133), sem fengu einlyfjameðferð með ranibizumabi í 24. mánuði. Í CRYSTAL var meðalbreyting frá upphafi +15,0 bókstafir hjá sjúklingum með blóðþurrð (N=53) og 11,5 bókstafir hjá sjúklingum sem ekki voru með blóðþurrð (N=300), sem fengu einlyfjameðferð með ranibizumabi.

Áhrif hvað varðar bætta sjón komu fram hjá öllum sjúklingum sem fengu meðferð með 0,5 mg af ranibizumabi einu sér óháð því hversu lengi þeir höfðu verið með sjúkdóminn, bæði í BRIGHTER og CRYSTAL. Hjá sjúklingum sem höfðu verið með sjúkdóminn <3 mánuði jókst sjónskerpa um 13,3 og 10,0 bókstafi í 1. mánuði; og 17,7 og 13,2 bókstafi í 24. mánuði í BRIGHTER og CRYSTAL, tilgreint í sömu röð. Samsvarandi framfarir varðandi sjónskerpu hjá sjúklingum sem höfðu verið með sjúkdóminn ≥12 mánuði var 8,6 og 8,4 bókstafir í sömu rannsóknum. Íhuga skal að hefja meðferð við greiningu sjúkdómsins.

Langtímaöryggi ranibizumabs sem kom fram í 24 mánaða rannsóknunum er í samræmi við þekkt öryggi Lucentis.

Börn

Öryggi og verkun ranibizumabs 0,5 mg í áfylltri sprautu hefur ekki verið rannsökuð hjá börnum.

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Lucentis hjá öllum undirhópum barna við nýæðamyndandi aldurstengdri hrörnun í augnbotnum, sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki, sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu og sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu og sykursýkissjónukvilla (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Eftir mánaðarlega inndælingu Lucentis í glerhlaup hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum, var sermispéttni ranibizumabs yfirleitt lág og hámarksgildi (C_{max}) voru yfirleitt undir þeirri þéttni ranibizumabs sem þarf til að hindra líffræðilega virkni VEGF um 50% (11-27 ng/ml, samkvæmt mati sem gert var á frumufjölgun *in vitro*). C_{max} var í réttu hlutfalli við skammta á skammtabilinu 0,05 til 1,0 mg/auga. Sermispéttni hjá takmörkuðum fjölda sjúklinga með bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki bendir til þess að ekki sé hægt að útiloka lítilla hækkaða altæka útsetningu samanborið við það sem kom fram hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum. Sermispéttni ranibizumabs hjá sjúklingum með bláæðalokun í sjónu var svipuð eða lítilla hærri en sem fram kom hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum.

Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum og brotthvarfi ranibizumabs úr sermi hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum í meðferð með 0,5 mg skammti, er meðaltal helmingunartíma brotthvarfs ranibizumabs úr glerhlaupi um það bil 9 dagar. Meðan á mánaðarlegri gjöf Lucentis 0,5 mg/auga í glerhlaup stendur er talið að C_{max} fyrir ranibizumab í sermi, sem næst um það bil 1 sólarhring eftir inndælingu, sé yfirleitt á bilinu 0,79-2,90 ng/ml og að C_{min} sé yfirleitt á bilinu 0,07-0,49 ng/ml. Sermispéttni ranibizumabs er talin vera um það bil 90.000-falt minni en þéttni ranibizumabs í glerhlaupi.

Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi: Engar formlegar rannsóknir hafa verið gerðar til að rannsaka lyfjahvörf Lucentis hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Í þýðisgreiningu á lyfjahvörfum hjá sjúklingum með nýæðamyndandi aldurstengda hrörnun í augnbotnum voru 68% (136 af 200) sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi (vægt skert hjá 46,5% [50-80 ml/mín.], í meðallagi alvarlega skert hjá 20% [30-50 ml/mín.] og alvarlega skert hjá 1,5% [< 30 ml/mín.]). Hjá sjúklingum með bláæðalokun í sjónu voru 48,2% (253 af 525) sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi (36,4% með vægt skerta, 9,5% með í meðallagi alvarlega skerta og 2,3% með alvarlega skerta). Almenn úthreinsun var lítið eitt minni, en þó ekki klínískt mikilvægt.

Skert lifrarstarfsemi: Engar formlegar rannsóknir hafa verið gerðar til að rannsaka lyfjahvörf Lucentis hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Gjöf ranibizumabs í glerhlaup beggja augna hjá cynomolgus öpum í skömmtum á bilinu 0,25 mg/auga og 2,0 mg/auga á 2 vikna fresti í allt að 26 vikur leiddi til skammtaháðra áhrifa á augu.

Í augnum kom fram skammtaháð aukning ertiroða í fremra augnhólfi og skammtaháð frumufjölgun sem nær hámarki 2 dögum eftir inndælingu. Alvarleiki bólgusvörunarinnar minnkar yfirleitt við áframhaldandi inndælingar eða meðan á batatímabili stendur. Í afturhluta augans (posterior segment) kom fram frumuiferð í glerhlaupi og augngrugg, sem einnig hafði tilhneigingu til að vera skammtaháð og var yfirleitt til staðar þar til meðferðartímabilinu lauk. Í 26 vikna rannsókninni reyndist alvarleiki

bólgu í glerhlaupi fara vaxandi með fjölda inndælinga. Hins vegar sáust vísbendingar um viðsnúning eftir batatímabil. Eðli og tímasetning bólgunnar í afturhluta augans bendir til ónæmisstýrðrar mótefnasvörunar, sem skiptir hugsanlega ekki máli klínískt séð. Drermyndun kom fyrir hjá nokkrum dýrum eftir að mikil bólga hafði verið til staðar í hlutfallslega langan tíma, sem bendir til þess að breytingarnar á augasteininum séu afleiðing alvarlegrar bólgu. Tímabundin hækkun augnþrýstings kom fram eftir inndælingu í glerhlaup, óháð skammtastærð.

Smásæjar breytingar á augum voru tengdar bólgu og bentu ekki til hrönnunarferla. Fram komu hnúðóttar bólgubreytingar í sjóntaugardoppunni í nokkrum augum. Þessar breytingar í afturhluta augans minnkuðu og hurfu í sumum tilvikum meðan á batatímabili stóð.

Engin merki um almennar eiturverkanir komu fram í kjölfar inndælingar í glerhlaup. Í undirhópi með höndlaðra dýra fundust mótefni gegn ranibizumabi í sermi og glerhlaupi.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um krabbameinsvaldandi áhrif eða stökkbreytingar.

Inndæling í glerhlaup, hjá öpum með fangi, sem olli hámarks altækri útsetningu sem var 0,9-7 föld sú klíníská útsetning sem getur orðið í versta falli, leiddi ekki til eiturverkana á þroska eða vansköpunar, og hafði engin áhrif á þyngd fylgju eða fylgjuvef, enda þótt miðað við lyfjafræðileg áhrif ætti að líta svo á að ranibizumab gæti hugsanlega valdið vanskapnaði og haft eiturverkun á fósturvísi/fóstur.

Áhrif af völdum ranibizumabs á þroska fóstur-fósturvísis koma líklega ekki fram vegna þess að Fab-hlutinn kemst ekki yfir fylgju. Engu að síður var lýst tilfelli þar sem þéttni ranibizumabs í sermi móður var hátt og ranibizumab var til staðar í sermi fósturs, sem bendir til þess að and-ranibizumab mótefni hafi virkað eins og burðarprótein (með Fc hluta) fyrir ranibizumab og minnkað þannig úthreinsun úr sermi hjá móður og gert flutning yfir fylgju mögulegan. Rannsóknarniðurstöður skal túlka með varúð, þar sem rannsóknir á þroska fósturvísis-fósturs voru gerðar á heilbrigðum dýrum með fangi og sjúkdómar (eins og sykursýki) geta breytt gegndræpi fylgjunnar fyrir Fab-hlutum.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

α,α-trehalosadihýdrat
Histidinhýdróklóríðmonohýdrat
Histidin
Polysorbat 20
Vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymslupól

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið áfylltu sprautuna í innsiglaða bakkanum í öskjunni til varnar gegn ljósi.

Geyma má órofinn bakkann fyrir notkun við stofuhita (25°C) í allt að 24 klst.

6.5 Gerð íláts og innihald

0,165 ml af sæfðri lausn í áfylltri sprautu (gler af gerð I) með brómóbútýlgúmmí á fremri enda stimpilsins og sprautuhettu með hvítu, stífu öryggisinnsigli ásamt grárri hettu yfir oddinn úr brómóbútýlgúmmí með „Luer lock“ millistykki. Áfyllta sprautan er með stimpilstöng og gripi og er í innsigluðum bakka.

Pakkningastærð með einni áfylltri sprautu.


6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun



Áfyllta sprautan er einnota. Áfyllta sprautan er sæfð. Ekki skal nota lyfið ef pakkningin er skemmd. Ekki er hægt að tryggja að áfyllta sprautan sé sæfð nema bakkinn sé innsiglaður. Ekki nota áfylltu sprautuna ef lausnin er mislituð, skýjuð eða inniheldur agnir.


Áfyllta sprautan inniheldur meira en ráðlagðan 0,5 mg skammt. Ekki á að nota allt magnið sem næst úr áfylltu sprautunni (0,1 ml). Umframmagninu á að þrýsta út fyrir inndælingu. Ef öllu innihaldi áfylltu sprautunnar er dælt inn getur það leitt til ofskömmtunar. Til að losna við loftbólurnar ásamt umframmagni af lyfinu á að þrýsta rólega á stimpilinn þar til brúnn fyrir neðan bunguna á gúmmíendanum nemur við svörtu skammtalínuna á sprautunni (jafngildir 0,05 ml, þ.e. 0,5 mg af ranibizumabi).

Nota skal 30G x ½" sæfða nál til inndælingar í glerhlaup.

Fylgið notkunarleiðbeiningunum við undirbúning fyrir notkun Lucentis í glerhlaup:

Inngangur	Lesið allar leiðbeiningarnar vandlega áður en áfyllta sprautan er notuð. Áfyllta sprautan er einnota. Áfyllta sprautan er sæfð. Ekki nota lyfið ef pakkningin er skemmd. Viðhafa skal smitgát þegar innsiglaði bakkinn er opnaður sem og við öll skref þar á eftir. Athugið: Skammturinn verður að vera stilltur á 0,05 ml.
Lýsing á áfylltu sprautunni	Sprautuhe 0,05 ml skammtalína Grin  „Luer lock“ Gúmmíendi Stimpilstöng Mynd 1
Undirbúningur	- Gangið úr skugga um að pakkningin innihaldi: - sæfða áfyllta sprautu í innsigluðum bakka. - Flettið lokinu af sprautubakkanum og takið sprautuna varlega upp við smitgát.

Athugið sprautuna	3. Gangið úr skugga um að: • sprautuhettan sé ekki aðskilin frá „Luer lock“ millistykkinu. • sprautan sé ekki skemmd. • lausnin sé tær, litlaus eða fólbrúngul og innihaldi ekki agnir. 4. Ef eitthvað af ofantöldu er ekki rétt, skal farga áfylltu sprautunni og nota nýja.	
Sprautuhettan fjarlægð	5. Brjótið (ekki snúa) sprautuhettuna af (sjá mynd 2). 6. Fargið sprautuhettunni (sjá mynd 3).	 Mynd 2  Mynd 3
Nálin fest á	7. Festið 30G x ½" sæfða nál þétt á sprautuna með því að skrúfa hana þétt á „Luer lock“ millistykkið (sjá mynd 4). 8. Fjarlægið hettuna varlega af nálinni með því að draga hana beint af (sjá mynd 5). Athugið: Aldrei má strjúka af nálinni.	 Mynd 4  Mynd 5

Losað um loftbólur	9. Haldið sprautunni uppréttri. 10. Ef einhverjar loftbólur eru til staðar á að slá varlega á sprautuna með fingrinum þar til loftbólurnar stíga efst í sprautuna (sjá mynd 6).	 Mynd 6
Skammturinn stilltur	11. Haldið sprautunni í augnhæð og þrýstið varlega á stimpilinn þar til brúnin fyrir neðan bunguna á gúmmíendanum nemur við skammtalínuna (sjá mynd 7). Með þessu losnar burt loft ásamt umframmagni af lausn og skammturinn er stilltur á 0,05 ml. Athugið: Stimpilstöngin er ekki föst við gúmmíendann – þetta er til að koma í veg fyrir að loft sé dregið upp í sprautuna.	 Mynd 7
Inndælingin	Inndælingin skal fara fram við smitgát. 12. Færið nálina 3,5-4,0 mm aftur fyrir brún inn í glerhlaupsholið, framhjá lárétta lengdarbaugnum og í átt að miðju augnknattarins. 13. Dælið rólega þar til gúmmíendinn er kominn í enda sprautunnar, til að gefa 0,05 ml. 14. Við síðari inndælingar skal nota annan stungustað á augnhvítunni en þann sem síðast var notaður. 15. Eftir inndælinguna skal ekki setja hettuna aftur á nálina eða losa hana af sprautunni. Fleygið notuðu sprautunni ásamt nálinni í ílát sem ætlað er fyrir beitta hluti eða í samræmi við gildandi reglur.	

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/06/374/003

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 22. janúar 2007
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 11. nóvember 2016

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG
FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á,
AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI
OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Roche Singapore Technical Operations Pte. Ltd.
10 Tuas Bay Link
Singapore 637394
Singapore

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Stungulyf, lausn

Novartis Farmacéutica, S.A.
Gran Via de les Corts Catalanes, 764
08013 Barcelona
Spánn

Novartis Pharmaceutical Manufacturing LLC
Verovškova ulica 57
1000 Ljubljana
Slóvenía

Lek Pharmaceuticals d.d.
Verovškova ulica 57
Ljubljana, 1526
Slóvenía

Novartis Pharma GmbH
Sophie-Germain-Strasse 10
90443 Nürnberg
Þýskaland

Stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Novartis Manufacturing NV
Rijksweg 14
2870 Puurs-Sint-Amans
Belgía

Novartis Pharma GmbH
Sophie-Germain-Strasse 10
90443 Nürnberg
Þýskaland

Heiti og heimilisfang framleiðanda sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt viðkomandi lotu skal koma fram í prentuðum fylgiseðli.

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• Áætlun um áhættustjórnun

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.
- Viðbótaraðgerðir til að lágmarka áhættu

Áður en til markaðssetningar kemur í hverju landi fyrir sig skulu markaðsleyfishafinn og heilbrigðisyfirvöld í viðkomandi landi koma sér saman um endanlegt fræðsluefni.

Markaðsleyfishafi skal tryggja, í kjölfar viðræðna og samþykkis heilbrigðisyfirvalda í hverju landi þar sem Lucentis er á markaði, að við markaðssetningu og eftir markaðssetningu verði öllum augnlæknastofum, þar sem gert er ráð fyrir að Lucentis verði notað, afhentur uppfærður upplýsingapakki handa sjúklingum.

Upplýsingapakki til sjúklings skal vera fáanlegur bæði sem prentaðir bæklingar og sem hljóðritun á geisladiski, þar sem eftirfarandi grundvallaratriði eiga að koma fram:

- Fylgiseðill.
- Undirbúningur fyrir meðferð með Lucentis.
- Hvað gera þarf í kjölfar meðferðar með Lucentis.
- Helstu einkenni alvarlegra aukaverkana, þar með talið aukinn augnþrýstingur, augnbólga, sjónulos og rof á sjónu og innri augnknattarbólga með sýkingu.
- Hvenær tafarlaust skal leita til læknis eða sjúkrahúss.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM**ASKJA****HETTUGLAS****1. HEITI LYFS**

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn
ranibizumab

2. VIRK(T) EFNI

Hver ml inniheldur ranibizumab 10 mg. Hettuglas sem inniheldur ranibizumab 2,3 mg.

3. HJÁLPAREFNI

Inniheldur einnig: α,α -trehalosadihýdrat; histidinhýdróklóríðmonohýdrat; histidin; polysorbat 20; vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyf, lausn

1x 0,23 ml hettuglas

Stakur skammtur fyrir fullorðna: 0,5 mg/0,05 ml. Fleygja skal umframmagni.

Stakur skammtur fyrir ungbörn sem fæðast fyrir tímann: 0,2 mg/0,02 ml. Fleygja skal umframmagni.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í glerhlaup.

Hettuglas er einungis til notkunar einu sinni.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF**8. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/06/374/002

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

Fallist hefur verið á rök fyrir undanþágu frá kröfu um blindraletur.

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkingunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MERKIMÍÐI

HETTUGLAS

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn
ranibizumab
Til notkunar í glerhlaup

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

2,3 mg/0,23 ml

6. ANNAD

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

ÁFYLLT SPRAUTA

1. HEITI LYFS

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
ranibizumab

2. VIRK(T) EFNI

Hver áfyllt sprauta með 0,165 ml af lausn inniheldur 1,65 mg af ranibizumabi (10 mg/ml).

3. HJÁLPAREFNI

Inniheldur einnig: α,α -trehalosadihýdrat; histidinhýdróklóríðmonohýdrat; histidin; polysorbat 20; vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyf, lausn

1 áfyllt sprauta sem inniheldur 0,165 ml.
Stakur 0,5 mg/0,05 ml skammtur.
Fleygja skal umframmagni fyrir inndælingu.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Einungis til notkunar einu sinni. Eftir að innsiglaði bakkinn hefur verið opnaður skal halda áfram við smitgát.
Stillið skammtinn á 0,05 ml skammtalínuna.
Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til notkunar í glerhlaup.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið áfylltu sprautuna í innsiglaða bakkanum í öskjunni til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/06/374/003

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

Fallist hefur verið á rök fyrir undanþágu frá kröfu um blindraletur.

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

ÞYNNA

ÁFYLLT SPRAUTA

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
ranibizumab
Til notkunar í glerhlaup

2. NAFN MARKAÐSLEYFISHAFA

Novartis Europharm Limited

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. ANNAÐ

0,165 ml

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MERKIMÍÐI

ÁFYLLT SPRAUTA

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn
ranibizumab
Til notkunar í glerhlaup

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

0,165 ml

6. ANNAD

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM**ASKJA****HETTUGLAS + SÍUNÁL****1. HEITI LYFS**

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn
ranibizumab

2. VIRK(T) EFNI

Hver ml inniheldur ranibizumab 10 mg. Hettuglas sem inniheldur ranibizumab 2,3 mg.

3. HJÁLPAREFNI

Inniheldur einnig: α,α -trehalosadihýdrat; histidinhýdróklóríðmonohýdrat; histidin; polysorbat 20; vatn fyrir stungulyf.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyf, lausn

1x 0,23 ml hettuglas, 1 síunál.

Stakur skammtur fyrir fullorðna: 0,5 mg/0,05 ml. Fleygja skal umframmagni.

Stakur skammtur fyrir ungbörn sem fæðast fyrir tímann: 0,2 mg/0,02 ml. Fleygja skal umframmagni.

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar í glerhlaup.

Hettuglas og síunál eru einungis til notkunar einu sinni.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

Síunálin er ekki ætluð til notkunar við inndælingu.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF**8. FYRNINGARDAGSETNING**

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/06/374/004

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

Fallist hefur verið á rök fyrir undanþágu frá kröfu um blindraletur.

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkingunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MERKIMIÐI

HETTUGLAS

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn
ranibizumab
Til notkunar í glerhlaup

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

2,3 mg/0,23 ml

6. ANNAD

B. FYLGISEÐILL

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir fullorðinn sjúkling

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn ranibizumab

FULLORÐNIR

Upplýsingar varðandi ungbörn sem fæðast fyrir tímann er að finna á hinni hlið þessa fylgiseðils.

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að gefa þér lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Lucentis og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að gefa þér Lucentis
3. Hvernig gefa á Lucentis
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Lucentis
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Lucentis og við hverju það er notað

Upplýsingar um Lucentis

Lucentis er lausn sem dælt er inn í augað. Lucentis tilheyrir flokki lyfja sem kallast efni sem draga úr nýmyndun æða. Það inniheldur virka efnið ranibizumab.

Við hverju Lucentis er notað

Lucentis er notað hjá fullorðnum til að meðhöndla nokkra augnsjúkdóma sem valda sjónskerðingu.

Þessir sjúkdómar eru af völdum skemmda í sjónunni (ljósnæma lagið aftast í auganu) sem eru vegna:

- Vaxtar lekra, óeðlilegra æða. Þetta hefur komið fram í sjúkdómum svo sem aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (sem er sjúkdómur af völdum sykursýki). Það getur einnig tengst nýæðamyndun í æðu vegna sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni, æðarákum (angioïd streaks), miðlægum alvarlegum æðu- og sjónukvilla eða nýæðamyndun í æðu vegna bólgu.
- Bjúgs í sjónudepli (þrota í miðhluta sjónu). Þessi þrota getur verið vegna sykursýki (sjúkdóms sem kallast bjúgur í sjónudepli af völdum sykursýki) eða vegna stíflu í æðunum í sjónunni (sjúkdóms sem kallast bláæðalokun í sjónu).

Hvernig Lucentis verkar

Lucentis þekkir og binst sértækt við prótein sem kallast æðabelsvaxtarþáttur A í æðum manna (VEGF-A) sem er til staðar í augunum. Þegar VEGF-A er í of miklu magni veldur hann óeðlilegum æðavexti og þrota í auganu sem getur leitt til sjónskerðingar í sjúkdómum eins og aldurstengdri hrörnun í augnbotnum, bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki, sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun, bláæðalokun í sjónu, sjúkdómsbreytingum í augnbotni vegna nærsýni og nýæðamyndun í æðu. Með því að bindast VEGF-A getur Lucentis komið í veg fyrir verkun þess og komið í veg fyrir þennan óeðlilega vöxt og þrota.

Í þessum sjúkdómum getur Lucentis hjálpað til við að gera sjúkdóminn stöðugri og í mörgum tilvikum bætt sjónina.

2. Áður en byrjað er að gefa þér Lucentis

Ekki má nota Lucentis handa þér

- Ef um er að ræða ofnæmi fyrir ranibizumabi eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- Ef þú ert með sýkingu í eða við auga.
- Ef þú ert með verk eða roða (alvarleg augnbólga) í auga.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en Lucentis er gefið.

- Lucentis er gefið með inndælingu í augað. Einstöku sinnum getur komið fram sýking inni í auganu, verkur eða roði (bólga), los eða rof í einu af lögnum aftast í auganu (sjónulos eða rof á sjónu og sjónulitþekjulos eða rof), eða ský á augasteini (drer) eftir meðferð með Lucentis. Mikilvægt er að greina og meðhöndla slíka sýkingu eða sjónulos eins fljótt og unnt er. Tatarlaust skal segja læknum frá því ef komi fram einkennum eins og verkur í auga eða aukin óþægindi, ef augnroði eykst, sjónin minnkar eða hún verður þökkennd, ef þú sérð auknar flygsur fyrir augnum eða ef ljósnæmi eykst.
- Hjá sumum sjúklingum getur verið að augnþrýstingurinn hækki í stuttan tíma strax eftir inndælinguna. Ekki er víst að þú verðir þess var og því getur verið að lækningin fylgist með þessu eftir hverja inndælingu.
- Segðu læknum frá því ef þú hefur fyrri sögu um augnsjúkdóma eða augnmeðferðir, eða ef þú hefur fengið heilablóðfall eða fundið fyrir skammvinnu einkennum heilablóðfalls (slappleika eða lömun í útlimum eða erfiðleikum með mál eða skilning). Taka þarf tillit til þessara upplýsinga þegar metið er hvort Lucentis er rétta meðferðin fyrir þig.

Nákvæmari upplýsingar um aukaverkanir sem geta komið fyrir meðan á meðferð með Lucentis stendur er að finna í kafla 4 („Hugsanlegar aukaverkanir“).

Börn og unglingar (yngri en 18 ára)

Fyrir utan sjónukvilla fyrirbura þá hefur notkun Lucentis hjá börnum og unglingum ekki verið staðfest og því er ekki mælt með slíkri notkun. Varðandi meðferð hjá ungbörnum sem fæðast fyrir tímann og eru með sjónukvilla fyrirbura, vinsamlegast skoðið hina hlið þessa fylgiseðils.

Notkun annarra lyfja samhliða Lucentis

Látið lækningu vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

- Konur sem gætu orðið þungaðar verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur og í að minnsta kosti þrjá mánuði í viðbót eftir síðustu inndælingu Lucentis.
- Engin reynsla er af notkun Lucentis hjá þunguðum konum. Lucentis á ekki að nota á meðgöngu nema hugsanlegur ávinningur sé meiri en hugsanleg áhætta fyrir fóstrið. Við meðgöngu, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð, skaltu ræða það við lækningu fyrir meðferð með Lucentis.
- Lítið magn af Lucentis getur borist í brjóstamjólki og því er ekki mælt með notkun Lucentis ef barn er haft á brjósti. Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Lucentis er notað.

Akstur og notkun véla

Eftir meðferð með Lucentis getur komið fram tímabundin þokusjón. Ef það gerist má hvorki stunda akstur né notkun véla fyrr en þokusjón er liðin hjá.

3. Hvernig gefa á Lucentis

Lucentis er gefið með einni inndælingu í auga af augnlækni á meðan sjúklingurinn er staðdeyfður. Venjulegur skammtur í hverri inndælingu er 0,05 ml (sem inniheldur 0,5 mg af virku efni). Tími milli inndælinga í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur. Augnlæknir mun ávallt annast inndælingu.

Fyrir inndælinguna mun lækinn þvo augun vandlega til að koma í veg fyrir sýkingu. Lækinn mun einnig nota staðeyfingu til að draga úr eða koma í veg fyrir sársauka sem fylgt getur inndælingunni.

Meðferðin er hafin með einni inndælingu af Lucentis á mánuði. Lækinn mun hafa eftirlit með ástandi augnanna og háð því hvernig þú svarar meðferðinni, mun hann ákveða hvort og hvenær þú þarft að fá frekari meðferð.

Nákvæmar notkunarleiðbeiningar eru aftast í fylgiseðlinum í kaflanum „Hvernig á að útbúa og gefa fullorðnum Lucentis“.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Nota má Lucentis handa þeim sem eru 65 ára og eldri, án þess að breyta þurfi skömmtum.

Áður en meðferð með Lucentis er hætt

Ef þú ert að hugsa um að hætta í meðferð með Lucentis, skaltu hitta lækinn eins og fyrirhugað var og ræða þetta við hann. Lækinn mun veita þér ráðleggingar og ákveða hversu lengi þú færð meðferð með Lucentis.

Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir sem tengjast notkun Lucentis eru annaðhvort vegna lyfsins sjálfs eða aðferðarinnar við inndælinguna og hafa aðallega áhrif á augun.

Alvarlegustu aukaverkunum er lýst hér á eftir:

Algengar, alvarlegar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum): Los eða rof í aftasta lagi augans (sjónulos eða rof á sjónu), sem veldur ljósblossum ásamt augngruggi sem þróast yfir í tímabundið sjóntap, eða ský á augasteini (drer).

Sjaldgæfar, alvarlegar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum): Blinda, sýking í augnknöttinum (innri augnknattarbólga) ásamt bólgu inni í auganu.

Einkennin sem þú gætir fundið fyrir eru verkur í auga eða aukin óþægindi, aukinn roði í augum, sjónin verður þokukennnd eða versnar, þú sérð auknar flygsur fyrir augunum eða verður viðkvæmari fyrir ljósi. **Segðu læknum strax frá því ef þú færð einhverja þessara aukaverkana.**

Algengustu aukaverkunum er lýst hér á eftir:

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Augnbólga, blæðing aftan til í auganu (sjónublæðing), sjóntruflanir, augnverkur, litlar flygsur eða deplar fyrir augum (augngrugg), blóðhlaupin augu, augnerting, tilfinning um korn í auga, aukin táramyndun, bólga eða sýking á augnhvörmum, augnþurrkur, roði eða kláði í auga og hækkaður augnþrýstingur.

Aukaverkanir sem ekki tengjast sjóninni eru: Hálsbólga, nefstífla, nefrennsli, höfuðverkur og liðverkir.

Öðrum aukaverkunum sem geta komið fyrir eftir meðferð með Lucentis er lýst hér á eftir:

Algengar aukaverkanir

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Minnkuð sjónskerpa, þroti í hlutum augans (æðahjúp, hornhimnu), bólga í hornhimnu (framhluta augans), litlir blettir á yfirborði augans, þokusjón, blæðing á stungustað, blæðing í auga, útferð úr auga ásamt kláða, roða og þrota (tárubólga), ljósnæmi, óþægindi í auga, þroti á augnlokum, verkur í augnlokum.

Aukaverkanir sem ekki tengjast sjóninni eru: Þvagfærasýking, fá rauð blóðkorn (með einkennum eins og þreytu, mæði, sundli, fölva), kvíði, hósti, ógleði, ofnæmisviðbrögð svo sem útbrot, ofsakláði, kláði og roði í húð.

Sjaldgæfar aukaverkanir

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Bólga og blæðing í framhluta augans, graftarbelgir á auga, breytingar á miðhluta yfirborðs augans, verkur eða erting á stungustað, óeðlileg tilfinning í auga, erting í augnlokum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Lucentis

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og merkimiðanum á hettuglasinu á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósa.
- Fyrir notkun má geyma órofið hettuglasið við stofuhita (25°C) í allt að 24 klst.
- Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.
- Ekki má nota skemmda pakkningu.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Lucentis inniheldur

- Virka innihaldsefnið er ranibizumab. Hver ml inniheldur ranibizumab 10 mg. Hvert hettuglas inniheldur 2,3 mg af ranibizumabi í 0,23 ml af lausn. Þetta er nægilegt magn til að gefa stakan 0,05 ml skammt sem inniheldur 0,5 mg af ranibizumabi.
- Önnur innihaldsefni eru α, α -trehalosadihýdrat; histidinhýdróklóríðmonohýdrat; histidin; polysorbat 20; vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Lucentis og pakkningastærðir

Lucentis er stungulyf, lausn í hettuglasi (0,23 ml). Lausnin er tær, litlaus til fólbrúngul vatnslausn.

Tvær mismunandi pakkningagerðir eru fáanlegar:

Pakkning sem inniheldur eingöngu hettuglas

Pakkningin inniheldur eitt hettuglas með ranibizumabi með klóróbútýlgúmmitappa. Hettuglasið er einungis til notkunar einu sinni.

Pakkning sem inniheldur hettuglas + síunál

Pakkningin inniheldur eitt hettuglas með ranibizumabi með klóróbútýlgúmmitappa og eina oddlausa síunál (18G x 1½", 1,2 mm x 40 mm, 5 míkrometrar) til að draga upp innihaldið úr hettuglasinu. Allir hlutirnir eru einungis til notkunar einu sinni.

Markaðsleyfishafi

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

Framleiðandi

Novartis Farmacéutica, S.A.
Gran Via de les Corts Catalanes, 764
08013 Barcelona
Spánn

Novartis Pharmaceutical Manufacturing LLC

Verovškova ulica 57
1000 Ljubljana
Slóvenía

Lek Pharmaceuticals d.d.

Verovškova ulica 57
Ljubljana, 1526
Slóvenía

Novartis Pharma GmbH

Sophie-Germain-Strasse 10
90443 Nürnberg
Þýskaland

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið:

België/Belgique/Belgien

Novartis Pharma N.V.
Tél/Tel: +32 2 246 16 11

Lietuva

SIA Novartis Baltics Lietuvos filialas
Tel: +370 5 269 16 50

България

Novartis Bulgaria EOOD
Тел.: +359 2 489 98 28

Luxembourg/Luxemburg

Novartis Pharma N.V.
Tél/Tel: +32 2 246 16 11

Česká republika

Novartis s.r.o.
Tel: +420 225 775 111

Magyarország

Novartis Hungária Kft.
Tel.: +36 1 457 65 00

Danmark

Novartis Healthcare A/S
Tlf: +45 39 16 84 00

Malta

Novartis Pharma Services Inc.
Tel: +356 2122 2872

Deutschland

Novartis Pharma GmbH
Tel: +49 911 273 0

Nederland

Novartis Pharma B.V.
Tel: +31 88 04 52 111

Eesti

SIA Novartis Baltics Eesti filiaal
Tel: +372 66 30 810

Norge

Novartis Norge AS
Tlf: +47 23 05 20 00

Ελλάδα

Novartis (Hellas) A.E.B.E.
Τηλ: +30 210 281 17 12

Österreich

Novartis Pharma GmbH
Tel: +43 1 86 6570

España

Novartis Farmacéutica, S.A.
Tel: +34 93 306 42 00

Polska

Novartis Poland Sp. z o.o.
Tel.: +48 22 375 4888

France

Novartis Pharma S.A.S.
Tél: +33 1 55 47 66 00

Hrvatska

Novartis Hrvatska d.o.o.
Tel. +385 1 6274 220

Ireland

Novartis Ireland Limited
Tel: +353 1 260 12 55

Ísland

Vistor hf.
Sími: +354 535 7000

Italia

Novartis Farma S.p.A.
Tel: +39 02 96 54 1

Κύπρος

Novartis Pharma Services Inc.
Τηλ: +357 22 690 690

Latvija

SIA Novartis Baltics
Tel: +371 67 887 070

Portugal

Novartis Farma - Produtos Farmacêuticos, S.A.
Tel: +351 21 000 8600

România

Novartis Pharma Services Romania SRL
Tel: +40 21 31299 01

Slovenija

Novartis Pharma Services Inc.
Tel: +386 1 300 75 50

Slovenská republika

Novartis Slovakia s.r.o.
Tel: +421 2 5542 5439

Suomi/Finland

Novartis Finland Oy
Puh/Tel: +358 (0)10 6133 200

Sverige

Novartis Sverige AB
Tel: +46 8 732 32 00

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

EFTIRFARANDI UPPLÝSINGAR ERU EINUNGIS ÆTLAÐAR HEILBRIGÐISSTARFSMÖNNUM:

Einnig er vísað í kafla 3 „Hvernig gefa á Lucentis“.

Hvernig á að útbúa og gefa fullorðnum Lucentis

Einnota hettuglös, eingöngu til notkunar í glerhlaup.

Einungis þar til hæfir augnlæknar með reynslu af inndælingu í glerhlaup mega gefa Lucentis.

Ráðlagður skammtur af Lucentis við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum, við nýæðamyndun í æðu, við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun og við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki eða vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu, er 0,5 mg gefinn sem stök inndæling í glerhlaup. Þetta samsvarar 0,05 ml rúmmáli til inndælingar. Tími á milli tveggja skammta í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Meðferð er hafin með einni inndælingu í mánuði þar til hámarkssjónskerpa næst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm, þ.e. engin breyting í sjónskerpu eða öðrum einkennum sjúkdómsins við áframhaldandi meðferð. Hjá sjúklingum með vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum (wet AMD), sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME), sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR) og bláæðalokun í sjónu (RVO) getur í upphafi þurft að gefa þrjár eða fleiri mánaðarlegar inndælingar í röð.

Síðan skal eftirlit og tími á milli meðferða ákveðinn af læknum og skal byggjast á virkni sjúkdómsins metið út frá sjónskerpu og/eða líffærafræðilegum þáttum.

Ef sjónrænir og líffærafræðilegir þættir benda, að mati læknisins, til þess að sjúklingurinn hafi ekki ávinning af áframhaldandi meðferð skal stöðva meðferð með Lucentis.

Eftirlit með virkni sjúkdómsins getur falist í klínískri skoðun, virkniprófunum eða myndgreiningu (t.d. sjónhinnusneiðmynd (optical coherence tomography) eða æðamyndatöku með flúrskímulausn).

Ef sjúklingar fá meðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils, þ.e. að þegar hámarkssjónskerpa hefur náðst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm má lengja tímann á milli meðferða í þrepum þar til sjúkdómseinkenni eða sjónskerðing kemur fram aftur. Í fyrstu skal ekki lengja tíma á milli meðferða um meira en tvær vikur í einu við vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum (wet AMD) en má lengja um einn mánuð í einu við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME). Við meðferð við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun og bláæðalokun í sjónu má einnig lengja tímann milli meðferða smám saman, hins vegar liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn til að ákvarða lengd tímans milli meðferða. Ef virkni sjúkdóms kemur aftur skal stytta tímann milli meðferða til samræmis við það.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu á að ákveða einstaklingsbundið miðað við virkni sjúkdóms. Sumir sjúklingar gætu þurft aðeins eina inndælingu fyrstu 12 mánuðina en aðrir gætu þurft tíðari meðferð, þar með talið mánaðarlega inndælingu. Sem meðferð við nýæðamyndun í æðu vegna nærsýni þurfa margir hverjir aðeins eina eða tvær inndælingar fyrsta árið.

Lucentis og lasermeðferð við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki og við bjúg í sjónudepli af völdum lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch retinal vein occlusion)

Einhver reynsla er af því að gefa Lucentis samhliða lasermeðferð. Þegar Lucentis er gefið sama dag og lasermeðferð á að gefa það að minnsta kosti 30 mínútum eftir lasermeðferðina. Gefa má sjúklingum Lucentis sem hafa áður verið meðhöndlaðir með laser.

Ljósnaemismeðferð með Lucentis og verteporfíni við nýæðamyndun í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni

Engin reynsla er af samhliða meðferð með Lucentis og verteporfíni.

Skoða skal Lucentis fyrir notkun með tilliti til agna og mislitunar.

Inndælingin skal fara fram við smitgát, sem felur í sér sótthreinsun handa eins og fyrir skurðaðgerð, notkun sæfðra hanska, dúks og augnsperru (eða samsvarandi) og augnástunga við sæfðar aðstæður skal vera möguleg (ef þörf krefur). Leggja skal ítarlegt mat á sjúkrasögu sjúklingsins með tilliti til ofnæmis, áður en lyfið er gefið með inndælingu í glerhlaup. Samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað skal gefa fullnægjandi deyfingu og breiðvirkir örverueyðandi augnlyf til að sótthreinsa húðina umhverfis augun, augnlokin og yfirborð augans áður en Lucentis er gefið með inndælingu.

Pakkning sem inniheldur eingöngu hettuglas

Hettuglasið er einungis til notkunar einu sinni. Eftir inndælingu verður að farga öllum ónotuðum lyfjaleifum. Ef vart verður við skemmdir á hettuglasinu eða það ber þess merki að átt hafi verið við það má ekki nota það. Ekki er hægt að tryggja að hettuglasið sé sæft nema innsigli á umbúðunum utan um það sé órofið.

Við undirbúning og inndælingu í glerhlaup þarf að nota eftirtalin einnota lækningatæki:

- 5 μ m síunál (18G)
- 1 ml sæfða sprautu (með 0,05 ml skammtalínu)
- nálf (30G x 1/2")

Þessi lækningatæki fylgja ekki með í Lucentis pakkningunni.


Pakkning sem inniheldur hettuglas + síunál

Allir hlutarnir eru sæfðir og einungis til notkunar einu sinni. Ef vart verður við skemmdir á pakkningum einhvers hlutar eða þær bera þess merki að átt hafi verið við þær skal ekki nota þann hlut. Ekki er hægt að tryggja að hluturinn sé sæfður nema innsigli á umbúðunum utan um hann sé órofið. Endurtekin notkun getur leitt til sýkingar eða annarra sjúkdóma/áverka.

Við undirbúning og inndælingu í glerhlaup þarf að nota eftirtalin einnota lækningatæki:

- 5 μ m síunál (18G x 1 1/2", 1,2 mm x 40 mm, fylgir með)
- 1 ml sæfða sprautu (með 0,05 ml skammtalínu, fylgir ekki með í Lucentis pakkningunni)
- nálf (30G x 1/2", fylgir ekki með í Lucentis pakkningunni)


Fylgið eftirfarandi leiðbeiningum við undirbúning fyrir notkun Lucentis í glerhlaup hjá fullorðnum:



1. Áður en lyfið er dregið upp úr hettuglasinu skal taka lokið af hettuglasinu og hreinsa yfirborð tappans (t.d. með 70% sprittþurrku).


2. Setjið 5 μ m síunál (18G x 1 1/2", 1,2 mm x 40 mm, 5 μ m) á 1 ml sprautu við smitgát. Þrýstið oddlausu síunálinni í miðjan tappa hettuglassins þar til nálin snertir botn hettuglassins.

3. Dragið upp allt innihald hettuglassins. Hafið hettuglasið í uppréttri stöðu og hallið því lítillega til að auðvelda tæmingu hettuglassins til fulls.



4. Þegar verið er að tæma hettuglasið skal gæta þess að draga stimpilinn nægilega til baka til að tryggja að nálin tæmist alveg.


5. Skiljið breiðu síunálina eftir í hettuglasinu en losið sprautuna frá nálinni. Fargið síunálinni eftir að innihald hettuglassins hefur verið dregið upp, ekki má nota hana við inndælinguna í glerhlaupið.



6. Setjið nál (30G x ½", 0,3 mm x 13 mm) þétt á sprautuna, við smitgát.

7. Fjarlægjið hettuna varlega af nálinni án þess að nálin losni frá sprautunni.

Athugið: Haldið um tengihlutann á nálinni á meðan hettan er fjarlægð.



8. Fjarlægjið varlega allt loft úr sprautunni ásamt umframlausn og stillið skammtinn á 0,05 ml strikið á sprautunni. Sprautan er tilbúin til inndælingar.

Athugið: Þurrkið ekki af nálinni. Dragið ekki stimpilinn til baka.

Færa skal nálina 3,5-4,0 mm aftur fyrir brún inn í glerhlaupsholið, framhjá lárétta lengdarbaugnum og í átt að miðju augnknattarins. Síðan skal gefa 0,05 ml með inndælingu. Við síðari inndælingar skal nota annan stungustað á augnhvítunni en þann sem síðast var notaður.

Eftir inndælinguna skal ekki setja hettuna aftur á nálina eða losa hana af sprautunni. Fleygið notuðu sprautunni ásamt nálinni í ílát sem ætlað er fyrir þetta hluti eða í samræmi við gildandi reglur.

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu ranibizumab

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að gefa þér lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækninn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Lucentis og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að gefa þér Lucentis
3. Hvernig gefa á Lucentis
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Lucentis
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Lucentis og við hverju það er notað

Upplýsingar um Lucentis

Lucentis er lausn sem dælt er inn í augað. Lucentis tilheyrir flokki lyfja sem kallast efni sem draga úr nýmyndun æða. Það inniheldur virka efnið ranibizumab.

Við hverju Lucentis er notað

Lucentis er notað hjá fullorðnum til að meðhöndla nokkra augnsjúkdóma sem valda sjónskerðingu.

Þessir sjúkdómar eru af völdum skemmda í sjónunni (ljósnæma lagið aftast í auganu) sem eru vegna:

- Vaxtar lekra, óeðlilegra æða. Þetta hefur komið fram í sjúkdómum svo sem aldurstengdri hrörnun í augnbotnum og sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (sem er sjúkdómur af völdum sykursýki). Það getur einnig tengst nýæðamyndun í æðu vegna sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni, æðarákum (angiod streaks), miðlægum alvarlegum æðu- og sjónukvilla eða nýæðamyndun í æðu vegna bólgu.
- Bjúgs í sjónudepli (þrota í miðhluta sjónu). Þessi þrota getur verið vegna sykursýki (sjúkdóms sem kallast bjúgur í sjónudepli af völdum sykursýki) eða vegna stíflu í æðunum í sjónunni (sjúkdóms sem kallast bláæðalokun í sjónu).

Hvernig Lucentis verkar

Lucentis þekkir og binst sértækt við prótein sem kallast æðabelsvaxtarþáttur A í æðum manna (VEGF-A) sem er til staðar í augunum. Þegar VEGF-A er í of miklu magni veldur hann óeðlilegum æðavexti og þrota í auganu sem getur leitt til sjónskerðingar í sjúkdómum eins og aldurstengdri hrörnun í augnbotnum, bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki, sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun, bláæðalokun í sjónu, sjúkdómsbreytingum í augnbotni vegna nærsýni og nýæðamyndun í æðu. Með því að bindast VEGF-A getur Lucentis komið í veg fyrir verkun þess og komið í veg fyrir þennan óeðlilega vöxt og þrota.

Í þessum sjúkdómum getur Lucentis hjálpað til við að gera sjúkdóminn stöðugri og í mörgum tilvikum bætt sjónina.

2. Áður en byrjað er að gefa þér Lucentis

Ekki má nota Lucentis handa þér

- Ef um er að ræða ofnæmi fyrir ranibizumabi eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- Ef þú ert með sýkingu í eða við auga.
- Ef þú ert með verk eða roða (alvarleg augnbólga) í auga.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en Lucentis er gefið.

- Lucentis er gefið með inndælingu í augað. Einstöku sinnum getur komið fram sýking inni í auganu, verkur eða roði (bólga), los eða rof í einu af lögnum aftast í auganu (sjónulos eða rof á sjónu og sjónulitþekjulos eða rof), eða ský á augasteini (drer) eftir meðferð með Lucentis. Mikilvægt er að greina og meðhöndla slíka sýkingu eða sjónulos eins fljótt og unnt er. Tafarlaust skal segja læknum frá því ef komi fram einkennum eins og verkur í auga eða aukin óþægindi, ef augnroði eykst, sjónin minnkar eða hún verður þökukennd, ef þú sérð auknar flygsur fyrir augnum eða ef ljósnæmi eykst.
- Hjá sumum sjúklingum getur verið að augnþrýstingurinn hækki í stuttan tíma strax eftir inndælinguna. Ekki er víst að þú verðir þess var og því getur verið að lækningin fylgist með þessu eftir hverja inndælingu.
- Segðu læknum frá því ef þú hefur fyrri sögu um augnsjúkdóma eða augnmeðferðir, eða ef þú hefur fengið heilablóðfall eða fundið fyrir skammvinnnum einkennum heilablóðfalls (slappleika eða lömum í útlimum eða erfiðleikum með mál eða skilning). Taka þarf tillit til þessara upplýsinga þegar metið er hvort Lucentis er rétta meðferðin fyrir þig.

Nákvæmari upplýsingar um aukaverkanir sem geta komið fyrir meðan á meðferð með Lucentis stendur er að finna í kafla 4 („Hugsanlegar aukaverkanir“).

Börn og unglingar (yngri en 18 ára)

Notkun Lucentis hjá börnum og unglingum hefur ekki verið staðfest og því er ekki mælt með slíkri notkun.

Notkun annarra lyfja samhliða Lucentis

Látið lækningu vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstagið

- Konur sem gætu orðið þungaðar verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur og í að minnsta kosti þrjá mánuði í viðbót eftir síðustu inndælingu Lucentis.
- Engin reynsla er af notkun Lucentis hjá þunguðum konum. Lucentis á ekki að nota á meðgöngu nema hugsanlegur ávinningur sé meiri en hugsanleg áhætta fyrir fóstrið. Við meðgöngu, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð, skaltu ræða það við lækningu fyrir meðferð með Lucentis.
- Lítið magn af Lucentis getur borist í brjóstamjólki og því er ekki mælt með notkun Lucentis ef barn er haft á brjósti. Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Lucentis er notað.

Akstur og notkun véla

Eftir meðferð með Lucentis getur komið fram tímabundin þokusjón. Ef það gerist má hvorki stunda akstur né notkun véla fyrr en þokusjón er liðin hjá.

3. Hvernig gefa á Lucentis

Lucentis er gefið með einni inndælingu í auga af augnlækni á meðan sjúklingurinn er staðdeyfður. Venjulegur skammtur í hverri inndælingu er 0,05 ml (sem inniheldur 0,5 mg af virku efni). Áfyllta sprautan inniheldur meira en ráðlagðan 0,5 mg skammt. Ekki á að nota allt magnið sem fæst úr áfylltu sprautunni. Umframmagninu á að þrýsta út fyrir inndælingu. Ef öllu innihaldi áfylltu sprautunnar er dælt inn getur það leitt til ofskömmtnar.

Tími milli inndælinga í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur. Augnlæknir mun ávallt annast inndælingu.

Fyrir inndælinguna mun læknirinn þvo augun vandlega til að koma í veg fyrir sýkingu. Læknirinn mun einnig nota staðdeyfingu til að draga úr eða koma í veg fyrir sársauka sem fylgt getur inndælingunni.

Meðferðin er hafin með einni inndælingu af Lucentis á mánuði. Læknirinn mun hafa eftirlit með ástandi augnanna og háð því hvernig þú svarar meðferðinni, mun hann ákveða hvort og hvenær þú þarft að fá frekari meðferð.

Nákvæmar notkunarleiðbeiningar eru aftast í fylgiseðlinum í kaflanum „Hvernig á að útbúa og gefa Lucentis“.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Nota má Lucentis handa þeim sem eru 65 ára og eldri, án þess að breyta þurfi skömmtum.

Áður en meðferð með Lucentis er hætt

Ef þú ert að hugsa um að hætta í meðferð með Lucentis, skaltu hitta lækninn eins og fyrirhugað var og ræða þetta við hann. Læknirinn mun veita þér ráðleggingar og ákveða hversu lengi þú færð meðferð með Lucentis.

Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir sem tengjast notkun Lucentis eru annaðhvort vegna lyfsins sjálfs eða aðferðarinnar við inndælinguna og hafa aðallega áhrif á augun.

Alvarlegustu aukaverkunum er lýst hér á eftir:

Algengar, alvarlegar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum): Los eða rof í aftasta lagi augans (sjónulos eða rof á sjónu), sem veldur ljósblossum ásamt augngruggi sem þróast yfir í tímabundið sjóntap, eða ský á augasteini (drer).

Sjaldgæfar, alvarlegar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum): Blinda, sýking í augnknettinum (innri augnknattarbólga) ásamt bólgu inni í auganu.

Einkennin sem þú gætir fundið fyrir eru verkur í auga eða aukin óþægindi, aukinn roði í augum, sjónin verður þokukennd eða versnar, þú sérð auknar flygsur fyrir augunum eða verður viðkvæmari fyrir ljósi. **Segðu læknum strax frá því ef þú færð einhverja þessara aukaverkana.**

Algengustu aukaverkunum er lýst hér á eftir:

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Augnbólga, blæðing aftan til í auganu (sjónublæðing), sjóntruflanir, augnverkur, litlar flygsur eða deplar fyrir augum (augngrugg), blóðhlaupin augu, augnerting, tilfinning um korn í auga, aukin táramyndun, bólga eða sýking á augnhvörmum, augnþurrkur, roði eða kláði í auga og hækkaður augnþrýstingur.

Aukaverkanir sem ekki tengjast sjóninni eru: Hálsbólga, nefstífla, nefrennsli, höfuðverkur og liðverkir.

Öðrum aukaverkunum sem geta komið fyrir eftir meðferð með Lucentis er lýst hér á eftir:

Algengar aukaverkanir

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Minnkuð sjónskerpa, þroti í hlutum augans (æðahjúp, hornhimnu), bólga í hornhimnu (framhluta augans), litlir blettir á yfirborði augans, þokusjón, blæðing á stungustað, blæðing í auga, útferð úr auga ásamt kláða, roða og þrota (tárubólga), ljósnæmi, óþægindi í auga, þroti á augnlokum, verkur í augnlokum.

Aukaverkanir sem ekki tengjast sjóninni eru: Þvagfærasýking, fá rauð blóðkorn (með einkennum eins og þreytu, mæði, sundli, fölvu), kvíði, hósti, ógleði, ofnæmisviðbrögð svo sem útbrot, ofsakláði, kláði og roði í húð.

Sjaldgæfar aukaverkanir

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Bólga og blæðing í framhluta augans, graftarbelgir á auga, breytingar á miðhluta yfirborðs augans, verkur eða erting á stungustað, óeðlileg tilfinning í auga, erting í augnlokum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Lucentis

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og merkimiðanum á áfylltu sprautunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósa.
- Fyrir notkun má geyma innsiglaða bakkann við stofuhita (25°C) í allt að 24 klst.
- Geymið áfylltu sprautuna í órofnu bakkanum í öskjunni til varnar gegn ljósi.
- Ekki má nota skemmda pakkingu.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Lucentis inniheldur

- Virka innihaldsefnið er ranibizumab. Hver ml inniheldur ranibizumab 10 mg. Ein áfyllt sprauta inniheldur 0,165 ml, sem jafngildir 1,65 mg af ranibizumabi. Þetta er nægilegt magn til að gefa stakan 0,05 ml skammt sem inniheldur 0,5 mg af ranibizumabi.
- Önnur innihaldsefni eru α, α -trehalosadihýdrat; histidinhýdróklóríðmonohýdrat; histidin; poly-sorbat 20; vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Lucentis og pakkingastærðir

Lucentis er stungulyf, lausn í áfylltri sprautu. Áfyllta sprautan inniheldur 0,165 ml af sæfðri, tærri, litlausri til fölbrúngulri vatnslausn. Áfyllta sprautan inniheldur meira en ráðlagðan 0,5 mg skammt. Ekki á að nota allt magnið sem næst úr áfylltu sprautunni. Umframmagninu á að þrýsta út fyrir inndælingu. Ef öllu innihaldi áfylltu sprautunnar er dælt inn getur það leitt til ofskömmunar.

Pakkingastærð með einni áfylltri sprautu í innsigluðum bakka. Áfyllta sprautan er einnota.

Markaðsleyfishafi

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merlion Road
Dublin 4
Írland

Framleiðandi

Novartis Manufacturing NV
Rijksweg 14
2870 Puurs-Sint-Amands
Belgía

Novartis Pharma GmbH
Sophie-Germain-Strasse 10
90443 Nürnberg
Þýskaland

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið:

België/Belgique/Belgien

Novartis Pharma N.V.
Tél/Tel: +32 2 246 16 11

България

Novartis Bulgaria EOOD
Тел.: +359 2 489 98 28

Česká republika

Novartis s.r.o.
Tel: +420 225 775 111

Danmark

Novartis Healthcare A/S
Tlf: +45 39 16 84 00

Deutschland

Novartis Pharma GmbH
Tel: +49 911 273 0

Eesti

SIA Novartis Baltics Eesti filiaal
Tel: +372 66 30 810

Ελλάδα

Novartis (Hellas) A.E.B.E.
Τηλ: +30 210 281 17 12

España

Novartis Farmacéutica, S.A.
Tel: +34 93 306 42 00

France

Novartis Pharma S.A.S.
Tél: +33 1 55 47 66 00

Hrvatska

Novartis Hrvatska d.o.o.
Tel. +385 1 6274 220

Ireland

Novartis Ireland Limited
Tel: +353 1 260 12 55

Ísland

Vistor hf.
Sími: +354 535 7000

Lietuva

SIA Novartis Baltics Lietuvos filialas
Tel: +370 5 269 16 50

Luxembourg/Luxemburg

Novartis Pharma N.V.
Tél/Tel: +32 2 246 16 11

Magyarország

Novartis Hungária Kft.
Tel.: +36 1 457 65 00

Malta

Novartis Pharma Services Inc.
Tel: +356 2122 2872

Nederland

Novartis Pharma B.V.
Tel: +31 88 04 52 111

Norge

Novartis Norge AS
Tlf: +47 23 05 20 00

Österreich

Novartis Pharma GmbH
Tel: +43 1 86 6570

Polska

Novartis Poland Sp. z o.o.
Tel.: +48 22 375 4888

Portugal

Novartis Farma - Produtos Farmacêuticos, S.A.
Tel: +351 21 000 8600

România

Novartis Pharma Services Romania SRL
Tel: +40 21 31299 01

Slovenija

Novartis Pharma Services Inc.
Tel: +386 1 300 75 50

Slovenská republika

Novartis Slovakia s.r.o.
Tel: +421 2 5542 5439

Italia

Novartis Farma S.p.A.
Tel: +39 02 96 54 1

Suomi/Finland

Novartis Finland Oy
Puh/Tel: +358 (0)10 6133 200

Κύπρος

Novartis Pharma Services Inc.
Τηλ: +357 22 690 690

Sverige

Novartis Sverige AB
Tel: +46 8 732 32 00

Latvija

SIA Novartis Baltics
Tel: +371 67 887 070

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum

Einnig er vísað í kafla 3 „Hvernig gefa á Lucentis“.

Hvernig á að útbúa og gefa Lucentis

Einnota áfyllt sprauta, eingöngu til notkunar í glerhlaup.

Einungis þar til hæfir augnlæknar með reynslu af inndælingu í glerhlaup mega gefa Lucentis.

Ráðlagður skammtur af Lucentis við votri aldurstengdri hrörnun í augnbotnum, við nýæðamyndun í æðu, við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun og við sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki eða vegna bjúgs í sjónudepli af völdum bláæðalokunar í sjónu, er 0,5 mg gefinn sem stök inndæling í glerhlaup. Þetta samsvarar 0,05 ml rúmmáli til inndælingar. Tími á milli tveggja skammta í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Meðferð er hafin með einni inndælingu í mánuði þar til hámarkssjónskerpa næst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm, þ.e. engin breyting í sjónskerpu eða öðrum einkennum sjúkdómsins við áframhaldandi meðferð. Hjá sjúklingum með vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum (wet AMD), sjónskerðingu vegna bjúgs í sjónudepli af völdum sykursýki (DME), sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun (PDR) og bláæðalokun í sjónu (RVO) getur í upphafi þurft að gefa þrjár eða fleiri mánaðarlegar inndælingar í röð.

Síðan skal eftirlit og tími á milli meðferða ákveðinn af læknum og skal byggjast á virkni sjúkdómsins metið út frá sjónskerpu og/eða líffærafræðilegum þáttum.

Ef sjónrænir og líffærafræðilegir þættir benda, að mati læknisins, til þess að sjúklingurinn hafi ekki ávinning af áframhaldandi meðferð skal stöðva meðferð með Lucentis.

Eftirlit með virkni sjúkdómsins getur falist í klínískri skoðun, virkniprófunum eða myndgreiningu (t.d. sjónhinnusneiðmynd (optical coherence tomography) eða æðamyndatöku með flúrskímulausn).

Ef sjúklingar fá meðferð eftir meðferðaráætlun um meðferð og lengingu meðferðarbils, þ.e. að þegar hámarkssjónskerpa hefur náðst og/eða engin merki eru um virkan sjúkdóm má lengja tímann á milli meðferða í þrepum þar til sjúkdómseinkenni eða sjónskerðing kemur fram aftur. Í fyrstu skal ekki lengja tíma á milli meðferða um meira en tvær vikur í einu við vota aldurstengda hrörnun í augnbotnum (wet AMD) en má lengja um einn mánuð í einu við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki (DME). Við meðferð við sykursýkissjónukvilla með nýæðamyndun og bláæðalokun í sjónu má einnig lengja tímann milli meðferða smám saman, hins vegar liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn til að ákvarða lengd tímans milli meðferða. Ef virkni sjúkdóms kemur aftur skal stytta tímann milli meðferða til samræmis við það.

Meðferð við sjónskerðingu vegna nýæðamyndunar í æðu á að ákveða einstaklingsbundið miðað við virkni sjúkdóms. Sumir sjúklingar gætu þurft aðeins eina inndælingu fyrstu 12 mánuðina en aðrir gætu þurft tíðari meðferð, þar með talið mánaðarlega inndælingu. Sem meðferð við nýæðamyndun í æðu vegna nærsýni þurfa margir hverjir aðeins eina eða tvær inndælingar fyrsta árið.

Lucentis og lasermeðferð við bjúg í sjónudepli af völdum sykursýki og við bjúg í sjónudepli af völdum lokunar bláæðargreinar í sjónu (branch retinal vein occlusion)

Einhver reynsla er af því að gefa Lucentis samhliða lasermeðferð. Þegar Lucentis er gefið sama dag og lasermeðferð á að gefa það að minnsta kosti 30 mínútur eftir lasermeðferðina. Gefa má sjúklingum Lucentis sem hafa áður verið meðhöndlaðir með laser.

Ljósæmis meðferð með Lucentis og verteporfíni við nýæðamyndun í æðu af völdum sjúkdómsbreytinga í augnbotni vegna nærsýni
Engin reynsla er af samhliða meðferð með Lucentis og verteporfíni.

Skoða skal Lucentis fyrir notkun með tilliti til agna og mislitunar.


Inndælingin skal fara fram við smitgát, sem felur í sér sótthreinsun handa eins og fyrir skurðaðgerð, notkun sæfðra hanska, dúks og augnsperru (eða samsvarandi) og augnástunga við sæfðar aðstæður skal vera möguleg (ef þörf krefur). Leggja skal ítarlegt mat á sjúkrasögu sjúklingsins með tilliti til ofnæmis, áður en lyfið er gefið með inndælingu í glerhlaup. Samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað skal gefa fullnægjandi deyfingu og breiðvirkð örverueyðandi augnlyf til að sótthreinsa húðina umhverfis augun, augnlokin og yfirborð augans áður en Lucentis er gefið með inndælingu.



Áfyllta sprautan er einnota. Áfyllta sprautan er sæfð. Ekki skal nota lyfið ef pakkingin er skemmd. Ekki er hægt að tryggja að áfyllta sprautan sé sæfð nema bakkinn sé innsiglaður. Ekki nota áfylltu sprautuna ef lausnin er mislituð, skýjuð eða inniheldur agnir.


Áfyllta sprautan inniheldur meira en ráðlagðan 0,5 mg skammt. Ekki á að nota allt magnið sem næst úr áfylltu sprautunni (0,1 ml). Umframmagninu á að þrýsta út fyrir inndælingu. Ef öllu innihaldi áfylltu sprautunnar er dælt inn getur það leitt til ofskömmtnar. Til að losna við loftbólurnar ásamt umframmagni af lyfinu á að þrýsta rólega á stimpilinn þar til brúnn fyrir neðan bunguna á gúmmiendanum nemur við svörtu skammtalínuna á sprautunni (jafngildir 0,05 ml, þ.e. 0,5 mg af ranibizumabi).

Nota skal 30G x ½" sæfða nál til inndælingar í glerhlaup.

Fylgið notkunarleiðbeiningunum við undirbúning fyrir notkun Lucentis í glerhlaup:

Inngangur	Lesið allar leiðbeiningarnar vandlega áður en áfyllta sprautan er notuð. Áfyllta sprautan er einnota. Áfyllta sprautan er sæfð. Ekki nota lyfið ef pakkingin er skemmd. Viðhafa skal smitgát þegar innsiglaði bakkinn er opnaður sem og við öll skref þar á eftir. Athugið: Skammturinn verður að vera stilltur á 0,05 ml.
Lýsing á áfylltu sprautunni	Sprautuhetta 0,05 ml skammtalína Grip  „Luer lock“ Gúmmiendi Stimpilstöng Mynd 1
Undirbúningur	- Gangið úr skugga um að pakkingin innihaldi: - sæfða áfyllta sprautu í innsigluðum bakka. - Flettið lokinu af sprautubakkanum og takið sprautuna varlega upp við smitgát.

Athugið sprautuna	3. Gangið úr skugga um að: • sprautuhettan sé ekki aðskilin frá „Luer lock“ millistykkinu. • sprautan sé ekki skemmd. • lausnin sé tær, litlaus eða fólbrúngul og innihaldi ekki agnir. 4. Ef eitthvað af ofantöldu er ekki rétt, skal farga áfylltu sprautunni og nota nýja.	
Sprautuhettan fjarlægð	5. Brjótið (ekki snúa) sprautuhettuna af (sjá mynd 2). 6. Fargið sprautuhettunni (sjá mynd 3).	 Mynd 2  Mynd 3
Nálin fest á	7. Festið 30G x ½" sæfða nál þétt á sprautuna með því að skrúfa hana þétt á „Luer lock“ millistykkið (sjá mynd 4). 8. Fjarlægið hettuna varlega af nálinni með því að draga hana beint af (sjá mynd 5). Athugið: Aldrei má strjúka af nálinni.	 Mynd 4  Mynd 5

Losað um loftbólur	9. Haldið sprautunni uppréttri. 10. Ef einhverjar loftbólur eru til staðar á að slá varlega á sprautuna með fingrinum þar til loftbólurnar stíga efst í sprautuna (sjá mynd 6).	 Mynd 6
Skammturinn stilltur	11. Haldið sprautunni í augnhæð og þrýstið varlega á stimpilinn þar til brúnin fyrir neðan bunguna á gúmmíendanum nemur við skammtalínuna (sjá mynd 7). Með þessu losnar burt loft ásamt umframmagni af lausn og skammturinn er stilltur á 0,05 ml. Athugið: Stimpilstöngin er ekki föst við gúmmíendann – þetta er til að koma í veg fyrir að loft sé dregið upp í sprautuna.	 Mynd 7
Inndælingin	Inndælingin skal fara fram við smitgát. 12. Færið nálina 3,5-4,0 mm aftur fyrir brún inn í glerhlaupsholið, framhjá lárétta lengdarbaugnum og í átt að miðju augnknattarins. 13. Dælið rólega þar til gúmmíendinn er kominn í enda sprautunnar, til að gefa 0,05 ml. 14. Við síðari inndælingar skal nota annan stungustað á augnhvítunni en þann sem síðast var notaður. 15. Eftir inndælinguna skal ekki setja hettuna aftur á nálina eða losa hana af sprautunni. Fleygið notuðu sprautunni ásamt nálinni í ílát sem ætlað er fyrir beitta hluti eða í samræmi við gildandi reglur.	

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir umönnunaraðila ungbarna sem fæðast fyrir tímann

Lucentis 10 mg/ml stungulyf, lausn
ranibizumab

UNGBÖRN SEM FÆÐAST FYRIR TÍMANN

Upplýsingar varðandi fullorðna er að finna á hinni hlið þessa fylgiseðils.

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að gefa ungbarninu lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknis ungbarnsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækni ungbarnsins vita um allar aukaverkanir sem ungbarnið fær. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Lucentis og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að gefa ungbarninu Lucentis
3. Hvernig gefa á Lucentis
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Lucentis
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Lucentis og við hverju það er notað

Upplýsingar um Lucentis

Lucentis er lausn sem dælt er inn í augað. Lucentis tilheyrir flokki lyfja sem kallast efni sem draga úr nýmyndun æða. Það inniheldur virka efnið ranibizumab.

Við hverju Lucentis er notað

Lucentis er notað hjá ungbörnum sem fæðast fyrir tímann til að meðhöndla sjónukvilla fyrirbura, sjúkdóm sem veldur sjónskerðingu vegna skemmda í bakhluta augans (sjónu) vegna óeðlilegs æðavaxtar.

Hvernig Lucentis verkar

Lucentis þekkir og binst sértækt við prótein sem kallast æðabelsvaxtarþáttur A í æðum manna (VEGF-A) sem er til staðar í augunum. Þegar VEGF-A er í of miklu magni veldur hann óeðlilegum æðavexti í auganu. Lucentis getur komið í veg fyrir verkun þess og komið í veg fyrir þennan óeðlilega vöxt.

2. Áður en byrjað er að gefa ungbarninu Lucentis

Ekki má nota Lucentis handa ungbarninu

- Ef ungbarnið er með ofnæmi fyrir ranibizumabi eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- Ef ungbarnið er með sýkingu í eða við auga.
- Ef ungbarnið er með verk eða roða (alvarleg augnbólga) í auga.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni ungbarnsins áður en ungbarninu er gefið Lucentis.

- Lucentis er gefið með inndælingu í augað. Einstöku sinnum getur komið fram sýking inni í auganu, verkur eða roði (bólga), los eða rof í einu af lögnum aftast í auganu (sjónulos eða rof á sjónu og sjónulitþekjulos eða rof), eða ský á augasteini (drer) eftir meðferð með Lucentis. Mikilvægt er að greina og meðhöndla slíka sýkingu eða sjónulos eins fljótt og unnt er.

Tafarlaust skal segja læknum frá því ef ungbarnið fær einkenni eins og verk í auga eða versnandi augnroða.

- Hjá sumum sjúklingum getur verið að augnþrýstingurinn hækki í stuttan tíma strax eftir inndælinguna. Það getur verið að lækni ungbarnsins fylgist með þessu eftir hverja inndælingu.

Nákvæmari upplýsingar um aukaverkanir sem geta komið fyrir meðan á meðferð með Lucentis stendur er að finna í kafla 4 („Hugsanlegar aukaverkanir“).

Notkun annarra lyfja samhliða Lucentis

Látið lækni ungbarnsins vita um öll önnur lyf sem ungbarnið notar, hefur nýlega notað eða kynni að nota.

3. Hvernig gefa á Lucentis

Lucentis er gefið með einni inndælingu í augu ungbarnsins af augnlækni, yfirleitt er gefin staðdeyfing á undan. Venjulegur skammtur í hverri inndælingu er 0,02 ml (sem inniheldur 0,2 mg af virku efni). Tími milli inndælinga í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur. Augnlæknirinn mun ávallt annast inndælingu.

Fyrir inndælinguna mun lækni ungbarnsins þvo augu þess vandlega til að koma í veg fyrir sýkingu. Læknirinn mun einnig gefa ungbarninu staðdeyfingu til að draga úr eða koma í veg fyrir sársauka.

Meðferðin er hafin með einni inndælingu af Lucentis í hvort auga (verið getur að sum ungbörn þurfi einungis meðferð í annað augað). Læknirinn mun hafa eftirlit með ástandi auga/augna ungbarnsins og háð því hvernig ungbarnið svarar meðferðinni, mun hann ákveða hvort og hvenær frekari meðferðar sé þörf.

Nákvæmar notkunarleiðbeiningar eru aftast í fylgiseðlinum í kaflanum „Hvernig á að útbúa og gefa fyrirburum Lucentis“.

Áður en meðferð með Lucentis er hætt

Ef þú ert að hugsa um að láta ungbarnið hætta í meðferð með Lucentis, skaltu hitta lækni ungbarnsins eins og fyrirhugað var og ræða þetta við hann. Læknir ungbarnsins mun veita þér ráðleggingar og ákveða hversu lengi ungbarnið fær meðferð með Lucentis.

Leitið til læknis ungbarnsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir sem tengjast notkun Lucentis eru annaðhvort vegna lyfsins sjálfs eða aðferðarinnar við inndælinguna og hafa aðallega áhrif á augun.

Algengustu aukaverkunum hjá ungbörnum sem fædd eru fyrir tímann er lýst hér á eftir:

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Blæðing aftan til í auganu (sjónublæðing), blæðing í auga eða á stungustað og blóðhlaupin augu (tárublæðing).

Aukaverkanir sem ekki tengjast sjóninni eru: Hálsbólga, nefstífla og nefrennsli, fá rauð blóðkorn (með einkennum eins og þreytu, mæði, fölri húð), hósti, þvagfærasýking, ofnæmisviðbrögð svo sem útbrot og roði í húð.

Aðrar aukaverkanir sem komið hafa fram þegar Lucentis hefur verið notað hjá fullorðnum eru taldar upp hér á eftir. Þessar aukaverkanir geta einnig komið fram hjá ungbörnum sem eru fædd fyrir tímann.

Alvarlegustu aukaverkunum hjá fullorðnum er lýst hér á eftir:

Algengar, alvarlegar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum): Los eða rof í aftasta lagi augans (sjónulos eða rof á sjónu), sem þróast yfir í tímabundið sjóntap, eða ský á augasteini (drer).

Sjaldgæfar, alvarlegar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

Blinda, sýking í augnknettinum (innri augnknattarbólga) ásamt bólgu inni í auganu.

Mikilvægt er að greina og meðhöndla alvarlegar aukaverkanir eins og sýkingu í augnknetti eða sjónulos eins fljótt og unnt er. **Tafarlaust skal segja læknum frá því ef ungbarnið fær einkenni eins og verk í auga eða versnandi augnroða.**

Öðrum aukaverkunum hjá fullorðnum er lýst hér á eftir:

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Augnbólga, sjóntruflanir, augnverkur, litlar flygsur eða deplar fyrir augum (augngrugg), augnerting, tilfinning um aðskotahlut í auga, aukin tármyndun, bólga eða sýking á augnhvörmum, augnþurrkur, roði eða kláði í auga og hækkaður augnþrýstingur.

Aukaverkanir sem ekki tengjast sjóninni eru: Höfuðverkur og liðverkir.

Algengar aukaverkanir

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Minnkuð sjónskerpa, þroti í hlutum augans (æðahjúp, hornhimnu), bólga í hornhimnu (framhluta augans), litlir blettir á yfirborði augans, þokusjón, útferð úr auga ásamt kláða, roða og þrota (tárubólga), ljósnæmi, óþægindi í auga, þroti á augnlokum, verkur í augnlokum.

Aukaverkanir sem ekki tengjast sjóninni eru: Kvíði, ógleði.

Sjaldgæfar aukaverkanir

Aukaverkanir sem tengjast sjón eru: Bólga og blæðing í framhluta augans, graftarbelgir á auga, breytingar á miðhluta yfirborðs augans, verkur eða erting á stungustað, óeðlileg tilfinning í auga, erting í augnlokum.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um aukaverkanir skaltu ráðfæra þig við lækni ungbarnsins.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækni ungbarnsins vita um allar aukaverkanir hjá ungbarninu. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Lucentis

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og merkimiðanum á hettuglasinu á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósa.
- Fyrir notkun má geyma órofið hettuglasið við stofuhita (25°C) í allt að 24 klst.
- Geymið hettuglasið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.
- Ekki má nota skemmda pakkningu.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Lucentis inniheldur

- Virka innihaldsefnið er ranibizumab. Hver ml inniheldur ranibizumab 10 mg. Hvert hettuglas inniheldur 2,3 mg af ranibizumabi í 0,23 ml af lausn. Þetta er nægilegt magn til að gefa stakan 0,02 ml skammt sem inniheldur 0,2 mg af ranibizumabi.
- Önnur innihaldsefni eru α, α -trehalosadihýdrat; histidinhýdróklóríðmonohýdrat; histidin; poly-sorbat 20; vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Lucentis og pakkingastærðir

Lucentis er stungulyf, lausn í hettuglasi (0,23 ml). Lausnin er tær, litlaus til fólbrúngul vatnslausn.

Tvær mismunandi pakkingagerðir eru fáanlegar:

Pakking sem inniheldur eingöngu hettuglas

Pakkingin inniheldur eitt hettuglas með ranibizumabi með klóróbútýlgúmmitappa. Hettuglasið er einungis til notkunar einu sinni.

Pakking sem inniheldur hettuglas + síunál

Pakkingin inniheldur eitt hettuglas með ranibizumabi með klóróbútýlgúmmitappa og eina oddlausa síunál (18G x 1½", 1,2 mm x 40 mm, 5 míkrometrar) til að draga upp innihaldið úr hettuglasinu. Allir hlutirnir eru einungis til notkunar einu sinni.

Markaðsleyfishafi

Novartis Europharm Limited
Vista Building
Elm Park, Merrion Road
Dublin 4
Írland

Framleiðandi

Novartis Farmacéutica, S.A.
Gran Via de les Corts Catalanes, 764
08013 Barcelona
Spánn

Novartis Pharmaceutical Manufacturing LLC
Verovškova ulica 57
1000 Ljubljana
Slóvenía

Lek Pharmaceuticals d.d.
Verovškova ulica 57
Ljubljana, 1526
Slóvenía

Novartis Pharma GmbH
Sophie-Germain-Strasse 10
90443 Nürnberg
Þýskaland

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið:

België/Belgique/Belgien

Novartis Pharma N.V.

Tél/Tel: +32 2 246 16 11

България

Novartis Bulgaria EOOD

Тел.: +359 2 489 98 28

Česká republika

Novartis s.r.o.

Tel: +420 225 775 111

Danmark

Novartis Healthcare A/S

Tlf: +45 39 16 84 00

Deutschland

Novartis Pharma GmbH

Tel: +49 911 273 0

Eesti

SIA Novartis Baltics Eesti filiaal

Tel: +372 66 30 810

Ελλάδα

Novartis (Hellas) A.E.B.E.

Τηλ: +30 210 281 17 12

España

Novartis Farmacéutica, S.A.

Tel: +34 93 306 42 00

France

Novartis Pharma S.A.S.

Tél: +33 1 55 47 66 00

Hrvatska

Novartis Hrvatska d.o.o.

Tel. +385 1 6274 220

Ireland

Novartis Ireland Limited

Tel: +353 1 260 12 55

Ísland

Vistor hf.

Sími: +354 535 7000

Italia

Novartis Farma S.p.A.

Tel: +39 02 96 54 1

Lietuva

SIA Novartis Baltics Lietuvos filialas

Tel: +370 5 269 16 50

Luxembourg/Luxemburg

Novartis Pharma N.V.

Tél/Tel: +32 2 246 16 11

Magyarország

Novartis Hungária Kft.

Tel.: +36 1 457 65 00

Malta

Novartis Pharma Services Inc.

Tel: +356 2122 2872

Nederland

Novartis Pharma B.V.

Tel: +31 88 04 52 111

Norge

Novartis Norge AS

Tlf: +47 23 05 20 00

Österreich

Novartis Pharma GmbH

Tel: +43 1 86 6570

Polska

Novartis Poland Sp. z o.o.

Tel.: +48 22 375 4888

Portugal

Novartis Farma - Produtos Farmacêuticos, S.A.

Tel: +351 21 000 8600

România

Novartis Pharma Services Romania SRL

Tel: +40 21 31299 01

Slovenija

Novartis Pharma Services Inc.

Tel: +386 1 300 75 50

Slovenská republika

Novartis Slovakia s.r.o.

Tel: +421 2 5542 5439

Suomi/Finland

Novartis Finland Oy

Puh/Tel: +358 (0)10 6133 200

Κύπρος

Novartis Pharma Services Inc.
Τηλ: +357 22 690 690

Sverige

Novartis Sverige AB
Tel: +46 8 732 32 00

Latvija

SIA Novartis Baltics
Tel: +371 67 887 070

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

EFTIRFARANDI UPPLÝSINGAR ERU EINUNGIS ÆTLAÐAR HEILBRIGÐISSTARFSMÖNNUM:

Einnig er vísað í kafla 3 „Hvernig gefa á Lucentis“.

Hvernig á að útbúa og gefa fyrirburum Lucentis

Einnota hettuglös, eingöngu til notkunar í glerhlaup.

Einungis þar til hæfir augnlæknar með reynslu af inndælingu í glerhlaup hjá fyrirburum mega gefa Lucentis.

Við meðferð hjá fyrirburum skal nota nákvæmnisprautuna fyrir lítið rúmmál sem kemur ásamt nál (30G x ½") í VISISURE settinu.

Ráðlagður skammtur af Lucentis hjá fyrirburum er 0,2 mg gefinn sem stök inndæling í glerhlaup. Þetta samsvarar 0,02 ml rúmmáli til inndælingar. Meðferð við sjónukvilla fyrirbura hjá fyrirburum er hafin með einni inndælingu í hvort auga og það má gefa inndælingu í bæði augun sama dag. Í heildina má gefa allt að 3 inndælingar í hvort auga innan sex mánaða frá því að meðferðin er hafin ef það eru teikn um virkni sjúkdómsins. Flestir sjúklingar (78%) í 24 vikna klínísku rannsókninni RAINBOW fengu eina inndælingu í hvort auga. Sjúklingar sem fengu meðferð með 0,2 mg í klínísku rannsókninni þurftu ekki frekari meðferð í langtímaframhaldsrannsókn sem var gerð í kjölfarið þar sem sjúklingunum var fylgt eftir til fimm ára aldurs. Gjöf á meira en 3 inndælingum í hvort auga hefur ekki verið rannsökuð. Tími á milli tveggja skammta í sama auga skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Skoða skal Lucentis fyrir notkun með tilliti til agna og mislitunar.

Inndælingin skal fara fram við smitgát, sem felur í sér sótthreinsun handa eins og fyrir skurðaðgerð, notkun sæfðra hanska, dúks og augnsperru (eða samsvarandi) og augnástunga við sæfðar aðstæður skal vera möguleg (ef þörf krefur). Leggja skal ítarlegt mat á sjúkrasögu sjúklingsins með tilliti til ofnæmis, áður en lyfið er gefið með inndælingu í glerhlaup. Samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað skal gefa fullnægjandi deyfingu og breiðvirkir örverueyðandi augnlyf til að sótthreinsa húðina umhverfis augun, augnlokin og yfirborð augans áður en Lucentis er gefið með inndælingu.

Pakkning sem inniheldur eingöngu hettuglas

Hettuglasið er einungis til notkunar einu sinni. Eftir inndælingu verður að farga öllum ónotuðum lyfjaleifum. Ef vart verður við skemmdir á hettuglasinu eða það ber þess merki að átt hafi verið við það má ekki nota það. Ekki er hægt að tryggja að hettuglasið sé sæft nema innsigli á umbúðunum utan um það sé órofið.

Við undirbúning og inndælingu í glerhlaup þarf að nota eftirtalin einnota lækningatæki:

- 5 µm síunál (18G), fylgir ekki með í Lucentis pakkningunni.
- sæfða nákvæmnisprautu fyrir lítið rúmmál (kemur sér í VISISURE settinu)
- nál (30G x ½") (kemur sér í VISISURE settinu)

Pakkning sem inniheldur hettuglas + síunál

Allir hlutarnir eru sæfðir og einungis til notkunar einu sinni. Ef vart verður við skemmdir á pakkningum einhvers hlutar eða þær bera þess merki að átt hafi verið við þær skal ekki nota þann hlut. Ekki er hægt að tryggja að hluturinn sé sæfður nema innsigli á umbúðunum utan um hann sé órofið. Endurtekin notkun getur leitt til sýkingar eða annarra sjúkdóma/áverka.

Við undirbúning og inndælingu í glerhlaup þarf að nota eftirtalin einnota lækningatæki:

- 5 µm síunál (18G x 1½", 1,2 mm x 40 mm, fylgir með)
- sæfða nákvæmnisprautu fyrir lítið rúmmál (kemur sér í VISISURE settinu)
- nál (30G x ½") (kemur sér í VISISURE settinu)

Fylgið notkunarleiðbeiningunum í VISISURE settinu, við undirbúning fyrir notkun Lucentis í glerhlaup hjá fyrirburum.

Færa skal nálina inn í augað, 1,0 til 2,0 mm aftur fyrir brún og láta nálina vísa í átt að sjóntauginni. Síðan skal gefa 0,02 ml með inndælingu.